

skoðun 12

## 2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Geðhjálp




## Forvörn gegn einelti
*Ásthildur Bj. Snorradóttir hefur gefið út forvarnabók fyrir börn í Bandaríkjunum.*
allt 2




# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
4. október 2011
231. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




**Ólöf Rún Skúladóttir 50 ára**
*Heldur upp á daginn í París.*
tímamót 18

**Í klóm svindlara**
*Ásmundur Jónsson fórnarlamb óprúttinna svikahrappa á netinu.*
fólk 34




**Hetjur Framara**
*Ræt við Bretana sem björguðu Fram frá falli á ævintýralegan hátt.*
sport 30

**veðrið í dag**




**ÚRKOMA N-TIL** Í dag verða víða norðan 8-13 m/s, hvassast við N- og SA-ströndina. Rigning eða slydda N-til en þurrt syðra. Hiti 1-9 stig.
VEÐUR 4

# Forseti virði stjórnarstefnu

**Forsætisráðherra segir forseta Íslands verða að virða stefnu og stjórnarframkvæmd réttkjörinna stjórnvalda. Ráðherra hefur átt fund með forsetanum vegna ummæla hans um stefnu ríkisstjórnarinnar.**

**ALÞINGI** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði í stefnuræðu sinni í gær að forseti lýðveldisins yrði að virða stefnu réttkjörinna stjórnvalda. Forsetinn þyrfti að vera hafinn yfir dægurþras stjórnmálanna, enda væri hann sameiningartákn þjóðarinnar.

Ólafur Ragnar Grímsson hefur gagnrýnt ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir undanlátssemi í Icesave-málinu. Forsætisráðherra tilkynnti í síðasta mánuði að hún hygðist ræða þau ummæli við forsetann. Sá fundur hefur farið fram, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Ríkisráð fundaði í gær en gagnrýni forsetans á ríkisstjórnina bar ekki þar á góma.

Jóhanna sagði í stefnuræðu sinni að stjórnarskráin legði forsetanum ákveðnar stjórnarathafnir í hendur, í orði kveðnu, en ráðherrar bæru jafnframt ábyrgð á þeim. Óumdeilanlegt væri að forsetinn hefði frelsi til að tjá sig opinberlega. Hann yrði þó að virða í orði og verki stefnu réttkjörinna stjórnvalda.

„Það verður ekki ráðið af stjórnskipun landsins að gert sé ráð fyrir því að forseti lýðveldisins tali fyrir öðrum áherslum í pólitískum álitamálum en þeim sem stjórnvöld hafa mótað,“ sagði Jóhanna.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði í ræðu sinni að forseti lýðveldisins gæti gert betur í sínum athöfnum. Það sagði hann reyndar líka um þingheim allan og fleiri aðila í samfélaginu, þar með talda fjölmiðla.

Svandís Svavarsdóttir, umhverfis-, mennta- og menningarmálaráðherra, gagnrýndi forsetann einnig í gær. Hún sagði honum ætlað að flytja boðskap sameiningar og samstöðu en það hefði brugðist við þingsetningu á laugardag.

„Forsetinn tók til máls sem stjórnmálamaður en ekki forseti, þingheimur átti þess ekki kost að svara honum á þessum vettvangi, heldur sátum við sem þægur skólabekkur undir ræðunni.“

- kóp / sjá síðu 4

### Sagði ríkisstjórnina hafa beygt sig

Ólafur Ragnar Grímsson var harðorður í garð ríkisstjórnarinnar vegna Icesave í septemberbyrjun. Í viðtali við Ríkisútvarpið sagði hann að betra hefði verið að bíða eftir því hvað kæmi út úr þrotabúi Landsbankans en að beygja sig fyrir fáránlegum kröfum Breta og Hollendinga um ábyrgð Íslendinga fyrir skuldinni.

„Það var ekki gert heldur var bara látið undan þessum þrýstingi. Menn beygðu sig fyrir þessu ofbeldi af hálfu Evrópuþjóðanna og samþykktu fyrst samning sem var svo óheyrilegur að ekki aðeins hrópaði íslenska þjóðin hann af heldur hlupu Bretar og Hollendingar frá honum strax nokkrum mánuðum eftir að ákveðið var að setja þessa þjóðaratkvæðagreiðslu.“




**RAUÐUR LOGINN BRANN** Hundruð manna komu saman á Austurvelli í gær til mótmæla á meðan forsætisráðherra flutti stefnuræðu sína. Mótmælin fóru friðsamlega fram að sögn lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Leitin að landsliðsþjálfara:
## KSÍ ræðir við Lagerbäck

**FÓTBOLTI Forráðamenn KSÍ hafa verið þöglir sem gröfin varðandi málefni nýs landsliðsþjálfara en í gær staðfesti Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, að sambandið væri í viðræðum við hinn 63 ára gamla Svía Lars Lagerbäck.**



LARS LAGERBÄCK

**Svíinn reyndi gerði frábæra hluti með landslið heimalandsins á sínum tíma og kom því á fimm stórmót í röð. Margir vilja sjá hann sem arftaka Ólafs Jóhannessonar en Ólafur stýrir landsliðinu í síðasta skipti í Portúgal á föstudag.**

**Lagerbäck vildi í samtali við Fréttablaðið í gær ekki tjá sig um viðræðurnar við KSÍ fyrr en að þeim loknum. Hann segist vilja halda trúnað. Lagerbäck hafði áður lýst yfir áhuga á starfinu í samtali við Fréttablaðið.**

- hbg / sjá síðu 30

Rannsóknir á þynningu ósonlagsins leiða í ljós sláandi þróun síðustu mánuði:
## Nýtt ósongat yfir norðurskauti

**VÍSINDI** Eyðing ósonlagsins yfir norðurheimskautinu í ár var svo mikil að nú er í fyrsta sinn hægt að tala um að gat hafi myndast þar. Eins og alkunna er hefur verið gat á ósonlaginu yfir suðurheimskautinu síðustu ár en fyrir sérstakar veðuraðstæður hefur það nú þynnst um allt að 80 prósentum yfir norðurheimskautinu. Þetta kemur fram í frétt breska ríkisútvarpsins BBC.

Þessa þróun má rekja til óvenjulangra kuldaskeiða í háloftunum, sem stóðu frá desember fram í apríl, en við slíkar aðstæður eru ósoneyðandi efni virkari en ella.

Í fræðigrein sem birtist í tímaritinu Nature segir að ástæðurnar bak við þessi veðrabrigði séu þó ekki ljósar og það sé rannsóknarefni út af fyrir sig.

Ósonlagið ver jörðina fyrir útfjólubláum geislum sólarinnar sem geta valdið húðkrabbameini og öðrum kvillum. Notkun slíkra efna var takmörkuð og loks bönnuð undir lok síðustu aldar en þau munu enn hafa áhrif um ókomin ár.

Talið er að ósonlagið verði ekki búið að ná sér að fullu, upp að sama marki og var fyrir iðnvæðingu, fyrr en um miðja þessa öld.

- þj


SANYL ÞAKRENNUR



- RYÐGA EKKI
- PASSA Í GÖMLU RENNUJÁRNIN
- STANDAST ÍSLENSKT VEÐURFAR
- AUÐVELDAR Í UPPSETNINGU
- ÓDÝR OG GÓÐUR KOSTUR

ÁLFABORG
Skútuvogi 6 • Sími 568 6755

Ottobre festa
UNO
Hafnarstræti 1-3
101 Reykjavík
Sími 561 1313
uno.is

3ja rétta matseðill
3.490 kr.
Gildir sunnudaga til miðvikudaga



uno
cucina italiana

Gráða & feta
ostateningar í olíu




ms.is
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

## SPURNING DAGSINS



*Þráinn, heldur þú að Hafnfirðingar gleypi við Fúsa?*

„Já, ég er sannfærður um að Hafnfirðingar gleypa við Fúsa og Fúsi við þeim.“

Þráinn Óskarsson er formaður Leikfélags Hafnarfjarðar, sem fagnar 75 ára afmælisári með nýrri uppsetningu á barnaleikritinu Fúsa froskagleypi.

Minni tafir yrðu af áframhaldandi siglingum ferjunnar Baldurs í Landeyjahöfn:

# Auðveldara að sigla Baldri til Eyja

**SAMGÖNGUMÁL** Ferjan Baldur myndi henta vel til áframhaldandi siglinga í Landeyjahöfn. Ferjan hefur undanfarinn mánuð siglt til Vestmannaeyja.

„Skipið hefur reynst mjög vel og uppfyllt allar þær væntingar og viðmiðunarmörk sem Siglingastofnun setti á sínum tíma um ölduhæð,“ segir Gísli Viggósson, forstöðumaður rannsókna- og þróunarsviðs Siglingastofnunar. Baldur hefur siglt í 3,6 metra ölduhæð en Herjólfur siglir í allt að 2,5 metra ölduhæð. „Þar að auki ristir Baldur ekki nema 2,7 metra en Herjólfur 4,3,“ segir Gísli. Því þurfi mun minna viðhald við Landeyjahöfn þegar grunnristara skip sigli þangað.



**BALDUR** Skipið hefur verið notað í stað Herjólfs undanfarið. Skip eins og Baldur myndi henta vel til siglinga í Landeyjahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sökum þess að Herjólfur getur ekki siglt í meira en 2,5 metra ölduhæð má gera ráð fyrir að frátafir yfir vetrartímann séu tuttugu til fjörutíu prósent, aðeins vegna of mikillar ölduhæðar. Þá yrðu væntanlega einhverjar tafir vegna dýpkunar. Miklu minni tafir yrðu af notkun Baldurs.

Herjólfur er nýkominn úr slipp og þarf á næstunni að sigla milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, þar sem ekki er nægilegt dýpi fyrir skipið í Landeyjahöfn. **- þeb**

Nauðgaði 12 ára stúlku:

## Raðnauðgara leitað í Svíþjóð

**SVÍÞJÓÐ Lögregla í Svíþjóð leitar að manni sem réðist á og nauðgaði tólf ára gamalli stúlku í Malmö á sunnudag. Talið er að sami maður hafi framið margar aðrar álíka árásir.**

**Stúlkan var á gangi þegar maðurinn greip hana og er talinn hafa haldið klóróformi eða eter að vitum hennar svo hún missti meðvitund áður en henni var nauðgað.**

**Lögreglunni hafa borist vísbendingar en enginn hefur enn verið handtekinn.** **- þeb**

Panetta í Ísrael:

## Varar Ísraela við einangrun

**ÍSRAEL, AP Leon Panetta, sem tók við embætti varnarmálaráðherra Bandaríkjanna í sumar af Robert Gates, segir að Ísrael sé að einangrast æ meir. Nauðsynlegt sé fyrir Ísrael að eiga betri samvinnu við nágrannaríkin.**

**Ehud Barak, varnarmálaráðherra Ísraels, tók að nokkru undir þetta í gær og sagði það á ábyrgð Ísraela að draga úr spennunni í Mið-Austurlöndum og finna leiðir til að hefja friðarviðræður við Palestínumenn á ný.** **- gb**



**NÝJA STJÓRNIN** Ráðherrar Róttæka flokksins komu hjólandi til Amalíuborgar í gær þar sem stjórnin gekk á fund Margrétar drottningar. NORDICPHOTOS/AFP

Stefnumál stjórnar kynnt:

## Tíu milljarðar í efnahagslífið

**DANMÖRK** Ný ríkisstjórn Helle Thorning-Schmidt lofar því að lækka tekjuskatt, draga úr útblæstri koltvísýrings um 40 prósent næsta áratuginn, veita tíu milljörðum danskra króna til að styrkja atvinnulífið með opinberum fjárfestingum og innheimta gjald af ökumönnum sem ætla að aka inn í miðborg Kaupmannahafnar.

Þá ætlar stjórnin að setja lög um hjónaband samkynhneigðra, en árið 1989 varð Danmörk fyrst landa til þess að heimila samkynhneigðum pörum að skrá sig í staðfesta samvist. **- gb**

# Frystikistan þeyttist til í harðri ákeyrslu

**Betur fór en á horfðist þegar bíl var ekið á íbúðarhús í Vesturbænum um helgina. Bílstjóri var undir áhrifum áfengis og fíkniefna en slapp án meiðsla. Gat kom á útvegg og húseigandi segist heppinn að hafa ekki verið á staðnum.**

**SLYS** „Það var heppilegt að ég var ekki þarna að sækja mér neitt í frystikistuna. Ef ég hefði verið staddur þarna inni hefði ég væntanlega misst undan mér lappirnar því að frystikistan kastaðist út í vegg.“

Þetta segir Þorvaldur Þorvaldsson, byggingarverktaki og húseigandi. Um hádegi á laugardag ók ungur maður, undir áhrifum áfengis og fíkniefna, eftir Seljavegi og rakleitt á fjölbýlishús við Holtsgötu í Vesturbæ Reykjavíkur. Krafturinn var slíkur að útveggur á geymslu í eigu Þorvalds brotnaði í gegn og frystikista sem var uppi við vegginn þeyttist þvert yfir herbergið. Aðliggjandi hús léku á reiðiskjálfi að sögn nágranna.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu meiddist enginn í slysinu. Tveir menn voru í bifreiðinni og voru þeir báðir undir áhrifum áfengis og fíkniefna. Þeir voru færðir á lögreglustöð frá slysstað.

Þorvaldur segist einnig hafa lítinn efnislager í geymslunni, sem er um fjórir fermetrar að stærð, og eiga þess vegna alloft leið þar um. Því sé heppni að hann hafi ekki verið staddur þar í þetta skiptið.

Skemmdirnar á húsinu eru miklar og vonast Þorvaldur til þess að geta hafið lagfæringar sem allra fyrst.

„Ég býst við því að þetta verði dýr viðgerð og ég er búinn að vera að ýta á eftir tryggingunum að koma nú og meta tjónið til að ég geti farið að gera eitthvað í þessu. Það gengur ekki til lengdar að hafa þetta svona opið.“

Vel virðist þó hafa sloppið með skemmdir á innanstokksmunum, þar sem frystikistan gengur til dæmis enn, að sögn Þorvalds.

„Ég hef ekki tekið hana úr sambandi og leyft henni að standa þar sem hún er, en hún gengur í bili. Sem betur fer helltust ekki niður hirslurnar með skrúfum og nöglum af öllum stærðum og gerðum. Það hefði orðið frekar ókræsilegt að lesa það allt í sundur úr einni bendu,“ segir Þorvaldur að lokum en segir mestu skipta að enginn hafi meiðst í óhappinu.

thorgils@frettabladid.is



**VEGGURINN BROTINN** Ráða má af ummerkjum að bíllinn hefur verið á talsverðum hraða, þar sem hann hefur farið í gegnum útvegginn og kastaði frystikistu veggja á milli. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nóbelsverðlaun í læknisfræði:

## Einn verðlaunahafanna látinn

**SVÍÞJÓÐ, AP** Kanadamaðurinn Ralph M. Steinmann, einn þriggja vísindamanna sem fá Nóbelsverðlaun þetta árið í lífeðlis- og læknisfræði, lést síðastliðinn föstudag.



**RALPH M. STEINMANN**

Sænska Nóbelsverðlaunanefndin vissi ekki af andláti hans, en venjan hefur ekki verið sú að veita látnum vísindamönnum Nóbelsverðlaun.

Hinn látni hlýtur verðlaunin ásamt þeim Bruce A. Beutler frá Bandaríkjunum og Jules A. Hoffman frá Lúxemborg fyrir tímamótarannsóknir þeirra í ónæmisfræðum, sem hafa aukið mjög skilning okkar á virkni ónæmiskerfis líkamans. **- gb**

Guðmundar- og Geirfinnsmál:

## Ákvörðun um endurskoðun tekin í vikunni

**DÓMSMÁL Ákvörðun Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra um endurskoðun tiltekinna þátta svokallaðs Guðmundar- og Geirfinnsmáls mun liggja fyrir í þessari viku, að því er hann staðfestir við Fréttablaðið. Talið er líklegt að sú endurskoðun verði einskorðuð við rannsóknaraðferðir í málinu.**

**„Ég hef verið með þetta mál til athugunar í ráðuneytinu og hef fengið eindregna hvatningu úr þjóðfélaginu þess efnis að málið verði rannsakað,“ segir innanríkisráðherra. „Sjálfur hef ég einnig lengi verið þeirrar skoðunar að málið megi ekki kyrrt liggja. Fyrir vikulok mun ég taka ákvörðun um hvað aðhafst verður.“** **- jss**






Stjórnarformaður OR um gagnrýni Innri endurskoðunar á ráðningu forstjóra:

# Ver skipun forstjóra í hæfisnefnd

**STJÓRNSÝSLA** Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar segir í umsögn um ráðningarferli forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur (OR) að álitamál sé hvort rétt hafi verið að skipa Helga Þór Ingason, þáverandi forstjóra, í hæfisnefnd til að meta væntanlega arftaka. Það sé „nær óþekkt“ eins og segir í umsögninni, sem kynnt var á stjórnarfundi hinn 12. ágúst.

Meginniðurstaða innri endurskoðunar er að faglega hafi verið staðið að ráðningunni. Athugasemdir voru hins vegar gerðar við fundarritun stjórnar, sem hefði ekki verið nógu ítarleg og því ekki í samræmi við starfsreglur.

Kjartan Magnússon, fulltrúi Sjálfstæðisflokks í stjórn OR, sagði í bókun á fyrrnefndum fundi að skýrsla Innri endurskoðunar væri „áfellisdómur yfir vinnubrögðum meirihluta“ og ferlið hefði ekki verið gagnsætt eða faglegt.

Haraldur Flosi Tryggvason, stjórnarformaður OR, segir hins vegar að niðurstaðan sýni að vel hafi verið staðið að ferlinu í flestum atriðum.

„Það var kannski helst ég sem fékk ákúrur fyrir að hafa ekki verið nógu duglegur að bóka það sem gerðist á fundum, en ég baðst afsökunar á því á stjórnarfundinum.“

Haraldur segir aðkomu Helga Þórs að mati umsækjenda hafa verið rökrétta í þessu tilfelli „Hann kom inn í OR með afar sérstökum hætti, meðal annars beinlínis til þess að ráða nýjan forstjóra. Þetta var kannski óvenjulegt en staða OR var óvenjuleg.“ **- þj**



**KJARTAN MAGNÚSSON**



**HARALDUR FLOSI TRYGGVASON**






## TENERIFE

Tropical Playa 31.jan - vika.

★★★

VERÐ FRÁ:
**126.480 kr.***
á mann í viku m.v. 2 fullorðna í stúdíóíbúð

Gott 3ja stjörnu íbúðarhótel á Las Americas ströndinni. Hótelið er staðsett í rólegum hluta Troya hverfisins og er stutt í búðir og aðeins um 450 m á ströndina. Góður sundlaugargarður með sérstakri barnalaug og eru laugarnar upphitaðar yfir vetrarmánuðina. Góð sólbaðsaðstaða og í garðinum er billjarð og snakkbar. Stutt er að sækja í skemmtanalífið.

**3 vikna ferð fyrir Úrvalsfólk**
á tilboðsverði!
1.nóv. - 22.nóv.
Úrvalsfólk er ferðakúbbur fyrir 60 ára og eldri.

VERÐ FRÁ:
**179.900 kr.***
á mann í 3 vikur.



## KANARÍ

Las Arenas 31.jan - vika.

★★

VERÐ FRÁ:
**126.800 kr.***
á mann í viku m.v. 2 fullorðna í stúdíóíbúð.

Rúmgóðar stúdíóíbúðir. Sum studíóin hafa nýverið tekin í gegn og eru þau á 1. og 2. hæð. Í öllum íbúðum er gervihnattasjónvarp gegn gjaldi, sími, öryggishólf, baðherbergi með sturtu, svalir með garðhúsgögnum. Svefnaðstaðan og stofan eru í einu rými en þó með litlum vegg sem skilur svæðin af.

**3 vikna ferð fyrir Úrvalsfólk**
á tilboðsverði!
21.okt. - 15.nóv.
Úrvalsfólk er ferðakúbbur fyrir 60 ára og eldri.

VERÐ FRÁ:
**168.900 kr.***
á mann í 3 vikur.

## FLUGDAGAR

| Tenerife | Kanarí |
|---|---|
| *4.október* | *20.október* |
| *11 október* | *15. október* |
| *18. október* | *20. desember* |
| *25. október* | *3. janúar* |
| *1. nóvember* | *17. janúar* |
| *22. nóvember* | *31. janúar* |
| *20. desember* | *Vikulegt flug í febrúar.* |
| *3. janúar* | |
| *17. janúar* | |
| *31. janúar* | |
| *Vikulegt flug í febrúar.* | |

ÚRVAL·ÚTSÝN
Sími 585 4000

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

MEIRA Á
**urvalutsyn.is**

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

## GENGIÐ 03.10.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 118,20 | 118,76 |
| Sterlingspund | 183,70 | 184,60 |
| Evra | 157,97 | 158,85 |
| Dönsk króna | 21,224 | 21,348 |
| Norsk króna | 20,146 | 20,264 |
| Sænsk króna | 17,206 | 17,306 |
| Japanskt jen | 1,5361 | 1,5451 |
| SDR | 183,74 | 184,84 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
213,97

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skrifstofustjóri Hæstaréttar segist ekki vita af hverju hæstaréttardómarar mættu ekki við þingsetningu:

# Skýringar fást ekki á fjarveru Hæstaréttar

**ALÞINGI** „Það eru engar skýringar á þessu,“ segir Þorsteinn A. Jónsson, skrifstofustjóri Hæstaréttar, spurður hvers vegna enginn af dómurum réttarins hafi verið viðstaddur þingsetningu á laugardag. Slíkt hefur ekki áður gerst frá stofnun Hæstaréttar.

Spurður hvað hann eigi við með þessum orðum svarar Þorsteinn: „Ég á við að það geti verið mismunandi skýringar hjá hverjum manni.“

Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, vék að fjarveru dómaranna í pistli sem hann skrifaði á heimasíðu sína á laugardag og spurði hvert við værum komin, meðal annars þegar dómarar Hæstaréttar mættu ekki til þings í fyrsta sinn frá stofnun réttarins.

Þykir Þorsteini það ekki ótrúleg tilviljun að allir tólf dómarar Hæstaréttar skuli forfallast á nákvæmlega sama tíma? „Ég get ekki svarað því. Það verða engar yfirlýsingar gefnar um þetta mál,“ segir hann.

En ber að skilja hann svo að það hafi ekki verið sameiginleg ákvörðun dómaranna að sniðganga þingsetninguna? „Ég hef ekki hugmynd um það,“ segir skrifstofustjórinn.

Fréttablaðið falaðist í kjölfarið eftir viðtali um málið við Ingibjörgu Benediktsdóttur, forseta Hæstaréttar. Hún kvaðst ekki tilbúin að veita viðtal. **- sh**



**VIÐ ÞINGSETNINGU** Hæstaréttardómarar hafa verið við þingsetningu svo lengi sem menn muna. Svo var ekki í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Auður banka fari til þjóðar

**Þingmenn tókust á um stefnuræðu forsætisráðherra í gær. Forystumenn stjórnarflokkanna boðuðu aukinn skatt á banka. Stjórnarandstæðingar töldu bankana hafa meira svigrúm til afskrifta fyrir heimilin.**

**ALÞINGI** Jóhanna Sigurðardóttir sagði í stefnuræðu sinni í gær að ríkisstjórnin teldi að bankarnir þyrftu að leggja meira af mörkum til samfélagsins og uppgjör þeirra sýndi að þeir væru aflögufærir.

„Á sama tíma og heimilin, fyrirtækin og velferðarþjónustan búa við samdrátt í kjölfar hruns fjármálakerfisins er það samfélagsleg skylda bankanna að skila þessum mikla hagnaði aftur til samfélagsins með einhverjum hætti.“ Jóhanna sagði bankana hljóta að hugsa sinn gang, þeir hefðu á síðustu árum og jafnvel áratugum fyrir hrun sagt sig úr siðferðilegu sambandi við þjóðina.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, gagnrýndi í ræðu sinni að ítrekað væri sagt við fólk að öllu svigrúmi bankanna til skuldaleiðréttingar hefði verið ráðstafað og jafnvel rúmlega það. „En næsta dag berast svo fréttir af feiknarlegum hagnaði fjármálafyrirtækjanna. Er von að slíkt valdi ólgu og vonbrigðum?“

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra greip þetta á lofti og sagðist vonast til þess að Bjarni styddi tillögu um nýjan bankaskatt, fyrst þessi væri skoðun hans. Steingrímur sagði mikilsverðan árangur hafa náðst í efnahagsmálum sem hefði vakið athygli út fyrir landsteinana. Hann hvatti þá sem gagnrýndu ríkisstjórnina til að viðurkenna þó það sem vel væri gert.

Af nógu væri að taka af gagnrýnisefnum en þeir sem ýttu bara undir sundurlyndi gerðu umræðunni ekkert gagn.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði skýrslu fjármálaráðuneytisins um endurreisn bankanna sýna að meðvituð ákvörðun hefði verið tekin um að afskrifa minna af lánum almennings en tilefni hefði verið til. Erlendir kröfuhafar hefðu notið ávaxtanna, en ekki heimilin.

„Það svigrúm sem hefði átt að nýta til að færa niður skuldir heimilanna er nú þess í stað fært sem milljarða hagnaður í bókum bankanna og fer að lokum út úr þeim sem arður til erlendra vogunarsjóða.“

Margrét Tryggvadóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, sagði banka hvorki hafa samvisku né siðferðiskennd og ekki skila fé til baka nema tilneyddir. **kolbeinn@frettabladid.is**



**HLUSTAÐ Á UMRÆÐUR** Líkt og oft áður leit hver silfrið sínum augum í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra í gær. Stjórnarliðar gumuðu af góðum árangri í efnahagsmálum en stjórnarandstæðingar gagnrýndu efnahagsstjórnina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Fjöldi mótmælti fyrir utan þinghúsið

Þingmenn ræddu stefnuræðu forsætisráðherra undir taktföstum tunnuslætti mótmælenda. Fjöldi manns var á Austurvelli. Samkvæmt lögreglu gengu mótmælin snurðulaust fyrir sig en enn var óljóst hve fjölmenn þau voru þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Bjarni Benediktsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson gerðu mótmælin að umtalsefni. Bjarni sagði að annað árið í röð hefði þingsetning farið fram í skugga einhverra fjölmennustu mótmæla sem sést hefðu um langt skeið. Mótmælendur væru ekki mættir til að lýsa yfir stuðningi við ríkisstjórnina. Steingrímur J. Sigfússon sagði það rétt hjá Bjarna. Hitt væri hæpið að mótmælendur væru mættir til að lýsa yfir stuðningi við stjórnarandstöðuna.



**Í HÖFÐA** Sagan var skrifuð á fundi Reagans og Gorbatsjovs.

25 ár frá leiðtogafundinum:

## Upphaf að endi kaldastríðsára

**REYKJAVÍKURBORG Efna á til sérstaks viðburðar 11. október vegna þess að þá verða 25 ár liðin frá upphafi tveggja daga leiðtogafundar Ronalds Reagan Bandaríkjaforseta og Mikhails Gorbatsjov, leiðtoga Sovétríkjanna, í Reykjavík.**

**„Sú skoðun hefur komið fram meðal sagnfræðinga að fundurinn hafi markað upphaf endaloka kalda stríðsins.“ segir í tillögu sem borgarráð samþykkti um að leggja 1.170 þúsund krónur í afmælisviðburðinn. Halda á málþing í þágu friðar og efna til kvikmyndasýningar og tónleika. Almenningur fær aðgang að ljósmyndasýningu í Höfða. Fulltrúar stórveldanna tveggja verða boðnir til móttöku.** **- gar**

LÖGREGLUMÁL

### Kind skotin með riffli

Lögreglunni á Vestfjörðum var nýverið tilkynnt um dauða kind sem hafði verið skotin með kraftmiklum riffli. Lögreglan fór á staðinn, sem var um 300 metra ofan við skotsvæði skotfélagsins fyrir ofan Dagverðardal. Lögreglan óskar eftir upplýsingum sem gætu leitt í ljós hver gerandinn er.

Ný og glæsileg hringborðstofusett
Aðeins **275.000 kr.**

Þvermál **150 cm**
**Kirsuberjaviður**
**Snúningsplata** sem er auðvelt er að fjarlægja
**8 stólar**

Borðstofusettin er hægt að skoða hér: **www.listinn.is/husgogn.htm** og í **Listanum**, Akralind 7, virka daga frá kl. 10-17.



LISTINN byggingavörur
Akralind 7 • 201 Kópavogi • S: 564-4666 • www.listinn.is

## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**RIGNING EÐA SLYDDA** og snjókoma til fjalla um landið norðanvert næstu daga en yfirleitt þurrt og bjart syðra. Stíf norðanátt og svalt í veðri en lítur út fyrir hægan vind á föstudag og síðan sunnanátt með hlýindum á laugardag.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 25° |
| Berlín | 22° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 18° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 18° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 15° |
| París | 21° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




# Traustur ferðafélagi

**Suzuki Grand Vitara er á heimavelli hvort sem er á hálendisvegum eða í borgarumferðinni.**

Alvöru jeppi með hátt og lágt drif. Kemur nú með nýrri öflugri og sparneytinni 2,4L vél sem gerir góðan bíl enn betri. Suzuki – skynsamleg kaup, hagkvæmur rekstur.

Grand Vitara Premium+ 2,4L 169 hö, beinskiptur verð kr. 4.980.000
Grand Vitara Premium+ 2,4L 169 hö, sjálfskiptur verð kr. 5.290.000

## Gerðu samanburð

FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Markaðsráðgjöf sept 2011

KJÖRKASSINN



*Er réttlætanlegt að kasta eggjum í þingmenn í mótmælum við þingsetningu?*

| | |
|---|---|
| Já | 40,2% |
| Nei | 59,8% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Sóttir þú einhverjar sýningar á RIFF-kvikmyndahátíðinni?*

Segðu þína skoðun á visir.is vísir

Efnt til myndbandasamkeppni meðal ungmenna í tilefni Forvarnadagsins 2011:

# Drykkja rýkur upp í framhaldsskóla

**SAMFÉLAGSMÁL** Hátt í helmingur sextán og sautján ára framhaldsskólanema, sem tekur þátt í rannsóknum tengdum forvörnum, segist aðspurður hafa verið ölvaður á síðustu þrjátíu dögum. Hlutfallið meðal nemenda í tíunda bekk grunnskóla er einungis níu prósent.

Þetta sýnir að ölvunardrykkja ungmenna eykst hratt eftir að grunnskóla lýkur, að því er segir í tilkynningu um Forvarnadaginn 2011, sem haldinn verður á morgun, 5. október.

Þá munu fara fram umræður nemenda í grunnskólum um hugmyndir þeirra og tillögur að nýbreytni í æskulýðs- og íþróttastarfi, fjölskyldulífi og öðrum þáttum sem eflt geta forvarnir. Hugmyndirnar eru teknar saman í skýrslu sem birt verður á vefsíðu dagsins, forvarnardagur.is.

Þá verður einnig efnt til samkeppni um myndband sem haldið getur ungu fólki frá áfengi sem lengst, eða jafnvel alfarið. Sú samkeppni er opin öllum nemendum í framhaldsskólum og jafnframt nemum í 9. og 10. bekk grunnskóla. Verðlaun verða veitt fyrir bestu myndböndin og nema þau samtals hálfri milljón króna. Frestur til að skila inn myndbandi rennur út 1. nóvember. - sh



**ALLIR LEGGJA SITT AF MÖRKUM** Meðal þeirra sem kynntu Forvarnadaginn 2011 fyrir fjölmiðlamönnum í gær voru Ólafur Ragnar Grímsson forseti og Jón Gnarr borgarstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**REYKJAVÍK** Á að vera ein helsta viðburðaborg Norður-Evrópu.

Borgin ræður verkefnisstjóra:

## Ný skrifstofa fyrir ráðstefnur

**REYKJAVÍKURBORG** Hafinn er undirbúningur að stofnun sérstakrar ráðstefnuskrifstofu á vegum Reykjavíkurborgar.

„Ferðaþjónusta tengd ráðstefnum, fundum og alþjóðlegum viðburðum af ýmsu tagi er eitt mikilvægasta sóknarfæri Reykjavíkur á næstu árum,“ segir í greinargerð borgarstjóra með tillögunni um stofnun ráðstefnuskrifstofunnar. Þar segir einnig að yfirlýst markmið sé að gera „Reykjavík að einni af eftirsóttustu ráðstefnu- og viðburðaborgum í norðanverðri Evrópu“.

Upphafsframlag borgarinnar er fimm milljónir króna og ráða á verkefnisstjóra að undirbúningnum. Vonast er til að hagsmunaaðilar komi að verkefninu og þrefaldi framlag borgarinnar. - gar

Jón Ólafsson stórtækur:

## Kaupir níu fyrirtæki í Kína

**VIÐSKIPTI Fyrirtækið Pacific Water & Drinks, sem er í eigu Jóns Ólafssonar, hefur fest kaup á kínversku fyrirtækjasamsteypunni China Water & Drinks. Samsteypan samanstendur af níu fyrirtækjum sem starfa í Kína og Hong Kong.**



JÓN ÓLAFSSON

**„Það er með gríðarlegri ánægju sem við tilkynnum um þessi kaup,“ segir Jón og bætir við: „Þessi fyrirtæki verða grunnur Pacific Water & Drinks og munu, ásamt reynslu okkar af dreifingu og átöppun, gera okkur kleift að nýta þau gríðarlegu tækifæri sem eru til staðar á kínverska markaðnum.“** - mþl

KJARAMÁL

### Ljósmæður styðja löggur

Ljósmæðrafélag Íslands styður launakröfur lögreglumanna og hvetur ríkið til að mæta kröfum þeirra. Í tilkynningu frá félaginu segir að mikilvægi starfa lögreglumanna sé öllum ljóst og eðlilegt sé að þeir geti framfleytt sér á grunnlaunum.

# Kvarnast úr ákæru Alþingis gegn Geir

**Landsdómur vísar frá tveimur liðum af sex í ákæru gegn Geir H. Haarde. Þykja of almennir og óljósir. Breytir ekki öllu, segir saksóknari. Einn dómari af fimmtán skilar sératkvæði og vill vísa málinu frá í heild vegna vanhæfis saksóknara.**

**LANDSDÓMUR** Landsdómur hefur vísað frá tveimur liðum af sex í ákæru á hendur Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra. Niðurstaðan er endanleg og málið verður nú tekið til efnislegrar meðferðar.

Liðirnir tveir sem vísað er frá dómi eru þeir fyrstu í ákærunni, númer 1.1 og 1.2. Sá fyrri kveður á um að Geir hafi sýnt af sér alvarlega vanrækslu á starfsskyldum sínum sem forsætisráðherra andspænis hættum í fjármálamarkaði.

Í þeim síðari er Geir gefið sök að hafa ekki átt frumkvæði að því að gerð yrði „heildstæð og fagleg greining á fjárhagslegri áhættu sem ríkið stóð frammi fyrir vegna hættu á fjármálaáfalli“.

Landsdómur fellst á þau rök Andra Árnasonar, verjanda Geirs, að þessir ákæruliðir séu of almennt og óljóst orðaðir til að hann geti með góðu móti gripið til varna gegn þeim. Hins vegar sé ákæran að öðru leyti skiljanleg, nægilega rökstudd og ekki gölluð að því leyti.

Eftir standa því fjórir ákæruliðir, sem snúa að meintri vanrækslu Geirs við að tryggja markvisst starf samráðshóps um fjármálastöðugleika, að draga ekki úr stærð bankakerfisins, að stuðla ekki að flutningi Icesave-reikninganna til Íslands og halda ekki ríkisstjórnarfundi um mikilvæg málefni.

Öðrum frávísunarástæðum Andra og Geirs er hafnað. Þeir töldu að rannsókn málsins væri verulegum annmörkum háð, Sigríður Friðjónsdóttir saksóknari væri vanhæf vegna afskipta af undirbúningi ákærunnar á Alþingi, reglur um málarekstur fyrir landsdómi væru svo óljósar að það bryti á rétti Geirs og að það hefði brotið gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að höfða aðeins mál á hendur Geir en ekki fleiri ráðherrum.

Öllu þessu er landsdómur ósammála. Einn dómaranna fimmtán, Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari, skilar þó sératkvæði og vill vísa málinu frá í heild sinni vegna vanhæfis saksóknara.

Sigríður Friðjónsdóttir saksóknari segir niðurstöðuna líklega ekki breyta öllu fyrir málareksturinn, enda sé tekið fram í úrskurðinum að áfram skuli litið til innihalds fyrsta liðarins til fyllingar öðrum ákæruliðum og auk þess að liður 1.2 taki að miklu leyti til hins sama og sá næsti á eftir, sem ekki er vísað frá. stigur@frettabladid.is



**BLENDNAR TILFINNINGAR** Geir er enn á sakamannabekk en gæti þó þurft að bíða fram á nýtt ár með að bera vitni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

### Áfangasigur en jafnframt vonbrigði

Geir H. Haarde sendi frá sér yfirlýsingu vegna úrskurðarins í gær og fagnaði því að tveimur liðum skyldi vísað frá. „Ég lít á það sem áfangasigur því um er að ræða tvo veigamestu ákæruliðina og jafnframt þyngstu sakargiftirnar,“ segir í yfirlýsingu hans.

„Ég og lögmaður minn höfðum á hinn bóginn talið tilefni til að vísa málinu frá í heild og að því leyti veldur niðurstaðan vonbrigðum.“ Hins vegar hafi verið nauðsynlegt að fá mat dómsins á því hvort málsmeðferðin hafi uppfyllt skilyrði laga, meðal annars með tilliti til þess hvernig skuli haga svona málum í framtíðinni. Nú hyggist hann sýna fram á sakleysi sitt.

„Ég verð þá loks yfirheyrður fyrir dómi ásamt tugum annarra einstaklinga sem málinu tengjast. Vonandi gengur þá greiðlega að leiða hið sanna í ljós í málinu. Ég ber sem fyrr fullt traust til réttarkerfisins í landinu.“

Tæplega 26 þúsund einstaklingar voru í alvarlegum vanskilum 1. október:

# Flestir í vanskilum á Reykjanesi

**FJÁRMÁL** Tæplega 26 þúsund einstaklingar á Íslandi voru í alvarlegum vanskilum nú um mánaðamótin, samkvæmt tölum Creditinfo. Af 25.685 einstaklingum hafa 572 verið úrskurðaðir gjaldþrota.

Alvarleg vanskil varða í flestum tilvikum kröfur sem eru komnar í milli- eða löginnheimtu. Þá hafa mörg mál farið fyrir dóm og sýslumannsembætti.

Fleiri karlar en konur eru í alvarlegum vanskilum, tæplega sautján þúsund á móti tæpum níu þúsund konum. Ellefu prósent karla yfir átján ára aldri eru í vanskilum. 5,9 prósent kvenna eru í alvarlegum vanskilum og samtals eru 8,5 prósent allra einstaklinga yfir 18 ára aldri í vanskilum.

Flestir þeirra sem eru í alvarlegum vanskilum eru einhleypir karlar, rúmlega ellefu þúsund. Tæplega þrjú þúsund einhleypar konur eru í vanskilum auk þess sem rúmlega 2.400 einstæðar mæður eru á skrá. Tæplega 400 einstæðir feður eru á vanskilaskránni, 1.800 barnlaus pör í hjónabandi eða sambúð og þrjú þúsund pör með börn.

Hlutfallslega flestir eru í alvarlegum vanskilum á Reykjanesi. Þá eru hlutfallslega flestir á aldrinum 40 til 49 ára í vanskilum, eða 11,2 prósent. Fólk á aldrinum 30 til 39 ára er 11,1 prósent þeirra sem eru í vanskilum. - þeb

### Fæstir í vanskilum á Norðurlandi vestra

| Búseta | Fjöldi | Fjöldi í alvarl. vanskilum | % |
|---|---|---|---|
| Austurland | 9.327 | 606 | 6,5 |
| Höfuðborgarsvæðið | 152.033 | 14.224 | 9,4 |
| Norðurland eystra | 20.264 | 1.223 | 6,0 |
| Norðurland vestra | 6.331 | 375 | 5,9 |
| Reykjanes | 15.159 | 2.388 | 15,8 |
| Suðurland | 17.209 | 1.633 | 9,5 |
| Vestfirðir | 5.341 | 461 | 8,6 |
| Vesturland | 11.291 | 879 | 7,8 |
| Erlendis | 63.831 | 3.896 | 6,1 |

Helgarnámskeið fyrir skapandi fólk

1. Olíumálunarnámskeið með Þuríði Sigurðardóttur á Sólheimum í Grímsnesi 7. - 9. október
2. Ljósmyndanámskeið með Grétu Guðjónsdóttur á Búðum á Snæfellsnesi 21.-23. október
3. Vatnslitanámskeið með Derek Mundell á Sólheimum í Grímsnesi 29. - 30. október

Nánari upplýsingar á www.arttravel.is

art TRAVEL

Tyrkland
9. október í 10 nætur
Frá kr. 124.900

Frábært tilboð!
Heimsferðir bjóða frábært tilboð á allra síðustu sætunum í 10 nátta ferð til Marmaris í Tyrklandi þann 9. október. Í boði er m.a. frábært sértilboð á Hotel Romance ***+ með hálfu fæði á ótrúlegum kjörum.
Einnig önnur mjög góð gisting á sérstökum sérkjörum.

Verð kr. 124.900 – 10 nætur með hálfu fæði
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2 – 11 ára, í herbergi á Hotel Romance ***+ í 10 nætur með hálfu fæði. Netverð á mann í tvíbýli kr. 139.900

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

# FYRIR KRÖFUHARÐA !

Fylgstu með á facebook SINDRI

TOPTUL
THE MARK OF PROFESSIONAL TOOLS

# SINDRI

## VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA

LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ Á TOPPUM OG FÖSTUM LYKLUM

TILBOÐ



IBTGCAI5102
**TOPP, BITA OG SEXKANTASETT.**
51 STK. 1/4" 4 - 14 mm
Fullt verð 12.900 kr
**6.900** m/vsk



IBTGCAI9402
**TOPPLYKLA OG BITASETT.**
94 STK. 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Fullt verð 22.900 kr
**16.900** m/vsk



IBTGCAI130B
**VERKFÆRASETT 130 STK.**
Fastir lyklar, bitar. Millimetra og tommu-toppar.
Fullt verð 39.900 kr
**26.900** m/vsk

GOTT VERÐ



IBTJGAI4001
**SNITTTAPPA, OG BAKKASETT.**
3 - 12 mm
**9.900** m/vsk



SKRÚFSTYKKI
4" Opnun ~~19.900~~ 12.900 kr
6" Opnun ~~28.900~~ 16.900 kr
8" Opnun ~~37.900~~ 22.900 kr

IBTDJAC0106
**SKRÚFSTYKKI 6"**
6" Opnun - 180° snúninguur
Fullt verð 28.900 kr
**16.900** m/vsk



IBTGAAE1211
**FASTLYKLASETT 12 STK.**
6, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 17 og 19mm
Fullt verð 6.900 kr
**3.900** m/vsk

TILBOÐ



IBTGCAI2802
**TOPPLYKLASETT 28 STK.**
1/2" 8 - 32 mm
Fullt verð 18.900 kr
**9.900** m/vsk



PAKKATILBOÐ
Vinnuborð 49.900 kr.
94 stk toppasett 22.900 kr.
samtals ~~72.800~~ kr
Þú sparar - 25.900 kr
Samtals 46.900 kr.

IBTTCAD0101
**VINNUBORÐ Á HJÓLUM.**
Létt og sterkt borð með skúffu og hillu.
Fullt verð 49.900 kr
**34.900** m/vsk



283 STK.

## VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM.

7 Skúffur
1/4", 3/8" og 1/2" topplyklasett
Fastir lyklar, sexkantar og skrúfjárn,
djúpir toppar, höggskrúfjárn, öfuguggasett, slaghamar,
splittatangir, tangir, bitar og margt fl.
Sterkur vagn með lás

TILBOÐ





19.900 KR
KAUPAUKI
*4" SKRÚFSTYKKI FYLGIR MEÐ

Vnr. IBTGT-28305

*Á meðan birgðir endast

**179.900** m/vsk
Fullt verð 231.490

www.sindri.is / sími 575 0000

SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík    Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

Með fyrirvara um villur



Tilboð í Október

Litun og plokkun kr. 2900,-
Brasilískt vax kr. 3400,-
Kókos líkamsskrúbb kr. 5500,-
Fótsnyrting kr. 4400,-

SNYRTISTOFAN
salon ritz
Laugavegi 66, 2.h. Sími 552 2460



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI FRÓÐLEIKUR
Meiri Vísir.
vísir


# Grikkir ná ekki að standa við markmið

**Óvissa er um næstu greiðslu frá AGS og ESB til Grikklands eftir að grísk stjórnvöld viðurkenndu að geta ekki náð fjárlagahalla niður í 7,6 prósent, eins og þau höfðu lofað. Fjármálaráðherrar ESB brjóta heilann en bíða með ákvörðun.**

**GRIKKLAND, AP** Fjármálaráðherrar evruríkjanna sautján komu saman í Lúxemborg í gær, daginn eftir að grísk stjórnvöld höfðu viðurkennt að þau gætu ekki staðið undir kröfum Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um lækkun fjárlagahalla niður í 7,6 prósent.

Ráðherrarnir þurfa á næstu dögum að taka ákvörðun um hvort Grikkland fær næstu greiðslu úr neyðarsjóði ESB nú um miðjan október, en gríska ríkið getur hvorki staðið undir afborgunum af lánum sínum né greitt laun og eftirlaun nú í þessum mánuði nema fá þetta fé til ráðstöfunar.

Alls á næsta greiðsla frá ESB og AGS samanlagt að nema átta milljörðum evra, sem dugar til að fleyta gríska ríkissjóðnum yfir þennan hjalla.

Grísk stjórnvöld viðurkenndu á sunnudag að þau gætu ekki náð fjárlagahalla ársins niður í minna en 8,5 prósent, en þau höfðu lofað AGS og EBS að ná hallanum niður í 7,6 prósent.

Verðfall varð á mörkuðum í Evrópuríkjum í gær vegna þessa, enda hefur óvissan um framtíð Grikklands og evrunnar aukist á ný.

Grikkir segjast auk þess ekki geta náð fjárlagahalla næsta árs niður í þau 6,5 prósent, sem að var stefnt, heldur verði hann 6,8 prósent.



**MÓTMÆLI Í AÞENU** Framhaldsskólanemar héldu út á götur Aþenu að mótmæla niðurskurði stjórnvalda. NORDICPHOTOS/AFP

Olli Rehn, peningamálastjóri framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sagði óljóst hver viðbrögð evruríkjanna yrðu við þessari stöðu.

„Við erum að leggja mat á það hvort Grikkland nær markmiðum í fjármálum með þeim aðgerðum, sem nú eru fyrirhugaðar,“ sagði hann, en tók fram að allt bendi til þess að þau markmið myndu ekki nást.

Gríska stjórnin segir ástæðuna vera meiri samdrátt í efnahag þjóðarinnar, frekar en að aðhaldsaðgerðir dugi ekki til miðað við fyrri forsendur.

Samdrátturinn hefur í för með sér minni tekjur fyrir ríkissjóð, sem þarf þá að skera útgjöld enn frekar niður eigi markmiðin að nást. Aðhaldsaðgerðir stjórnarinnar hafa bitnað harkalega á almenningi í Grikklandi, sem fyrir vikið er afar ósáttur orðinn og efnir reglulega til mótmælafunda og verkfalla.

Á næsta ári er talið að heildarskuldir gríska ríkissjóðsins verði komnar yfir 170 prósent af þjóðartekjum.

gudsteinn@frettabladid.is


maritech
- tryggir þér samkeppnisforskot




Stjórnendasýn

Maritech veitir fjölbreytta möguleika á að fylgjast með og greina upplýsingar fyrir stjórnendur í rauntíma. Með stjórnendasýn næst betri yfirsýn yfir reksturinn sem auðveldar ákvörðunartöku.

maritech | Borgartún 26 » 105 Reykjavík | Hafnarstræti 102 » 600 Akureyri | Sími: 545 3200 » Fax: 545 3201 | sala@maritech.is » www.maritech.is | Microsoft Dynamics NAV | Microsoft Partner Gold Enterprise Resource Planning, Silver Independent Software Vendor (ISV)

FRÁ BYRJENDUM TIL SÉRFRÆÐINGA



# Námskeið
Haust 2011

## Bókhalds- og Skrifstofunám

### Bókhald 1
Sérlega hagnýtt námskeið fyrir þá sem þurfa að ná tökum á bókhaldinu. Hentar einnig þeim sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með góðri undirstöðu, þekkingu og grunnþjálfun í bókhaldsvinnu. Kennsla byggir að mestu leyti á verklegum æfingum með raunveruleg fylgiskjöl. Námið er metið til eininga.

• **Helstu kennslugreinar:**

Verslunarreikningur, VSK reglur og skýrslur.
Bókhaldsgrunnur og tölvubókhald.

**Lengd: 115 std. Verð kr 109.000,- Hefst 12 okt.**

**Boðið er upp á morgun- og kvöldnámskeið.**
**Allt kennsluefni innifalið.**

### Bókhald 2
Einstaklega hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi. Hentar þeim sem hafa bókhaldsreynslu eða hafa lokið Tölvu-, skrifstofu- og bókhaldsnámi og vilja ná frekari skilningi og færni í bókhaldi.

**Kennsla fer fram í formi verklegra æfinga.**

**Helstu viðfangsefni:**

- Fjárhagsbókhald, upprifjun og flóknar færslu
- Vsk. uppgjör og leiðréttingarskýrslur
- Launabókhald, útreikningur launa, lífeyrissjóður og skattur
- Launamiðar, launaframtal og skil til skatts
- Afstemmingar, lokafærslur og skil á bókhaldi til endurskoðenda
- Uppsetning rekstrar og efnahagsreikninga
- Lestur ársreikninga

**Lengd: 90 std, Verð kr. 98.000,- Hefst 11 okt.**
**Boðið er upp á morgun- og kvöldnámskeið.**

### Stök námskeið
**Navision – fjárhagsbókhald**
Lengd 42 std. Verð kr. 54.000,- Hefst 14. nóv.

**Tollskýrslugerð** Lengd 21 std. Verð kr. 28.000,- Hefst 5. des.

## Vefur, grafík og myndvinnsla

### Grafísk hönnun


Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk.
Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag.

- Photoshop
- Illustrator
- InDesign

**Lengd 105 std. Verð kr 129.000,- Hefst 1. nóvember**

### Myndbanda- og tæknibrellugerð
Spennandi og hagnýtt nám fyrir þá sem vilja læra eftirvinnslu og klippingar myndbanda ásamt hönnun og gerð tæknibrella. Grunnatriði hreyfimyndagerðar eru einnig tekin fyrir. Unnið verður í eftirfarandi forritum:

- Photoshop
- PremierePro
- After Effects

**Lengd 100 std. Verð kr. 119.000,- Hefst 10. október**

### WordPress
Á þessu námskeiði setja þátttakendur upp eigin vef frá grunni og fá kennslu og aðstoð við uppsetningu á vefumsjónarkerfi.
Sjá nánari uppl. á www.promennt.is

**Lengd: 26 std. Verð kr. 29.000,- Hefst 17. október**

## Almenn tölvunámskeið

### Almennt tölvunám
Sérstaklega hagnýtt námskeið fyrir þá sem komnir eru af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnunni eða heima. Tilvalið námskeið fyrir þá sem þurfa að auka öryggi sitt í allri tölvuvinnslu með aukinni þekkingu, hraða og færni.

**Windows - Word 2010 – Excel 2010 - Outlook**

**Lengd 60 std. Verð kr. 49.000,- (3 kennslubækur innifaldar)**
**Hefst 18. október. Morgun- og kvöldnámskeið í boði.**

| Stök námskeið | Hefst | Lengd | Verð |
|---|---|---|---|
| Photoshop 2 | 1. nóv | 36 std | 49.000,- |
| Illustrator | 17. nóv | 31 std | 44.000,- |
| InDesign | 6. des | 31 std | 44.000,- |
| Ritvinnsla í Word 2010 | 20. okt | 21 std | 27.000,- |
| Excel 2010 | 3. nóv | 21 std | 27.000,- |
| Excel framhald | 18. okt | 15 std | 27.000,- |

FJARKENNSLA Í BEINNI

Microsoft Partner
Silver Learning

GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA

PROMENNT

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • www.promennt.is

**FRÉTTASKÝRING:** Hvaða áhrif hafa fjárlögin 2012?

# Niðurskurður þýðir minni þjónustu

**Forstjóri Landspítala segir að draga verði úr þjónustu spítalans til að mæta kröfum fjárlaga 2012 um niðurskurð. Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins segir ekki endalaust hægt að taka til í rekstrinum. Rektor Háskóla Íslands segir allt koma til greina við niðurskurð, jafnvel uppsagnir.**

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga verður skorið niður um þrjú prósent til almennrar þjónustu og 1,5 prósent í velferðarmálum árið 2012. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir að fjárlögin einkennist af aðhaldi frekar en miklum niðurskurði. Ljóst er hins vegar að starfsemi fjölda stofnana mun breytast, enda hefur verið rík krafa um niðurskurð undanfarin ár og því óvíða hægt um vik í frekari niðurskurði.

### Róttækar breytingar

Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, segir fjárlögin þýða róttækar breytingar á rekstri spítalans. Þegar sé búið að skera óheyrilega mikið niður í rekstrinum.

„Það er alveg ljóst að þetta er það mikill peningur að eitthvað verður að láta undan. Það var það erfitt að ná fram fjárhagsáætlun fyrir þetta ár og við vissum að það var ekkert meira eftir. Við förum alveg út á ystu nöf í alls konar hlutum og höfum verið að fylgja því eftir mánaðarlega og reyna að finna eitthvað meira sem við getum gert. Það er ekkert meira að hafa."

Framlög til Landspítalans verða 630 milljón krónum lægri á næsta ári en því yfirstandandi. Það nemur 1,9 prósentum af ríkisframlagi og 1,6 prósentum af heildartekjum spítalans. Björn segir þetta mikla upphæð, ekki síst í ljósi þess að frá árinu 2007 hafi framlög til spítalans verið skorin niður um 23 prósent. Gengisþróun skýri hluta af því, en í krónum talið nemi niðurskurður frá árinu 2008 17 prósentum.

Björn segir að eftirspurn eftir þjónustu spítalans hafi aukist árið 2011. Daglega séu að meðaltali 41 fleiri sjúklingur liggjandi á spítalanum en í fyrra. Óvíst sé hver sé skýringin, en einhverjir hafi það á tilfinningunni að erfiðara sé að fá þjónustu annars staðar og því leiti fleiri á Landspítalann.

### Krafa um minni þjónustu

Ekki er ljóst hvernig brugðist verður við kröfu um niðurskurð. Ákvörðun um það verður tekin í þessum mánuði. Þriggja mánaða fyrirvara þurfi til að færa fólk til í starfi og komi til uppsagna sé uppsagnarfrestur almennt 3 til 6 mánuðir.

„Það verður að hætta með eitthvað, minnka einhvers staðar og loka. Við erum með starfsemi á svo svakalega mörgum stöðum að við verðum að hætta með eitthvað.

Það eru kannski einhverjir hlutir sem við getum lagað áfram, en það er nokkuð sem við erum að gera alla daga. Það er hins vegar ekki verið að skera neina fitu lengur. Það er krafa í frumvarpinu að við veitum minni þjónustu. Það er ekkert flóknara en það."

### Ætlum ekki í uppsagnir

Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu er gert að skera niður um 1,5 prósent á næsta ári. Að auki bætist viðbótarkostnaður við rekstrurinn, svo sem vegna tölvuleyfa og ýmislegs annars. Stefán Eiríksson lögreglustjóri segir lögregluna verða að sníða sér stakk eftir vexti. Ekki eigi að segja upp fólki. Morgunljóst sé hins vegar að þetta þýði breytingar á rekstrinum.

„Við höfum á undanförnum árum skorið mjög hraustlega niður með ágætis árangri. Okkur hefur tekist á undanförnum árum ekki bara að halda okkur innan ramma fjárlaga, heldur greitt niður halla sem hefur safnast upp, meðal annars vegna mótmæla og óeirða við þinghúsið. Það er ekki endalaust hægt að taka til og breyta skipulagi eins og við höfum verið að gera. Það hlýtur að koma að því að það verður að breyta þjónustunni." Löngu sé komið á þann tímapunkt.

Stefán segir að niðurskurður hafi hafist hjá embættinu strax í árslok 2008. Deildum hafi verið lokað, laun lækkuð og dregið úr yfirvinnu, svo eitthvað sé nefnt. „Þú skerð ekki niður um á þriðja tug prósenta í löggæslu án þess að það komi niður á þjónustunni, það segir sig sjálft."

### Allt kemur til greina

Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, segir að ekki verði auðvelt að bregðast við kröfu um niðurskurð. Þetta sé fjórða árið í röð þar sem niðurskurðar er krafist, en nú nemur krafan 2 prósentum, eða 185 milljónum króna.

Hækkun innritunargjalda er lögbundin og ekki er gert ráð fyrir henni í frumvarpinu. „Það sem gerir okkur sérstaklega mjög erfitt fyrir er að á sama tíma og raunfjárveitingar til skólans hafa lækkað um 18 prósent hefur nemendum fjölgað um 20 prósent. Við erum því með mörg hundruð nemendur sem ekki er greitt með."

Kristín segir lítið annað í boði en að minnka starfsemina. Það sé hins vegar erfitt, því lítið sé um fámenn námskeið eftir þessa miklu fjölgun nemenda. Endanlegar ákvarðanir verði teknar í byrjun desember, en allt komi til greina, jafnvel uppsagnir.



**LANDSPÍTALI** Fjárlagafrumvarpið er krafa um minni þjónustu í heilbrigðiskerfinu að mati Björns Zoëga, forstjóra Landspítalans. Hann segir ljóst að einhverri starfsemi verði að hætta. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**STEFÁN EIRÍKSSON**



**BJÖRN ZOËGA**



**KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR**

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is







www.husa.is
Allt fínt fyrir jólin
Öll innimálning
25%
afsláttur*
JOTUN
LADY
PREMIUM PAINT & COLORS
PURE COLOR
supermatt 01
væg VEGG vägg
NYHET!
Vår vakreste veggmaling noensinne
SLITESTERK
*Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Einungis 3% lántökugjald af upphæðinni og 325 kr greiðslugjald
KAUPLÁN 0% VAXTALAUST LÁN
Nánar á husa.is
HÚSASMIÐJAN

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stjórnmálamenn nýta sér óvinsældir bankanna:

## Lýðskrumskast

Bankarnir njóta lítilla vinsælda þessa dagana. Það mátti sjá á kröfuspjöldum á Austurvelli í gærkvöldi og ekki síður heyra í ræðum þingmanna í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra. Þeir stukku hver af öðrum upp á vagninn og dembdu sér yfir bankana í sameiginlegu lýðskrumskasti.

Fremstur í flokki fór forsætisráðherrann, sem talaði í öðru orðinu um mikilvægi þess að endurreisa fjármálakerfi landsins en í hinu að hún skildi vel þá reiði sem beindist að bönkunum og gagnrýndi „ótrúlegar tölur“ um „ofurhagnað“ þeirra. Forsætisráðherrann hvatti bankana til að lækka vexti og skila einhverju af hagnaðinum aftur til samfélagsins.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, var á sömu slóðum og sagði fréttir af hagnaði bankanna valda „ólgu og vonbrigðum“, af því að búið hefði verið að segja fólki að svigrúmi bankanna til að lækka skuldir heimila og einstaklinga hefði verið ráðstafað og rúmlega það.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, var síðan við sitt sama heygarðshorn og heimtaði almenna skuldaleiðréttingu á kostnað bankanna eina ferðina enn.

Það hlýtur að minnsta kosti að mega gera þá kröfu til forsætisráðherrans að hún viti hvernig hagnaður bankanna er til kominn og hvaða mælikvarða stjórnsýslan, sem hún stýrir sjálf, leggur á hann. Í fyrra mat Bankasýsla ríkisins það svo að afkoma af reglulegum rekstri Arion banka og Landsbankans væri langt frá því að vera viðunandi út frá því sem kalla mætti eðlilega ávöxtunarkröfu. Í ár telur sama stofnun að hagnaður af reglulegum rekstri bankanna sé að komast í viðunandi horf.

Arðsemiskrafan segir til um hvaða afkomu bankarnir þurfa að skila til að vera vænleg fjárfesting sem fólk vill leggja peninga í. Þá er ekki aðeins átt við útlenda kröfuhafa heldur líka íslenzka skattgreiðendur sem eiga Landsbankann nær allan og drjúgan hlut í Arion banka.

Hagnaður bankanna af óreglulegum liðum er tilkominn vegna tímabundinna þátta og tæplega varanlegur. Hjá Arion banka og Landsbankanum kemur til endurmat á lánum til fyrirtækja. Það ættu að vera góðar fréttir að fyrirtæki geti borgað meira en menn töldu áður að þau gætu, en þýðir ekki að afsláttur sem gefinn var af lánum til heimila við færslu þeirra yfir í nýjan banka hafi ekki verið nýttur. Hjá Landsbankanum er stór hluti hagnaðarins til kominn vegna gengisójöfnuðar í eignasafninu, sem getur líka virkað í hina áttina og valdið bankanum stórfelldu tjóni.

Af þessum ástæðum er varasamt fyrir ríkisstjórnina að vilja setja á nýjan bankaskatt til að ná hagnaðinum af bönkunum. Til lengri tíma litið getur slíkur skattur skaðað bankana og verður alveg örugglega ekki til að hjálpa þeim að lækka vexti.

Það er ábyrgðarhluti þegar stjórnmálamenn halda áfram að tala á þann veg að hægt sé að gefa enn meira eftir af skuldum bankanna. Forsætisráðherrann talaði til dæmis af sér í síðustu viku, þegar hún sagðist telja sjálfsagt að skoða slíkt. Ef fólk heldur að enn meiri skuldaniðurfelling geti verið á leiðinni munu margir áfram draga að gera nokkuð í sínum málum.

Gjörðir bankanna eftir hrun eru að sjálfsögðu ekki yfir gagnrýni hafnar. En stjórnmálamenn mættu gjarnan ræða þær af meiri virðingu fyrir staðreyndum og gæta þess að búa ekki til falsvonir hjá fólki.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

**Hagfræði fjölskyldunnar**

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

**Miðvikudaginn 5. október kl. 15-17**
**Háskólatorg, HT-104**
Í boði Hagfræðideildar





Fátt mannlegt er hagfræði óviðkomandi. Um eina af undirgreinum hagfræðinnar, sem kalla má **„hagfræði fjölskyldunnar“** verður fjallað á málstofu.

**Tinna Laufey Ásgeirsdóttir,** lektor við Hagfræðideild flytur erindið:
*Fjölskylda framtíðarinnar.*

**Helgi Tómasson,** dósent við Hagfræðideild flytur erindið:
*Áhrif hreyfmynsturs og tengsla á birtingarmyndir mældra hagstærða.*

**Allir velkomnir, aðgangur ókeypis**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
1911-2011

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Orðtakasmíðin

Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, er ræðuskörungur. Svo er hún orðhög að henni duga ekki hefðbundin íslensk orðtök til að fanga hugsun sína. Hér hefur áður verið sagt frá því þegar Vigdís sagði ótækt að stinga höfðinu í steininn og þykir bragð af þeirri myndlíkingu. Vigdís hjó í sama knérunn í gær og hélt áfram að prjóna við fátækt myndmál þjóðarinnar tengt steinum. „Það mega sumir kasta grjóti úr steinhúsi,“ sagði hún og var hneyksluð á því að þeim gæðum væri misskipt. Óvíst er hvort Bibba á Brávallagötunni lifir enn, en afkomendur hennar lifa allavega góðu lífi.



### Orðasmíðin

Jóhann Hauksson hefur gefið út bókina Þræðir valdsins, þar sem hann skoðar tengsl viðskipta og stjórnmála. Óhætt er að segja að Jóhanni liggi mikið á hjarta og mikið virðist hafa verið að í þessum hulda heimi sem hann segist bregða ljósi á. Jóhann segir: „Valdatengslin verða að eins konar mjúku valdaneti stjórnlyndrar forsjárhyggju sem sprettur upp af langvinnum blóðskammartengslum í viðskiptum og stjórnmálum hér á landi.“

### Brigslað um sifjaspell

Ljóst er að víða hefur verið pottur brotinn, ef marka má þetta sérkennilega nýyrði Jóhanns; blóðskammartengsl. Blóðskömm er gamalt hugtak og ekki mörgum tamt á tungu í dag, en það þýðir sifjaspell. Orðabókaskilgreiningin er: „Samfarir milli ættingja í beinan ættlegg eða milli systkina.“ Jóhann virðist því hafa kafað óvenju djúpt í rannsókn sinni og hafa afhjúpað ólöglegt athæfi þar sem ekki var vitað um það áður.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Ísland án tóbaks

Reykingar

Karl Andersen
Prófessor í hjartalækningum



Á hjartadeild Landspítala meðhöndla ég á hverjum degi fólk sem hefur fengið hjartaáfall af völdum tóbaksreykinga. Meirihluti þess reykir daglega eða hefur reykt stóran hluta ævinnar. Afleiðingarnar eru skemmd á hjartavöðva með óafturkræfu drepi. Meðferðin beinist að því að takmarka það tjón sem orðið er og reyna að koma í veg fyrir endurtekin áföll. En skaðinn er skeður og viðkomandi verður hjartasjúklingur það sem hann á eftir ólifað.

Þegar ég ræði við þetta fólk kemur í ljós að flestir byrjuðu að reykja um eða upp úr fermingu. Það var ekki yfirveguð ákvörðun fulltíða einstaklings sem réði því að hann varð háður nikotíni tóbaksins, heldur urðu þessir einstaklingar á barnsaldri fyrir barðinu á einhverri harðsvíruðustu markaðssetningu sem þekkist. Tóbaksiðnaðurinn hefur það eina markmið að selja tóbak og græða á því. Þetta er iðnaður sem leggur ekkert af gróða sínum til velferðarmála eða uppbyggingar samfélagsins. Annar hver viðskiptavinur tóbakssölufyrirtækjanna deyr fyrir aldur fram af völdum reykinga vegna hjartaáfalls, heilablóðfalls, krabbameins eða lungnabilunar. Þeir sem lifa fram á eftirlaunaaldur mega búast við að eyða ævikvöldinu með skert lífsgæði vegna krónískra sjúkdóma eins og lungnaþembu, mæði, hjartabilunar eða lamana. Margir þurfa að gangast undir krabbameinsmeðferð eða hjartaaðgerðir til að reyna að endurheimta heilsu sem þeir hafa glatað. Þessir einstaklingar óska þess að þeir hefðu aldrei byrjað að reykja á fermingaraldri.

Kostnaður samfélagsins er þó aðallega fjárhagslegur. Þrátt fyrir skatta og álögur ríkisins tapar samfélagið um 2.000 krónum á hverjum seldum sígarettupakka. Skattgreiðendur borga um 20 þúsund krónur með hverju seldu sígarettukartoni vegna þess kostnaðar sem reykingar valda, í heilbrigðiskerfinu, töpuðu vinnuframlagi, örorku og endurhæfingu reykingamanna.

Á hverjum degi byrja tvö ungmenni að reykja á Íslandi. Annað þeirra mun deyja fyrir aldur fram vegna reykinga. Eftir þrjátíu ár verða þessi ungmenni komin með kransæðastíflu eða krónískan sjúkdóm sem heilbrigðiskerfið þarf að takast á við. Milljarðatugir tapast árlega. Nánast allir reykingamenn byrjuðu að reykja fyrir tvítugt og verða sjúklingar fyrir sextugt. Er ekki tími til að við stöldrum við og áttum okkur á orsök og afleiðingu? Það er ekkert náttúrulögmál að börn byrji að reykja. Það er ekkert sjálfsagt og eðlilegt við það að unglingur verði háður tóbaki. Með því að koma í veg fyrir reykingar barna og unglinga verður Ísland reyklaust innan fárra ára. Öllum til hagsbóta.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Skipta formreglur í lögum einhverju máli?



HUGLEIÐINGAR UM LÖG OG RÉTT

Róbert R. Spanó
forseti lagadeildar HÍ

Það er algengt að kvartað sé yfir því að lögfræðingar séu „óttalegir formalistar“. Helst heyrist þessi gagnrýni þegar fregnir berast af því að sakamáli hafi verið vísað frá dómi vegna brots á formreglum. Þá er gjarnan fussað og sveiað yfir því að ákærðu hafi „sloppið á tækniatriðum“, að dómstólar „hangi um of í forminu“.

En hvað býr að baki formreglum í lögunum? Af hverju skiptir máli að slíkum reglum sé fylgt? Að þessu sinni verður gerð tilraun til að útskýra mikilvægi formsins í lögfræðinni og sérstaklega vikið að formreglum við meðferð sakamála.

**Formið skiptir máli fyrir efnið**

Réttarreglur eru gjarnan flokkaðar með ýmsum hætti, t.d. í boð- og bannreglur eða í form- og efnisreglur. Formreglur eru reglur sem mæla fyrir um verklag sem stjórnvöld eiga að fylgja áður en þau taka ákvörðun, t.d. um að þeim beri að rannsaka mál og veita þeim einstaklingi sem málið varðar kost á að tjá sig. Slíkar reglur fjalla einnig um það hvernig ákæruvaldið á að undirbúa sakamál áður en það er höfðað fyrir dómi, t.d. um það hvernig ákæra á að vera úr garði gerð og hvernig afla má sönnunargagna.

Efnisreglur ráða hins vegar endanlegri niðurstöðu máls. Þær mæla fyrir um þau skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt svo að viðurkennt verði að maður eigi tiltekinn rétt eða að hann þurfi að bera tiltekna skyldu. Ákvæði almennra hegningarlaga um manndráp af ásetningi er efnisregla. Ákvæði stjórnsýslulaga um rannsókn máls er formregla.

Tilgangur formreglna í lögum er ekki sá að gera það auðvelt fyrir lögfræðinga að tefja mál úr hófi eða gera það óþarflega flókið svo þeir geti makað krókinn. Formreglur hafa önnur og göfugri markmið. Meðal þeirra er að tryggja að ágreiningsmál sé þannig undirbúið að sem mestar líkur séu á að rétt efnisleg niðurstaða fáist. Formið skiptir því í reynd verulegu máli fyrir efnið. Ef formreglum er ekki fylgt skapast hætta á að niðurstaða máls verði efnislega röng. Á það einkum við þegar hið opinbera hefur í hyggju að beita mann valdi, t.d. við meðferð sakamála. Í slíkum málum er formreglum jafnframt ætlað að tryggja mannréttindi sakbornings.

**Togstreita á milli forms og efnis við meðferð sakamála**

Á undanförnum árum hefur sumum sakamálum lokið með því að ekki hefur verið leyst efnislega úr sakargiftum ákærða. Hefur málum þá verið vísað frá dómi vegna brots á formreglum. Sem dæmi má nefna svokallað „olíusamráðsmál“ þar sem máli var vísað frá á þeim forsendum að undirbúningur þess á rannsóknarstigi hefði verið ófullnægjandi. Einnig má nefna „Baugsmálið“ svonefnda. Þar var máli upphaflega vísað frá dómi að hluta þar sem lýsing í ákæru á sakargiftum ákærðu var að mati Hæstaréttar ekki talin nægilega skýr. Um það hefur verið deilt hvort Hæstiréttur hafi í þessum málum gert óhóflegar kröfur til ákæruvaldsins um að formreglum laga um meðferð sakamála, svokölluðum réttarfarsreglum, væri fylgt.

Það er grundvallarmarkmið laganna að úr ágreiningsmálum, þ. á m. sakamálum, sé leyst með réttum hætti. Þótt formreglum sé ætlað að tryggja að efnisleg niðurstaða verði rétt kann óhófleg áhersla á formið að koma í veg fyrir málalyktir. Það kann því að myndast togstreita á milli forms og efnis við úrlausn ágreiningsmála.

Til frekari útskýringar og í dæmaskyni verður nú vikið nánar að kröfum sakamálalaga til efnis ákæru.

**Kröfur sakamálalaga til efnis ákæru**

Í ákæru á að koma fram greinargóð lýsing á því hvað ákæruvaldið telur að ákærði hafi sér til sakar unnið. Þá kann ákæruvaldinu, ef þörf krefur, að vera skylt að setja fram í ákæru röksemdir þær sem málsóknin er byggð á. Tilgangur þessara formreglna er sá að ákærði fái alla möguleika á því að verja sig fyrir þeim ásökunum sem settar hafa verið fram. Hvernig getur maður varið sig ef hann veit ekki með vissu hverjar sakargiftirnar eru?

> Verkefni ákæruvaldsins við að orða ákæru getur verið vandmeðfarið, einkum í stórum og flóknum málum eða þegar á það reynir í fyrsta skipti hvort tiltekin háttsemi teljist refsiverð.

Verkefni ákæruvaldsins við að orða ákæru getur verið vandmeðfarið, einkum í stórum og flóknum málum eða þegar á það reynir í fyrsta skipti hvort tiltekin háttsemi teljist refsiverð. Það er engin algild regla til um hvenær ákæra telst nægilega skýr til að úr máli verði leyst án þess að skerða rétt ákærða til að halda uppi vörnum.

Kjarni málsins er þó sá að ekki má leika vafi á því um hvað ákærði er sakaður af hálfu ákæruvaldsins. Ef vafi er fyrir hendi verður að vera unnt að vísa máli frá dómi. Þegar það er gert er dómarinn ekki að „hanga í forminu“ heldur að tryggja að ekki verði dæmt um sekt eða sýknu ákærða nema hann hafi átt kost á því að halda uppi vörnum. Besta leiðin til að mál sé nægilega upplýst áður en það er dæmt er að bæði ákæruvaldið fyrir hönd almennings og ákærði hafi fengið fullnægjandi tækifæri til að setja fram sínar hliðar á málinu. Krafan er hins vegar ekki sú að ákæra sé eins vel orðuð og hugsast getur, enda megi ákærða vera fullljóst hvað honum er gefið að sök. Vísi dómari máli samt sem áður frá má réttilega gagnrýna þá niðurstöðu.

**Jafnvægi milli forms og efnis við meðferð sakamála**

Það er verkefni dómstóla að tryggja ákveðið jafnvægi á milli forms og efnis við meðferð sakamála. Þar leikast annars vegar á hagsmunir almennings af því að þeir sem brjóta í reynd af sér sæti refsingu og hins vegar hagsmunir þeirra, sem sakaðir eru, um að njóta réttlátrar málsmeðferðar. Dómarar mega ekki gera of miklar kröfur til formsins. Þeir mega þó heldur ekki láta hjá líða að vernda mannréttindi sakbornings með formreglum og tryggja að endanleg niðurstaða máls verði rétt.

## AF NETINU

### Sósíalistinn lækkar skatta!

Sósíalistinn Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra Íslands ætti að taka til fyrirmyndar sósíalistann Thor Möger Pedersen sem í dag tók við embætti skattamálaráðherra Danmerkur.

Hinn 26 ára skattamálaráðherra úr Sósíalíska þjóðarflokknum, systurflokki VG, gerir sér – andstætt Steingrími J. – fullkomlega ljóst að hófleg skattheimta á atvinnulífið tryggir aukin umsvif atvinnulífsins og þar af leiðandi tryggar skatttekjur – meðan skattpíning drepur atvinnulífið, eykur svartra vinnu og dregur úr tekjum ríkisins.

blog.eyjan.is

**Hallur Magnússon**

### Kynjuð nefndaskipan

Alþingi skipaði upp á nýtt í fastanefndir og alþjóðanefndir Alþingis á laugardaginn. Eftir að forseti hafði lesið upp nefndarmenn í einstökum nefndum lá fyrir að Alþingi hefur enn á ný náð að skipta kynjum bróðurlega á milli nefnda.

Þær nefndir sem fara með fjár-, atvinnu- og utanríkismál eru skipaðar körlum að mestu, á meðan konur sitja frekar í nefndum sem fara með velferðar-, mennta- og dómsmál.

Ég hafði áhyggjur af því að þetta gæti orðið niðurstaðan þegar lá fyrir að skipa ætti á ný í nefndir þingsins og lagði áherslu á að formenn þingflokka yrðu að tala saman um skipan í nefndir m.a. út frá kynjasjónarmiðum.

Ástæðan var að ég tel best að sjónarmið beggja kynja fái að heyrast jafnt, -líka þegar kemur að fjár-, atvinnu- og utanríkismálum. Þess vegna hef ég t.d. stutt kynjaákvæði í lögum Framsóknarflokksins og félagarétti.

blog.eyjan.is

**Eygló Harðardóttir**

FATASKÁPADAGAR



25% afsláttur af fataskápum í október










Tilboð 94.725,-
Fullt verð 126.300,-



Tilboð 39.150,-
Fullt verð 52.200,-



Tilboð 39.150,-
Fullt verð 52.200,-




Tilboð 49.900,-
Fullt verð 66.900,-

Hirzlan
Smiðsbúð 6, 210 Garðabæ, Sími 564 5040
www.hirzlan.is

# Forseti Íslands, valddreifing og valdtemprun

Ný stjórnarskrá
Ómar Ragnarsson
fulltrúi í stjórnlagaráði



Nokkrar umræður hafa skapast vegna ákvæða í frumvarpi Stjórnlagaráðs um hlutverk forseta Íslands. Í þessum umræðum hefur það greinilega truflað marga hvernig því embætti er gegnt um þessar mundir. Raunar er það ekki nýtt, því að í vinnunni varðandi stjórnarskrána varð að gæta þess að festast ekki alveg í núinu og fortíðinni, heldur horfa fram á við. Í ljósi reynslunnar var það meginstef í nýrri stjórnarskrá að tryggja lýðræði, valddreifingu, valdtemprun, gagnsæi og heiðarleika. Ef þetta á að takast þarf að taka sem flesta aðila inn í valdakerfið og tryggja sem jafnasta stöðu þeirra til þess að koma í veg fyrir misvægi og fáræði.

Eftir miklar vangaveltur varð það niðurstaðan, að nytsamt gæti verið að hlutverk forseta Íslands sem eina persónukjörna embættismanns þjóðarinnar yrði meðal annars í því fólgið að vera nokkurs konar öryggisventill í því kerfi valddreifingar og valdtemprunar sem hér yrði. Þetta þarf ekki sjálfkrafa að þýða stóraukið vald forsetans með því að einblína á nokkur ný viðfangsefni, sem honum eru ætluð, heldur verður að líta á stjórnarskrána í samhengi. Dæmi: Í núverandi stjórnarskrá er forseti Íslands eini aðili ríkisvaldsins, sem hefur beina lagaheimild til málskotsréttar til þjóðarinnar. Í frumvarpi Stjórnlagaráðs er þessu valdi hins vegar dreift, þannig að 10% þjóðarinnar fá líka þetta vald auk þess sem 2% þjóðarinnar geta lagt fram mál á Alþingi sem á endanum getur farið í dóm þjóðarinnar.

Þegar horft er yfir þetta sést, að með þessum ákvæðum er minni byrði lögð á forseta Íslands varðandi það að vísa málum í þjóðaratkvæðagreiðslu en áður var þegar hann var eini aðilinn sem gat gert þetta í samræmi við sérstakt ákvæði í stjórnarskrá. Í stað eins farvegs fyrir þetta eina ferli eru komnir þrír og þjóðinni sjálfri falið hlutverk og ábyrgð í þessu efni. Að öðru jöfnu getur þetta varla talist annað en að dregið sé úr vægi forsetans í þessum efnum. Í stað þess að hann einn telji sig þurfa að hafa frumkvæði til málskots getur hann haldið sig til hlés og leyft þjóðinni sjálfri að fást við þetta.

> Því að reynsla síðustu ára hefur sýnt hve lítils raunverulegt lýðræði má sín gegn hinni banvænu blöndu: Auðræði, fáræði og fláræði þegar þetta þrennt er njörvað saman.

Að vísu er málskotsréttur hans í nýju stjórnarskránni ekki með neinum takmörkunum, en ef menn eru með hugann við vald hans hlýtur það samt að hafa minnkað á þessu mikilvæga sviði.

Aðrar breytingar á starfssviði og hlutverki forseta Íslands miða að því að gera ákvæði um það skýrari en nú er, til dæmis við myndun ríkisstjórna. Allt frá því að Sveinn Björnsson, þáverandi ríkisstjóri, myndaði utanþingsstjórn 1942, hafa þeir sem hafa gegnt forsetaembætti getað þrýst á stjórnarmyndun með því að gefa í skyn að þeir myndu mynda utanþingsstjórn og má nefna nokkur dæmi um þetta. Í þessu hefur falist talsvert vald þótt því hafi ekki verið beitt beint. Í frumvarpi Stjórnlagaráðs er gert ráð fyrir öðru fyrirkomulagi hvað þetta varðar og forseta Íslands fengið ákveðið hlutverk eftir nýjum reglum þar um. Það kann að gefa honum vald, en fyrst og fremst er það hugsað sem hluti af valddreifingu og valdtemprun sem gengur eins og rauður þráður í gegnum frumvarpið. Valdþættirnir þrír, framkvæmdavald, löggjafarvald og dómsvald, eru í nútímaþjóðfélagi aðeins þrír af fimm, því að fjölmiðlun og auðræði hafa bæst við.

Gaman hefði verið að fást nánar við síðastnefndu þættina í nýrri stjórnarskrá og bæta öðru nýyrði við auðræði, „fláræði“, sem tákn um það vald sem getur falist í blekkingum og óheiðarleika, meðal annars á sviði fjölmiðlunar. Því að reynsla síðustu ára hefur sýnt hve lítils raunverulegt lýðræði má sín gegn hinni banvænu blöndu: Auðræði, fáræði og fláræði þegar þetta þrennt er njörvað saman.




VOLVO C30 DÍSIL

Notar aðeins 3,5 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Eigðu sviðið með svölum Volvo C30. Veldu aðra leið en þá hefðbundnu. Fetaðu þína eigin leið með hinum sportlega Volvo C30.
Verð frá 4.290.000 kr.

Frítt í bílastæði í Reykjavík.



VOLVO S40 DÍSIL

Notar aðeins 3,5 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Hagkvæmur og glæsilegur kostur þar sem öryggi, ending og lífsgildi nútímans liggja til grundvallar. Kjóstu hagkvæmni Volvo S40.
Verð frá 4.490.000 kr.

Frítt í bílastæði í Reykjavík.



VOLVO V50 DÍSIL

Notar aðeins 3,5 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Veldu Volvo V50 fyrir notagildið. Valið er auðveldara ef þú þarft að finna rétta jafnvægið milli hagkvæmni og áhugamála. Volvo V50 er notadrjúgur bíll, hentugur fyrir fjölskylduna. Náðu jafnvægi.
Verð frá 4.690.000 kr.

Frítt í bílastæði í Reykjavík.



VOLVO S60 DÍSIL

Notar aðeins 3,9 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Volvo S60 sannar vitsmunalega tilvist okkar. Volvo S60 er skilgreining okkar á heiminum eins og við þekkjum hann. Endurreiknaðu líf þitt.
Verð frá 5.690.000 kr.

Frítt í bílastæði í Reykjavík.



VOLVO V60 DÍSIL

Notar aðeins 4,1 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Volvo V60 stendur vörð um líf þitt. Mættu grunnþörfum fjölskyldunnar með öryggi Volvo V60. Mættu ítrustu kröfum þínum um lúxus með hátækni og munaði.
Verð frá 5.990.000 kr.

Frítt í bílastæði í Reykjavík.



VOLVO S80 DÍSIL

Notar aðeins 4,0 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Öryggi, munaður og þægindi ná nýjum hæðum í Volvo S80. Endurskilgreindu gæði í þínum huga með nýjum Volvo S80.
Verð frá 5.990.000 kr.

Frítt í bílastæði í Reykjavík.

**Reiknaðu**
Komdu í Brimborg í dag milli kl. 9 og 17

VOLVO. BARA FYRIR SKYNSAMT FÓLK.

Hugleiddu hvað rúmast í þínu lífi. Frelsi, fjölskylda, félagar, frítími, ferðalög, friður, þægindi, lúxus, traust, fjárhagslegt svigrúm. Öryggi! Veldu bíl sem er leiðandi í öryggi. Veldu bíl sem er hagkvæmur í heild sinni. Veldu sparnað. Reiknaðu dæmið.. Reiknaðu með Volvo í þínu lífi. Hafðu ráð á að lifa lífinu. Lifðu í öryggi. Veldu Volvo. Komdu í Brimborg.



visthæf skref
með Brimborg
Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað

Öryggi er lúxus. Lifðu í lúxus.
Spyrðu um fyrirmyndarþjónustu Brimborgar.

Volvo S60 er sigurvegarinn í flokki stærri fólksbíla í vali á Bíl ársins 2012
BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLABLAÐAMANNA BÍLL ÁRSINS 2012

Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Volvo á Íslandi.

# Mánaðamót án verðtryggingar

Verðtrygging
Jens Pétur Jensen
hagfræðingur



Arion banki á hrós skilið fyrir að auglýsa „mánaðamót án verðtryggingar“ og bjóða óverðtryggð húsnæðislán á föstum vöxtum. Hins vegar mætti vaxtaprósentan vissulega vera lægri, en 6,45% ársvextir þýða að bankinn fær lánsfjárhæðina til baka á innan við 12 árum! Íslandsbanki býður mun lægri vexti á samsvarandi lánum, eða 5,4%, sem gerir 20,3% lægri vaxtagreiðslur. Á móti kemur að vextir Íslandsbanka breytast í takt við vexti Seðlabankans og þar er ekki á vísan að róa. Arion banki býður hins vegar fasta vexti til fimm ára í senn, sem er lykilatriði. Vonandi fá húsnæðiskaupendur enn betra tilboð frá Landsbankanum, banka allra landsmanna, á næstunni.

Bankarnir bregðast með þessum lánum við óskum almennings um húsnæðislán án verðtryggingar líkt og tíðkast í öðrum löndum. Þeir brugðust hins vegar ekki svona vel við þessum óskum fyrir bankahrunið, heldur veittu fólki og fyrirtækjum nær óheftan aðgang að erlendum lágvaxtalánum þrátt fyrir að þurfa að innheimta þau í íslenskum krónum. Þetta var auðvitað galin blanda og þess vegna fór sem fór.

Ef verðbólgan fer aftur á skrið geta óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum orðið launafólki ofviða, eins og sýndi sig í kjölfar skattlausa ársins 1987 þegar verðbólgan fór í 21,8%. Höfuðmeinsemdin og aðalástæðan fyrir hinni almennu verðtryggingu er verðbólgan og veikur gjaldmiðill. Hefði verðtryggingin hins vegar ekki komið til á sínum tíma væru Íslendingar nú verr staddir en raunin er og ættu lítinn sem engan lífeyrissparnað. Því er spurning hvort við getum ekki áfram verðtryggt lífeyrinn en eigi að síður aflagt almenna verðtrygginguna á fjárskuldbindingar almennings. Snjallir bankamenn eru hvattir til að svara þessu.

Færa má rök fyrir því að hin almenna notkun lánveitenda, stofnana og sumra fyrirtækja á vísitölum neysluverðs og byggingarkostnaðar ýti undir verðbólgu. Þannig er verðlag hækkað sjálfkrafa hjá sumum fyrirtækjum og stofnunum eftir því sem vísitölurnar hækka, án tillits til þess hvort um raunverulega hækkunarþörf sé að ræða í hverju tilviki. Þetta fyrirkomulag mætti kalla sjálfnærandi eða heimatilbúna verðbólgu. Í kjölfar bankahrunsins 2008, og verðbólgunnar sem fylgdi í kjölfar falls krónunnar, sáu mörg fyrirtæki og stofnanir sig knúin til að aftengja vísitöluuppreikninginn (a.m.k. tímabundið) eða þurfa að öðrum kosti að horfa á eftir viðskiptamönnum sínum í gjaldþrot. Við þessar aðstæður sýndi sig að hin almenna verðtrygging gekk ekki upp. Sú sjálfnærandi verðbólga sem almenn verðtrygging fjárskuldbindinga og einingaverða myndar verður líklega aðeins stöðvuð með meiri samkeppni á fjármálamarkaði, sbr. tilboð bankanna hér að ofan, og/eða lagasetningu sem þrengir notkun verðtryggingarinnar við tilgreindar tegundir samninga, líkt og gert var þegar tilraunin með verðtryggingu launa var afnumin.

> Því er spurning hvort við getum ekki áfram verðtryggt lífeyrinn en eigi að síður aflagt almenna verðtrygginguna á fjárskuldbindingar almennings. Snjallir bankamenn eru hvattir til að svara þessu.

Svo virðist sem mörg fyrirtæki (þ.m.t. bankar og ýmsar stofnanir) hafi á einhverjum tímapunkti gefist upp á sameinast um að nota verðvísitölur, sem eru frítt í boði hins opinbera, til að hækka sjálfkrafa verð á vörum og þjónustu án tillits til annarra þátta, svo sem áhrifa verðhækkana á eftirspurnina. Í þessu felst vítahringur sjálfnærandi verðbólgu en einnig tækifæri til aukinnar markaðshlutdeildar fyrir þau fyrirtæki sem segja skilið við vísitölubindinguna og sækjast fremur eftir aukinni markaðshlutdeild sér til handa á grundvelli lægra verðs eða lægri vaxta.

Fyrirtæki, einstaklingar og stofnanir eru hvött til að beina viðskiptum sínum til þeirra banka og fyrirtækja sem sagt hafa skilið við verðtrygginguna. Vonandi verða „mánaðamót án verðtryggingar“ hversdagslegur veruleiki hjá sem flestum.



# Lán og ólán

Húsnæðislán

Anna Margrét Guðjónsdóttir
stjórnarmaður í Já Ísland



Flestir þurfa að taka lán til að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Það á ekki bara við um Íslendinga heldur líka íbúa annars staðar í Evrópu og öllum heiminum ef því er að skipta. En þar sem við erum Evrópubúar getur verið hollt og skynsamlegt að skoða og bera saman hvaða kjör bjóðast okkur í samanburði við nágranna okkar þegar kemur að því finna fé til húsnæðiskaupa.

Allur samanburður í þessum efnum hefur verið snúinn hingað til því langflest lán til húsnæðiskaup hér á landi hafa um áratuga skeið verið verðtryggð, en slíkt þekkist ekki í öðrum Evrópulöndum. Nú eru sumir íslensku bankanna farnir að að bjóða óverðtryggð lán með föstum vöxtum til a.m.k. fimm ára og vænkar þá hagur þeirra sem vilja bera saman aðstöðu okkar og annarra Evrópubúa. Kjör okkar batna hins vegar ekkert – því miður.

Dæmin hér að neðan eru tekin af heimasíðu Arion banka og ING bankans í Belgíu hinn 27. september 2011. Forsendur eru þær sömu, þ.e. beðið er um 16 milljón króna lán annars vegar með veði í fasteign. 100.000 evrur samsvara tæplega 16 milljónum íslenskra króna miðað við gengi Seðlabanka Íslands sama dag. Lánin eru bæði til 25 ára og í báðum tilvikum er um að ræða fastar mánaðarlegar afborganir á lánstímanum eða 300 afborganir alls.

Niðurstaðan er þessi:

Báðir bankarnir hafa þann varnagla á að endurskoða vextina að fimm árum liðnum. Samkvæmt skilmálum ING bankans geta þeir þó hvorki hækkað né lækkað um meira en 5% þegar þar að kemur. Ekkert slíkt þak er að finna hjá Arion banka.

Íbúum víðast hvar í Evrópu bjóðast svipuð lánakjör og ING bankinn í Belgíu býður. En þau bjóðast ekki okkur Íslendingum – við verðum að sætta okkur við að borga nokkur hundruð þúsund krónum meira en þeir, á ári hverju, fyrir nákvæmlega sams konar lán. Svo lengi sem við stöndum fyrir utan Evrópusambandið.

Nú er spurt: Hvaða kjör viljum við láta bjóða okkur, börnum okkar og barnabörnum í framtíðinni? Lán eða ólán?

**Samanburður á húsnæðislánum**

| | ING banki | Arion (óverðtryggt) |
|---|---|---|
| Lánsfjárhæð | 15.932.000 ISK | 16.000.000 ISK |
| Vextir | 4,20% | 6,45% |
| Afborgun á mánuði | 85.165 ISK | 107.634 ISK |
| Heildargreiðsla | 25.549.000 ISK | 32.293.000 ISK |
| Þar af vextir | 9.617.000 ISK | 16.263.000 ISK |

# Kjósum fólk, ekki flokka

Stjórnmál

Óðinn Spencer
nemi



Er flokkakerfið komið að fótum fram? Það held ég. Flokkar geta vissulega unnið kosningar, myndað stjórn, og komið „málum í gegn“ en að öðru leyti virðast þeir afdönkuð fyrirbæri. Líkt og með trúna á jólasveininn þurfa menn að vaxa upp úr trúnni á flokkakerfið.

Við vitum öll hvernig flokkapólitíkin virkar. Mikill tími, orka og fjármunir vel meinandi fólks fara í lands- og flokksfundi árið um kring og í dæmigerða smölun atkvæða rétt fyrir kosningar. Auglýsingastofur aðstoða við hönnun stefnumála. Forystumenn mæta í sjónvarpssal öðru hverju og rífast eins og hundar og kettir, skipta um lit og skammtímalausnir eins og hendi sé veifað. Flókin og alvarleg málefni eru rædd með yfirborðskenndum slagorðum sem „selja“. Með loforðaflaumnum er komið fram við kjósendur eins og jórtrandi sauðahjörð. Umræður á Alþingi, með stofnanaváeddri stjórn og stjórnarandstöðu, eru einstaklega tímafrekar og sjálfhverfar, þar sem málefni eru reifuð í anda karpsins og flokkslínunnar fremur en samstarfsvilja og tilhlýðilegrar auðmýktar. Samt liggur í augum uppi að ákvarðanir eru ekki teknar í sýndarveruleika sjónvarpssals eða á leiksviði Alþingis. Þær eru teknar á bak við tjöldin, með tilheyrandi hrossakaupum. Og um langa hríð hafa flokkar gert sér far um að vingast við þá þjóðfélagshópa sem hafa efni á að styðja flokkana fjárhagslega og í kosningabaráttu þeirra. Flokksafbrigði nepótismans eru aldrei langt undan. Kjósendur þreytast á þessu, sjá oft lítinn mun á þessum flokksfyrirbærum og segja sama rassinn undir þeim öllum. Og flokkspólitíkusarnir þreytast sjálfir – nú síðast kvaðst einn vera „þreyttur á að verja eitthvað sem ég hafði ekki sannfæringu fyrir“. Og sagði sig úr flokknum sínum.

Afleiðingarnar af þessari meingölluðu pólitísku menningu flokkakerfisins hafa lengi verið þekktar.

> Nýtt Ísland þarf að losa sig við þetta gervilýðræði. Persónukjörið til Stjórnlagaráðs var merkilegt einmitt fyrir þær sakir að þar fékk hæfileikaríkt fólk að vinna saman utan flokkagrautsins og fylgikvilla hans.

Árið 1796 reit George Washington um stjórnmálaflokka: „Hlutverk þeirra er að skipuleggja og standa vörð um hagsmuni flokksins, færa þá í búning og miðla þeim gríðarlegu afli; í staðinn fyrir vilja þjóðarinnar kemur vilji flokksins, sem oft er lítill en kænn og framtakssamur minnihluti í samfélaginu.“

Hvað hefur flokkakerfið með lýðræði að gera? Er flokkakerfið ekki í raun skrumskæling á lýðræðinu? Stuðlar það ekki einfaldlega að gervilýðræði, sem byggir á þeim sömu markaðslögmálum frjálshyggjunnar sem settu Ísland á hausinn hér um árið? Starfa flokkar ekki í raun á frjálsum samkeppnismarkaði þar sem hver þeirra hugsar fyrst og fremst um sjálfan sig og setur sína eigin pólitísku hagsmuni ofar öllu öðru? Eru ákvarðanir ekki teknar með „ósýnilegri hönd“ kapítalismans sem beitir sér á dularfullan hátt í hrærigraut flokka, fjölmiðla, hagsmunagæsluhópa og auðugra einstaklinga?

Nýtt Ísland þarf að losa sig við þetta gervilýðræði. Persónukjörið til stjórnlagaráðs var merkilegt einmitt fyrir þær sakir að þar fékk hæfileikaríkt fólk að vinna saman utan flokkagrautsins og fylgikvilla hans. Algjörlega óháð því hvort drög þeirra að nýrri stjórnarskrá hafi verið gallalaus eða ekki, er sú samheldni og samvinna sem einkenndi vinnubrögð stjórnlagaráðs forsmekkur að pólitískri menningu sem gæti stuðlað að mun öflugra lýðræði í landinu en hægt er með gjaldþrota flokkakerfi.

Þjóðfundurinn lagði áherslu á að þingmenn vinni að þjóðarhag, hætti að karpa, starfi betur saman, og hafi hagsmuni þjóðarinnar ætíð í huga við afgreiðslu mála. Flokkakerfið er ekki svarið við þessari málaleitan. Þessum mikilvægu markmiðum yrði betur náð án stjórnmálaflokka.

Ísland er lítið land þar sem boðleiðir eru stuttar og tilraunir til að skapa nýja og betri pólitíska menningu eru raunhæfari en annars staðar. Göngum lengra en aðrar þjóðir og kjósum fólk, ekki flokka.

SANNLEIKURINN ER LYGILEGRI EN NOKKUR SKÁLDSKAPUR

„Spennandi eins og góð glæpasaga. Afhjúpar spillt valdakerfi. Trúverðug rannsóknarvinna fyrsta flokks blaðamanns.“
Svanur Kristjánsson, stjórnmálafræðingur



Jóhann Hauksson hefur um árabil verið í fararbroddi í íslenskri rannsóknarblaðamennsku. Hann hlaut meðal annars Blaðamannaverðlaun ársins 2010. Hér nýtir Jóhann sér yfirburðaþekkingu sína, reynslu og yfirsýn til að greiða úr þráðunum sem liggja ósýnilegir allt í kringum okkur.




TILBOÐ KRÓNUR
3.199*
Fullt verð 3.999 kr.
*Gildir til 19. október nk.

ENNEMM / SÍA / NM48425

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Eymundsson.is



**MM Pajero**
Árgerð 2007, dísel
Ekinn 76.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð
**5.740.000,-**

# NÝLEGIR GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



**VW Golf** Trendl 1,4
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 41.500 km, beinsk.

Ásett verð
**2.890.000,-**



**Volkswagen Jetta**
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 56.500 km, beinsk.

Ásett verð
**2.350.000,-**



**MM Lancer** Evo IX,
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 56.000 km, beinsk.

Ásett verð
**3.290.000,-**



**VW Polo** Comfort 1,4
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 40.000 km, beinsk.

Ásett verð
**1.990.000,-**



**Toyota** Land Cruiser 120
Árgerð 2008, dísel
Ekinn 74.200 km, sjálfsk.

Ásett verð
**6.790.000,-**



**Suzuki** Grand Vitara
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 84.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**2.590.000,-**



**Toyota Yaris**
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 41.500 km, beinsk.

Ásett verð
**1.990.000,-**



**Toyota Corolla**
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 65.000 km, beinsk.

Ásett verð
**2.180.000,-**



**Audi A4** 2.0
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 53.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**3.450.000,-**



**Opel Astra**
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 110.000 km, beinsk.

Ásett verð
**1.390.000,-**



**Mazda 6**
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 60.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**1.990.000,-**



**Toyota** Land Cruiser 120
Árgerð 2007, dísel
Ekinn 85.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
**6.690.000,-**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
heklanotadirbilar.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**69 JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** forsætisráðherra er 69 ára.

*„Minn tími mun koma!“*

## MERKISATBURÐIR

1908 Þórhallur Bjarnarson, 52 ára forstöðumaður Prestaskólans, er vígður biskup. Hann var biskup til æviloka, 1916.

1939 Kolamálið. Þjóðviljinn sakar ráðherra landsins um að hafa dregið að sér eldivið á skömmtunartímum. Ráðherrarnir voru hreinsaðir af þessum áburði og ritstjórar blaðsins dæmdir fyrir meiðyrði.

1984 Verkfall BSRB hefst. Það hafði víðtæk áhrif, meðal annars lá skólahald niðri, strætisvagnar gengu ekki og útsendingar Ríkisútvarpsins féllu að mestu niður. Samningar tókust 30. október.

**ÞETTA GERÐIST:** 4. OKTÓBER 1982

## *Kohl kjörinn kanslari Þýskalands*

Þýski stjórnmálamaðurinn Helmut Kohl var kjörinn kanslari Vestur-Þýskalands fyrir 29 árum. Hann var kanslari Vestur-Þýskalands til ársins 1990 og sameinaðs Þýskalands til 1998.

Árið 1973 varð Kohl formaður Kristilega demókratasambandsins, eins stærsta stjórnmálaflokks Þýskalands.

Sextán ára kanslaratíð hans nær yfir endalok Kalda stríðsins og er sú lengsta í sögu Þýskalands frá valdatíð Ottós von Bismarck.

Kohl var leiðandi í sameiningarferli Þýskalands og er eignaður heiðurinn af Maastricht-sáttmálanum og þar með Evrópusambandinu, ásamt François Mitterrand Frakklandsforseta. Þá er Kohl sá eini sem sæmdur hefur verið nafnbótinni Heiðursborgari Evrópu, ásamt Jean Monnet.

HEIMILD: WIKIPEDIA.ORG





**FÆDD FYRIR FIMMTÍU ÁRUM** Ólöf Rún er hestakona og fékk gæðinga í fimmtugsafmælisgjöf. Hér situr hún Kötlu-Hervöru á Löngufjörum. MYND/ÚR EINKASAFNI

**FRÉTTAKONAN ÓLÖF RÚN SKÚLADÓTTIR:** BLÆS Á 50 KERTA KÖKU Í PARÍS Í DAG

# Fyndið að vera orðin fimmtug

„Ég er sátt við mitt hlutskipti. Auðvitað situr maður uppi með sjálfan sig í blíðu og stríðu, og mér hefur ekki alltaf fundist ég skemmtilegasta stelpan í partíinu eða að mínar ákvarðanir hafi allar verið góðar. En lífið er lærdómur og þegar upp er staðið tel ég þessa hálfu öld sem ég hef lifað hafa verið skemmtilega, ögrandi og lærdómsríka,“ segir Ólöf Rún þar sem hún situr á fimmtugasta afmælisdegi sínum í haustlaufskrúði Parísarborgar.

„Eiginlega finnst mér hálf fyndið að vera orðin fimmtug. Ég er ánægð með aldurinn en líður ekki degi eldri en þrjátíu og fimm ára,“ segir Ólöf Rún hláturmild og víst er að aldurinn ber hún vel.

„Ég hef mjög margt að þakka fyrir í lífinu og hef alltaf verið lánsöm. Ég á fimm yndisleg börn, góða fjölskyldu og vini, skemmtileg áhugamál og var í skemmtilegu og krefjandi starfi í rúma tvo áratugi þótt aðrir séu í eldlínunni núna. Ég hef tíma til að sinna fólkinu mínu og er í lausamennsku við ýmis verkefni,“ segir Ólöf Rún, sem landsmenn sakna margir enn sárt vegna fagurrar ásjónu, lýtalausrar íslensku og óaðfinnanlegs fréttaflutnings í sjónvarpi á liðnum árum.

„Mér hefur alltaf þótt gaman að eiga afmæli og fyllst spenningi yfir afmælisdeginum. Í æsku var mikilvægt að kókoskaka og bananaterta að hætti mömmu væri á afmælisborðinu. Þá hef ég þrisvar fengið ógleymanlegar afmælisgjafir. Ég fékk frábæran frænda næstum því í afmælisgjöf, en reyndar degi of seint, málverk af hesti á tímamótum og gæðinga, sem eru afmælisgjöfin í ár, og hafa þegar veitt mér mikla gleði,“ segir Ólöf Rún kampakát. Hún ólst upp í Hlíðunum fyrstu átta árin og hefur síðan meira og minna búið í Garðabæ.

„Skemmtilegast aldurinn var í kringum 25 árin og svo auðvitað fimmtugsaldurinn. Ég hlakka til að lifa næstu fimmtíu ár, en ætla þá að njóta lífsins og þakka fyrir hvern dag, því þeir eru ekki sjálfsagðir, og gera hvað ég get til að vera sjálfri mér og öðrum til gleði.“

Á þessum fagra haustdegi í París ætlar Ólöf Rún að rölta um stræti og torg og eiga afmæli með sínum.

„Ef til vill verður einhver menningarviðburður á dagskránni eða bara farið út að borða, en síðast en ekki síst ætla ég að velta fyrir mér tilganginum með þessu jarðlífi og þakka fyrir það góða sem mér hefur hlotnast. Þegar heim kemur á ný verður svo smá fundur á uppáhaldsstaðnum mínum með mínum allra nánustu.“

**thordis@frettabladid.is**

---



†

*Okkar ástkæra*

**Aðalbjörg Guðmundsdóttir**
Lundi 1, Kópavogi,

andaðist að heimili sínu sunnudaginn 2. október sl.

**Guðmundur Skaftason**
**Valgerður Guðmundsdóttir** **Páll Svavarsson**
**Skafti Guðmundsson** **Gro Kraft**
**Sigrún Guðmundsdóttir** **Magnús V. Magnússon**

---



†

*Ástkær faðir okkar,*

**Bent Jónsson**
Dalbraut 25, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítala Landakoti mánudaginn 26. september. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju miðvikudaginn 5. október kl. 14.00.

**Gyða Bentsdóttir**
**Guðrún Edda Bentsdóttir**
**Jón Bjarki Bentsson**

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gísli Kristjánsson**

lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð laugardaginn 1. október. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Gísli Már Gíslason** **Sigrún Sigurðardóttir**
**Halldóra Gísladóttir** **Eiríkur Líndal**
**Anna Gísladóttir** **Kjartan Örn Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



†

*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og dóttir okkar,*

**Margrét Árnadóttir**

andaðist á krabbameinsdeild Landspítalans að kvöldi 25. september. Útför hennar mun fara fram frá Bústaðakirkju í dag, þriðjudaginn 4. október kl 13.00. Þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Krabbameinsfélag Íslands í stað blóma eða kransa.

**Gísli Örvar Ólafsson**
**Steinar Freyr Gíslason** **Kristín Guðrún Jónsdóttir**
**Rúnar Bogi Gíslason**
**Kristín Ýr Gísladóttir**
**Árni V. Gíslason** **Guðrún Steingrímsdóttir**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Stefán M. Gunnarsson**
fyrrverandi bankastjóri,

sem andaðist 26. september, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju föstudaginn 7. október kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarkort Kópavogskirkju, s. 554 6820, eða Heimahlynningu Landspítalans, s. 543 1159.

**Hertha W. Jónsdóttir**
**Jón Gunnar Stefánsson, Tracey E. Stefánsson**
**Sigríður Þrúður Stefánsdóttir, Benjamín Gíslason**
**og barnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar Ingvarsson**
vélstjóri,
Kaplaskjólsvegi 93,

lést á Landspítalanum við Hringbraut síðastliðinn föstudag. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrk hjá Krabbameinsfélaginu.

**Hólmfríður Friðriksdóttir**
**Hafdís Jóna Gunnarsdóttir** **Snorri Magnússon**
**Gunnar Dagur Snorrason**
**Snorri Halldór Snorrason**
**Dagmar Ýr Snorradóttir**



**Alþjóðlega íshokkímótið Ice Cup** verður haldið í Egilshöll um næstu helgi og munu íslensk og kanadísk íshokkílið etja þar kappi. Mikil eftirvænting ríkir meðal leikmanna, meðal annars vegna komu Sami Jo Small sem er þrefaldur Ólympíumeistari kvenna.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457

FLOTTUR



teg 9066 - þunnur en styður vel í C D skálum á kr. 4.600,- buxur í stíl á kr. 1.995,-

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugardögum 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

MISTY er nú á ferð um landið, næsti viðkomustaður er Húsavík hjá Önnu Rúnu TÖFF FÖT á Garðarsbraut dagana 4. til 11.okt

**Hlynur Gunnnarsson er heimsmethafi í greininni „skateboard stationary manual".**

# Setti heimsmet í annað sinn

Þetta er sætur sigur og líka mikill léttir," segir Hlynur Gunnarsson, sem gerði sér lítið fyrir og setti heimsmet í „skateboard stationary manual" í versluninni Brimi í Kringlunni um helgina. Metið fólst í því að standa sem lengst á framdekkjum á hjólabretti án þess að afturdekkin snertu jörðina. Hlynur hélt jafnvægi í 7,59 mínútur.

Þetta er í annað sinn sem Hlynur setur heimsmet í greininni. Í desember á síðasta ári bætti hann met bandaríska hjólabrettamannsins Rob Dyrdek. Sá var með 0,49 mínútur en Hlynur náði 3,05 mínútum. Í kjölfarið fékk hann skjal frá Guinness World Records því til staðfestingar. Sú sæla var hins vegar skammvinn því mánuði síðar var metið slegið af öðrum Bandaríkjamanni, Adam Zisa, með tímann 4,55 mínútur. Upp frá því varð Hlynur ákveðinn í að endurheimta titilinn.

;HEILSA | 3



GÆÐAFISKUR
ÍSLENSK FÆÐUBÓT
BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál



Sölustaðir:
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga,Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.

Eirberg



Anita active
Íþrótta-brjóstahaldarar
• Einstakur stuðningur og góð öndun
• Allt að 78% minni hreyfing á brjóstum
• Stærðir A-H 70-105
• Verðlaunuð hönnun

Opið virka daga kl. 9 -18 og á laugardögum kl. 11 -16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.
vísir

FJALLAGRASA
íslenskir brjóstdropar

Gegn særindum í hálsi og öndunarvegi

íslensk fjallagrös





**Niðurstöður rannsóknar** sem gerð var í Háskólanum í Glasgow leiða í ljós að ástæða þess að karlar fá oftar sykursýki-2 en konur er sú að þeir safna fitu í innri líffæri, til dæmis lifur, en konur safna fitunni utan á líkamann. bbc.co.uk/health


Fyrir árshátíðina

Ótrúlegt úrval af glæsilegum kjólum.

St. 36-48



FLASH

Laugaveg 54,
sími: 552 5201



YFIRHAFNAR-DAGAR!

15% afsláttur



BASLER

Skipholti 29b • S. 551 0770


# Forvörn gegn einelti

**Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur og rithöfundur, hefur gefið út í Bandaríkjunum forvarnabók fyrir börn. Bókin hefur þegar hlotið góða dóma vestanhafs og verður kynnt á Bókamessunni í Frankfurt.**

Bókamessan í Frankfurt er við það að hefjast. Ásthildur Bj. Snorradóttir verður í hópi íslenskra höfunda en segja má að hún hafi farið bakdyramegin á messuna með nýrri bók sem er þegar komin út í Bandaríkjunum þótt íslensk útgáfa eigi enn eftir að líta dagsins ljós.

„Ég fór eiginlega bara öfugt að þessu, svona miðað við flesta aðra. Setti mig bara í samband við bandaríska útgáfu, Strategic Book Group sem leist svo á að hún gaf bókina út í Bandaríkjunum þar sem hún hefur verið að fá fína dóma. Í framhaldinu var ákveðið að ég færi til Frankfurt á vegum útgáfunnar til að kynna bókina í þeim tilgangi að fá hana þýdda og útgefna í fleiri löndum,“ upplýsir Ásthildur og segist enn vera að venjast tilhugsuninni um að bókin sé komin í sölu á netinu hjá bandarísku risunum Amazon og Barnes and Noble.

Bókin kallast á ensku Raphael: The Angel Who Decided to Visit Earth eða Engillinn sem valdi að koma til jarðarinnar. Hún segir af englinum Rafael sem kennir börnum að takast á við ýmsar erfiðar kringumstæður. „Hann ræðir við þau um öfund, ótta, námsörðugleika, rifrildi fullorðinna og einelti. Kennir þeim að færa tilfinningar sínar í orð, setja sig í spor annarra og vera góð við aðra,“ útskýrir Ásthildur sem segir bókina hugsaða sem forvörn gegn einelti.

„Undanfarið hefur verið lögð alveg rosaleg áhersla á líkamlega hreysti og hollt mataræði barna í samfélaginu á meðan andleg heilsa barna hefur orðið útundan. Hins vegar er mikil þörf á að hlúa vel að henni enda hef ég í gegnum starf mitt sem talmeinafræðingur upplifað að mörgum börnum líður afskaplega illa og vita ekki hvernig á að bregðast við því. Ég réðist í gerð bókarinnar svo að börn gætu lært af henni, bæði í gegnum lestur og með því að sviðsetja aðstæður úr sögunni. Tilgangurinn er meðal annars að styrkja félagsfærni þeirra,“ útskýrir Ásthildur, sem segir íslenska námsráðgjafa og sérkennara þegar hafa sýnt áhuga á að nota bókina í forvarnaskyni.

Stefnt er að því að bókin verði gefin út á íslensku á næstunni en A4 – skrifstofa og skóli dreifir. Samhliða því kemur á Bandaríkjamarkað dúkka gerð eftir aðalpersónunni, englinum Rafael, sem verður notuð í kennslu og þjálfun fyrir börn. Spurð hvort Íþróttaálfurinn megi nú fara að vara sig, hlær Ásthildur. „Ætli megi ekki bara frekar segja að hann sé búinn að eignast bandamann í baráttunni fyrir betra lífi barna og ungmenna.“ *roald@frettabladid.is*



Ásthildur Snorradóttir, talmeinafræðingur hjá Talþjálfun Reykjavíkur, með meðferðardúkku gerða eftir aðalpersónu bókarinnar, englinum Rafael, sem kemur á markað á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





Bókin eftir Ásthildi kemur brátt út á íslensku. Bjarni Þór Bjarnason myndskreytir.



## Löngun getur þýtt skort

Hver kannast ekki við óseðjandi löngun í eitthvað ákveðið eins og súkkulaði? Á bak við löngun getur verið skortur á einhverju sem líkaminn kallar á. Til dæmis gæti löngun í hnetusmjör þýtt B-vítamínskort en hnetusmjör er sérstaklega ríkt af B-vítamíni. Löngun í ost gæti þýtt kalkskort og skort á fosfór, löngun í súrsað grænmeti gæti þýtt að líkaminn kallaði á salt og eins ef þú finnur fyrir löngun í ólífur og sérsaltað smjör. Epli eru rík af kalki, magnesíum, fosfór og kalíum og melónur innihalda einnig mikið kalíum. Löngun í svart gos og ís má yfirleitt tengja við sykurþörf.

HEIMILD: BÆTIEFNABIBLÍAN EFTIR EARL MINDELL




YOGASTÖÐIN
HEILSUBÓT

KRAKKAYOGA
á laugardögum kl. 11.45–12.30



- Byrjendanámskeið í Meðvituðu yoga hefst 4. október kl. 19.35–20.45
- Frítt í krakkayoga fyrir börn foreldra með 3-mánaða kort

YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Síðumúli 15 ○ 588-5711/691-8565
www.yogastodinheilsubot.is





BYLGJAN 989 25 ÁRA

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist
alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00



ReSound Alera

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

Tækin sem fá lífið til að hljóma eins og það er

ReSound Alera



ReSound Alera-heyrnatækin eru með kringóma hljóðvinnslu sem gefa einstaklega skýr hljóð. Maður kann best að meta þau í krefjandi samræðum þegar kliður eða skarkali er

Alera tækin:

- Bæta talskilning mikið og sérstaklega ef hávaði er í umhverfinu.
- Skipta sjálfvirkt um hljóðvinnslu þegar hljóðumhverfi breytist.
- Útiloka ýlfur og suð þegar talað er í síma eða við faðmlag.
- Leyfa notanda að njóta tónlistar eins og hún á að hljóma.
- Eru fyrstu heyrnatækin sem tengjast í raun þráðlaust, með 2.4 GHz senditíðni, við farsíma og sjónvarp.
- Byggja á nýjustu þekkingu og tækni og um 60 ára reynslu í gerð heyrnartækja



Tímapantanir 534 9600

SURROUND SOUND by ReSound

Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur - heyrn.is

ReSound
rediscover hearing

GEÐHJÁLP

ÞRIÐJUDAGUR 4. OKTÓBER 2011



**MIKILVÆGT AÐ FÓLK ÞEKKI RÉTTINDI SÍN**
Réttindagæslumenn fatlaðra voru skipaðir um land allt í maí síðastliðnum.
Síða 4



**ALLTAF VERIÐ HALDIN RÍKRI RÉTTLÆTISKENND**
Björt Ólafsdóttir, formaður Geðhjálpar, ætlar að taka til hendinni í geðheilbrigðismálum á Íslandi.
Síða 5



**LÍKT OG VERIÐ SÉ AÐ SUNDRA FJÖLSKYLDU**
Áform eru uppi um að loka athvarfinu og félagsmiðstöðinni Vin snemma á næsta ári.
Síða 6



**AUKIN LÍFSGÆÐI**
Nýlegt geðteymi aðstoðar geðfatlaða í búsetukjörnum borgarinnar við að fóta sig í lífinu.
Síða 7



Elín Ósk Reynisdóttir er í meistaranámi í umhverfisverkfræði en hún segist alltaf hafa haft áhuga á umhverfinu sem og stærðfræði. MYND/ANTON

# Veikindin eru sársaukafull reynsla en ekki glötuð ár

**Elín Ósk Reynisdóttir hefur upplifað svo alvarlegt þunglyndi að oftar en einu sinni var hún nærri dauðanum. Með réttum lyfjum, styðjandi umhverfi, þátttöku í eflandi starfi og hugarfarslegri tækni hefur hún náð bata sem hún vinnur við að halda.**

Þegar Elín Ósk Reynisdóttir var 18 ára gömul veiktist hún í fyrsta skipti af þunglyndi sem var vægt í fyrstu en ágerðist hratt. Fljótlega voru sjúkdómseinkennin orðin það alvarleg að Elín var hætt að geta mætt í skólann. Tíu árum síðar upplifir hún langvarandi bata.

Árin sem að baki eru í erfiðum veikindum segist Elín vanda sig við að líta ekki á sem glötuð, heldur reynslu sem hún geti deilt með öðrum og jafnvel hjálpað. Elín starfar með svokölluðum Unghugum, sem er ungliðahreyfing innan Hugarafls, og stundar meistaranám í umhverfisverkfræði við Háskóla Íslands. Meðfram náminu vinnur hún að því að viðhalda bata.

„Ég er næstum því búin með BS-próf í umhverfis- og byggingaverkfræði, á bara einn kúrs eftir þar og fékk því að byrja strax í meistaranáminu. Ég hef alltaf haft áhuga á umhverfinu og stærðfræði og umhverfisverkfræðin sameinar þau áhugamál. Starf umhverfisverkfræðings snýst meðal annars um að finna praktískar lausnir á umhverfismálum, skipulagi, mengunarvörnum, sjálfbærri þróun og fleira. Það er auðveldlega hægt að finna sér svið innan þessa fags þar sem það er mjög vítt.“

**ALDREI DOTTIÐ ÚR NÁMI**

Elín ólst upp í Kópavogi og eftir grunnskóla lá leiðin í Kvennaskólann í Reykjavík. Eftir menntaskóla dvaldi Elín erlendis í þrjú ár þar sem hún starfaði fyrir kristileg sjálfsboðasamtök, tvö ár í Noregi og eitt ár í Tékklandi. Þegar hún kom heim skráði hún sig í verkfræði við Háskóla Íslands, en þrátt fyrir veikindin hefur hún aldrei dottið alveg út úr skólanum. „Ég hef þurft að minnka við mig, fór niður í eitt fag á önn þegar ég var sem veikust. Ég var heppin að þegar ég dvaldi ytra veiktist ég ekki. Kannski hafði það eitthvað að segja að umhverfið var umvefjandi og gott og ég komst í alveg nýjar aðstæður.“

**EINKENNI ÞEGAR ÍÞRÓTTUM LAUK**

Elín segist alltaf hafa verið fremur feimin og hlédræg og oft upplifað sem unglingur að líða ekki vel. „Ég átti það til að búa mér til draumaheima sem ég flúði inn í. Það þróaðist með aldrinum og þegar ég var 18 ára var hreinlega eins og eitthvað gerðist. Hugsanirnar urðu á þá leið að ég vildi ekkert frekar en að komast í burtu. Ég veit ekki alveg hvað það var svo sem nema að ég hætti að æfa fótbolta um það leyti, sem hafði verið mikil og góð útrás fyrir mig. Þunglyndiseinkennin komu snögglega og voru væg í fyrstu – áhugi á öllu minnkaði. Mamma tók eftir því, ég fór til geðlæknis og fékk lyf. Þau virkuðu ekki og ég hætti fljótlega að geta sofið og borðað.

**TILRAUNIR TIL SJÁLFSVÍGS**

Elín var á þriðja ári í Kvennó þegar þetta reið yfir. Um haustið þegar skólinn byrjaði hafði hún verið nokkuð hress. Bekkjarfélagar tóku eftir að henni var alltaf illt í maganum og líðanin fór úr svefnleysi og vanlíðan út í hrikalegar dauðahugsanir og hvernig hún gæti skaðað sjálfa sig.

„Þetta gerðist ótrúlega hratt. Dauðahugsanirnar urðu óbærilegar og ég ákvað að enda þetta. Ég tók öll þunglyndislyf sem ég átti en það gerðist ekkert. Ég reyndi aftur og notaði fullt af svefnlyfjum. Foreldrar mínir komust að því og ég var send upp á bráðamóttöku og svo þaðan inn á geðdeild. Þar vaknaði ég í móki og dvaldi í fimm mánuði þar sem ýmis lyf voru prófuð en þau fóru misvel í mig. Ég náði aðeins að opna mig en átti samt afar erfitt með það. Þannig var oft erfitt fyrir mig að útskýra líðan mína, ég kom henni ekki í orð og skildi hana ekki sjálf og því ekki von að aðrir gætu skilið hana.“

**SUMARLEYFI HÆTTULEG**

Elín náði sér á strik, hélt áfram í Kvennó og kláraði stúdentspróf. Um haustið fór hún út og eftir þriggja mánaða dvöl úti hætti hún alveg að taka lyfin en átti þó erfitt með svefn. Alvarlegu einkenni sjúkdómsins létu ekki aftur á sér kræla fyrr hún hafði verið ár heima á Íslandi og var komin á annað ár í verkfræði. Gamlar, kunnuglegar dauðaóskir og hugsanir um sjálfskaða dúkkuðu upp. „Ég komst í samband við Hvítabandið og þar í fyrsta skipti fannst

Framhald á síðu 2



Auður Styrkársdóttir

## Geðganga = gleðiganga

Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn ber yfirskriftina: „Átakið mikla – fjárfestum í geðheilbrigði". Fjölmörg samtök halda merkjum dagsins á lofti og af því tilefni er hér rætt við Bergþór Grétar Böðvarsson, fulltrúa notenda á geðdeildum Landspítalans. Í Reykjavík verður gengið frá Hallgrímskirkju í Ráðhús Reykjavíkur klukkan 16 þar sem stutt en skemmtileg dagskrá bíður fundargesta. Aðstandendur göngunnar hljóta að bera þá von í brjósti að einhvern daginn ranki landsmenn við sér og fjölmenni í geðgönguna til stuðnings geðsjúkum og bættu geðheilbrigði, rétt eins og í gleðigönguna til stuðnings sjálfsögðum mannréttindum homma og lesbía.

Margt hefur áunnist í geðheilbrigðismálum á liðnum árum. Búsetumál geðfatlaðra hafa batnað mjög fyrir öfluga baráttu Geðhjálpar. Málefni fatlaðra hafa verið flutt frá ríki til sveitarfélaga og réttindagæslumenn verið skipaðir um allt land, en hvort tveggja var lengi baráttumál félagsins. Geðteymi hafa litið dagsins ljós í Reykjavík en þau eru vísir að því sem koma skal: öflug geðheilbrigðisþjónusta í nærumhverfi í stað stofnana og stórra geðdeilda. Um leið og við þökkum öllu því góða fólki sem lagt hefur sitt af mörkum til að bæta hag geðsjúkra minnum við á að enn er verk að vinna.

# Geðsjúkdómar ofmetnir?

Nærri fjórir af hverjum tíu Evrópubúum þjást af einhverjum geðrænum kvillum, ef marka má niðurstöður stórrar rannsóknar sem alþjóðaheilbrigðissamtökin WHO hafa látið gera. En spurningin er: Hvað eru geðrænir kvillar?

Einn þeirra sem stóð fyrir rannsókninni var Christer Allgulander, lektor í klínískri taugafræði. Hann segir að rannsóknin hafi náð til allra Evrópusambandslandanna og auk þess Íslands, Noregs og Sviss. Í ljós hafi komið að um 160 milljónir Evrópubúa, eða hartnær 38% íbúanna, þjáðust af einhvers konar geðröskunum eða geðrænum kvillum. Kvíði hrjáði áberandi marga, eða um 14% íbúanna. En þarna er líka að finna greiningar eins og svefntruflanir og alkóhólisma, svefnsýki og kæfisvefn. Allgulander bendir á að greiningum hafi farið fjölgandi og því séu tölur við fyrri rannsóknir vart sambærilegar.

Allan Horowitz, prófessor í félagsfræði við Rutgers-háskóla, er afar ósáttur við niðurstöðurnar og þær ályktanir sem af þeim eru dregnar. Hann bendir á að eðlilegar geðsveiflur, eins og til að mynda þær sem verða þegar einstaklingurinn upplifir sorg, séu gerðar að kvillum. „Þetta er helber vitleysa," segir Horowitz. „Þótt fólk sé óhamingjusamt eða niðurdregið er ekki þar sem sagt að það sé eitthvað að því."

# Um samtökin Geðhjálp

Landssamtökin Geðhjálp eru hagsmunasamtök sem er ætlað að gæta hagsmuna þeirra sem þurfa eða hafa þurft aðstoð vegna geðrænna vandamála, aðstandenda þeirra og annarra sem láta sig geðheilbrigðismál varða. Tilgangur samtakanna er að bæta hag þeirra sem eiga við geðræn vandamál að stríða svo og aðstandenda þeirra. Að því er unnið m.a. með því að:

- Sjá til þess að jafnræðisregla stjórnarskrárinnar sé virt og þeim mannréttindasáttmálum sem Ísland á aðild að sé framfylgt.
- Að efla alla forvarnarvinnu og umbætur á sviði geðheilbrigðismála með fræðslu og vitundarvakningu og stuðla m.a. þannig að því að draga úr fordómum.
- Að stuðla að endurbótum í þjónustu við geðsjúka og þá sem eru með geðræn vandamál, innan og utan stofnana.
- Að gera tillögur í þessum efnum og skapa umræðu um þau í samfélaginu.
- Að efla gagnrýna og málefnalega umræðu um geðheilbrigðisþjónustu og þann grundvöll sem hún hvílir á.
- Að stuðla að því að þeim sem eru með geðræn vandamál verði búin skilyrði til að njóta hæfileika sinna, menntunar og starfsorku.
- Að hafa samvinnu við önnur félagasamtök og hópa er vinna að sömu eða svipuðum markmiðum, eða gerast aðili að þeim.
- Að berjast fyrir aukinni þjónustu við geðfatlaða utan stofnana í formi persónulegrar liðveislu og nútímalegra búsetuúrræða.

*Geðhjálp er að Túngötu 7 í Reykjavík.*

**Útgefandi:** Geðhjálp | **Heimilisfang:** Túngata 7, 101 Reykjavík
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Auður Styrkársdóttir
**Vefsíða:** www.gedhjalp.is | **Sími:** 570 1700

**Framhald af forsíðu**

mér ég læra eitthvað á tilfinningar mínar í hópmeðferð með öðru ungu fólki. Listmeðferð gagnaðist mér líka vel þar sem ég átti svo erfitt með að tjá mig í orðum en fékk útrás fyrir tilfinningarnar í listinni. Þegar hlé varð á þeirri meðferð vegna sumarleyfa réði ég hins vegar ekki lengur við baráttuna."

### ÞORÐI EKKI ÚT

Elín einangraði sig og upplifði alvarlega félagsfælni. Hún var hrædd við að fara út á meðal fólks en vegna mikilla ranghugmynda missti hún hálfpartinn tökum á raunveruleikanum. Hún gat því hvorki verið heima hjá sér vegna hræðslu né farið út. „Þetta var eins og að vera fastur í martröð og ég var viss um að einhver vildi drepa mig. Ég var lögð inn á geðdeild, þar sem ég var í heila sjö mánuði. Það var sama þrautaganga með lyfin og áður því þau einfaldlega virkuðu ekki nema nokkra mánuði í senn. Starfsmenn spítalans voru mjög styðjandi og duglegir að ýta við mér að mæta í einhverja tíma í skólanum sem ég og gerði. Það hefur hjálpað mér mikið að ég hef alltaf haft það svart á hvítu að mér gengur vel í skóla."



„Aðstandendur þeirra sem eru veikir þurfa fyrst og fremst að vera reiðubúnir að hlusta og stíga inn í veikindin," segir Elín Ósk Reynisdóttir.

### KYNNTIST HUGARAFLI

Eftir þessa sjö mánuði lá leiðin á Reykjalund í tveggja mánaða endurhæfingarprógramm. Elín útskrifast um sumar, í júlímánuði. Það hefur komið á daginn að það er Elínu hættulegt ef hlé verður á samtalsmeðferðum þótt hún taki lyf og hún hefur hrunið niður á slíkum tímabilum eins og gerðist þarna eftir Reykjalund þar sem hún fór ekki að vinna að neinu sérstöku þegar hún kom út. Í þetta skiptið varði það þó stutt og hún var fljótlega komin í samband við Hugarafl þar sem fólk sem glímt hefur við geðraskanir hittist, vinnur saman að verkefnum og nýtur reynslu og félagsskap hvers annars. Auk þess var hún í dagmeðferð hjá Hvíta bandinu sem byggðist á hugrænni atferlismeðferð og árvekni.

### NJÓTUM ÞESS AÐ VERA UNGT FÓLK

Árvekni snýst um að vera í núinu og leyfa sér að finna tilfinningarnar. „Þannig magnar maður ekki upp kvíðann heldur leyfir honum að vera og man að hann líður hjá. Í dag bý ég að góðri tækni til að takast á við tilfinningar mínar. Ég sem læddist í upphafi með veggjum í Hugarafli tala þar í dag á fundum og fer út í grunnskóla með fræðsluefni um geðraskanir. Markmið Hugarafls er að hafa góð áhrif á geðheilbrigðisþjónustuna og minnka fordóma. Ég er virk með Unghugum, sem eru ungliðasamtök innan Hugarafls fyrir fólk 18 ára og eldra. Við njótum þess að hittast oft í viku og vera fyrst og fremst ungt fólk en ekki endilega fólk með geðraskanir þótt við höfum öll reynt slíkt. En félagsskapurinn er dýrmætur þar sem margir hafa einangrast í veikindunum."

### SAGÐI MIG VONLAUST VERKEFNI

Síðustu tvö árin hefur Elín fundið fyrir mun minni sveiflum og sérstaklega síðasta árið sem hún upplifir sem nýtt líf og finnur til dæmis ekki fyrir neinni félagsfælni. „Ég geri mér grein fyrir að það getur allt gerst og á þessu tímabili hef ég einu sinni lagst stutt inn. Í það skiptið hitti ég einmitt lækni, sem ég hafði aldrei hitt áður, en sagði við mig að ég væri vonlaust verkefni. Það væri búið að prófa svo mörg lyf og meðferðir en samt hefði ég dottið niður. Ég fékk mikið sjokk að heyra svona dóm, sérstaklega þar sem batinn hafði verið viðvarandi lengi. En ég var sem betur fljót að átta mig á að þetta var alls ekki rétt," segir Elín og segist hafa verið vonsvikin yfir viðmótinu enda hafi meðferðaraðilar hjá Hvítabandinu og Hugarafli, sem og fjölskylda hennar, öll verið jafn hissa. Þetta viðmót hafi þó verið einstakt.

### VENDIPUNKTUR AÐ VILJA LIFA

„Minn mesti vendipunktur í baráttunni var þegar ég náði að ákveða að ég vildi lifa. Ekki fyrir aðra heldur mig sjálfa. Ég hafði alltaf séð fyrir mér að ég myndi deyja ung og ég var í raun í skólanum og á spítalanum fyrir aðra. Ég áttaði mig á því í meðferðunum að ég þurfti að taka ákvörðun um hvort ég vildi vera með í lífinu eða ekki," segir Elín og bætir við að það hafi verið ótrúlegt átak að segja það upphátt.

Elín gerir allt sem hún getur til að viðhalda bata og nýtir sér allt sem hún hefur lært. „Ég passa minn svefn, að einangrast ekki og fleira til. Ef ég finn einkenni þarf ég að passa að tala strax um þau og það er það sem ég ráðlegg fólki. Ranghugmyndir verða manni ekki ljósar nema maður hafi annan til að spegla þær og oft bara að segja þær upphátt. Aðstandendur þeirra sem eru veikir þurfa fyrst og fremst að vera reiðubúnir að hlusta og stíga inn í veikindin. Þunglyndi er ótrúlega alvarlegt og á ekkert skylt við venjulega depurð. Allir geta orðið dapnir en sumir verða veikir af þunglyndi þannig að það leiðir þá til dauða. Það má ekki gleymast."

*- jma*

# Átakið mikla – fjárfestum í geðheilsu

**● Í TILEFNI ALÞJÓÐLEGS GEÐHEILBRIGÐISDAGS** 10. október verður boðið upp á dagskrá sem hefst við Hallgrímskirkju kl. 16.00. Þaðan verður gengið fylktu liði með lúðrablæstri og söng niður að Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem skemmtidagskrá hefst kl. 16.45. Ræða, lifandi tónlist, ljóðalestur, veitingar, kynningar fjölda úrræða í geðheilbrigðiskerfinu og fleira í boði.

Þeir sem fram koma eru:
Haraldur Vignir Sveinbjörnsson og Sváfnir Sigurðarson úr hljómsveitinni Menn ársins, Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra, Ólöf Þorsteinsdóttir ljóðskáld, Gunnar Kvaran sellóleikari, Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari, Haukur Guðlaugsson píanóleikari og Valgeir Guðjónsson, sem flytur nýtt lag tileinkað deginum sem heitir Ég reyni.

Afhending styrkja og hvatningarverðlauna úr forvarna- og fræðslusjóðnum ÞÚ GETUR. Kiwanis afhendir styrki að upphæð 22.500.000 til þriggja styrkþega.

Markmið dagsins er að vera sýnileg, kveða niður fordóma og skemmta sér saman sem jafningjar.
Ekki láta þitt eftir liggja, mættu með okkur í gönguna eða í Ráðhúsið og sýndu þannig fram á eigið fordómaleysi.

Vertu með í að bæta geð.

Eirberg




**Dagljósið sem vekur þig með sólarupprás**

- Hjálpar þér að vakna – hjálpar þér að sofna
- Bætir líðan og eykur afköst
- Vaknið endurnærð!

**Heilsuræktar- og stuðningsvörur**

Bjóðum úrval af vönduðum þjálfunar- og stuðningsvörum frá Sissel





**Nuddsæti og nuddpúðar**

- Bjóðum úrval nuddsæta
- Einnig handhæga nuddpúða
- Shiatsu nudd og infrarauður hiti
- Fjarstýring með margskonar stillimöguleikum



**Nálastungudýnan**

- Dregur úr vöðvaspennu
- Höfuð- háls- og bakverkjum
- Er slakandi og bætir svefn
- Notkun 10-20 mínútur í senn




**Vönduð höfuð- og vasaljós**

- Kröftug díóðuljós - 170 lumens
- Hönnuð fyrir atvinnumenn
- Þyngd aðeins 117 grömm
- Með fókus og dimmer





**Bakteygjubrettið**

- Minnkar vöðvaspennu
- Linar bakverki
- Bætir líkamsstöðu

**AIR-O-SWISS Ultrasonic rakatækin**

- Draga úr þurrki í augum og öndunarfærum
- Innbyggður rakamælir
- Heitur og kaldur úði

Opið virka daga kl. 9 - 18 og **laugardaga** kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



Guðrún Pálmadóttir, réttindagæslumaður fyrir fatlaða á Norðurlandi. MYND/HEIDA.IS

# Sýnileiki mikilvægur

Breytingar urðu á starfi réttindagæslumanna 1. maí. Þjónusta þeirra nær nú yfir alla sem búa í samfélaginu og eiga rétt samkvæmt löggjöf um málefni fatlaðra. Þá bættust við einnig þeir sem fatlast vegna sjúkdóma.

„Réttindagæslumenn fatlaðra hafa ákveðna starfsskyldu samkvæmt lögum. Við förum á staði eða stofnanir þar sem fatlaðir búa en fatlaðir geta einnig haft beint samband við okkur. Lögum samkvæmt ber að láta vita af málum sem eru ekki í lagi er varða fatlað fólk og þau mál, sem koma upp geta því verið hvar sem er í samfélaginu. Réttindagæslumenn eiga einnig að sinna ákveðinni fræðslu til fatlaðra og líka til þjónustuaðila,“ útskýrir Guðrún Pálmadóttir, réttindagæslumaður fatlaðra á Norðurlandi.

Hún segir málin sem koma inn á borð réttindagæslumanna misjöfn. Þeim hafi fjölgað eftir að breytingarnar gengu í gegn og mikilvægt sé að réttindagæslumenn séu sýnilegir og fólk viti hvert skuli leita.

„Það eru ákveðin líkindi á því að meðan fólk stríðir við geðræn vandamál hafi það ekki sinnu á að hugsa um málstað sinn almennt eða leita sér hjálpar á þennan hátt.

Fólk sem hefur líkamlega fötlun getur verið meðvitað um rétt sinn en svo geta aðrir bent á mál, til dæmis í tilfellum þroskaskertra einstaklinga sem búa þá jafnvel á stofnunum. Þar er ríkasta eftirlitsskyldan okkar,“ segir Guðrún.

## Réttindagæslumenn fatlaðra

Upplýsingar er að finna á vefsíðu velferðarráðuneytisins.

**Reykjavík og Seltjarnarnes**
Halldór Gunnarsson
*s. 858 1550*
*halldor.gunnarsson@rett.vel.is*
*Aðsetur: Borgartún 22, 105 Reykjavík*

**Kópavogur, Garðabær, Álftanes, Mosfellsbær og Kjós**
Ingibjörg Guðrúnardóttir
*s. 858 1753*
*ingibjorg.gyda@rett.vel.is*
*Aðsetur: Hlíðasmára 6, 2. hæð, 201 Kópavogi*

**Hafnarfjörður og Suðurnes**
Kristín Sigurjónsdóttir
*s. 858 1798*
*kristin.sigurjonsdottir@rett.vel.is*
*Aðsetur: Hlíðasmára 6, 2. hæð, 201 Kópavogi*

**Suðurland**
Kristjana Sigmundsdóttir
*kristjana.sigmundsdottir@rett.vel.is*
*s. 858 2142*

**Vesturland og Vestfirðir**
Jón Þorsteinn Sigurðsson
*s. 858 1939*
*jon.t.sigurðsson@rett.vel.is*
*Aðsetur: Rauði kross Íslands, Akranesdeild, Skólabraut 25a, 300 Akranesi*

**Norðurland**
Guðrún Pálmadóttir
*s. 858 1959*
*gudrun.palmadottir@rett.vel.is*
*Aðsetur: Vinnueftirlit ríkisins, Skipagötu 14, 600 Akureyri*

**Austurland**
Sigurlaug Gísladóttir
*s. 858 1964*
*sigurlaug.gisladottir@rett.vel.is*
*Aðsetur: Tjarnarbraut 39a (Vonarland), 700 Egilsstaðir*

# Að standa við hlið hins fatlaða einstaklings

**Í maí síðastliðnum voru skipaðir um land allt réttindagæslumenn fatlaðs fólks. Halldór Gunnarsson, réttindagæslumaður í Reykjavík og á Seltjarnarnesi, segir mikilvægt að fólk kynni sér starf þeirra og leiti réttar síns. Hann situr þó ekki og og bíður, heldur fer á vettvang.**

Lög um réttindagæslu fatlaðs fólks voru samþykkt frá Alþingi í vor og í þeim er kafli um réttindagæslumenn fatlaðs fólks,“ segir Halldór Gunnarsson, réttindagæslumaður fatlaðs fólks í Reykjavík og á Seltjarnarnesi, spurður hvað í því starfi felist. „Landinu er skipt í svæði og starfa réttindagæslumenn, einn eða fleiri, á hverju þeirra. Hlutverk réttindagæslumanns er að fylgjast með högum fatlaðs fólks á sínu svæði og vera því innan handar við réttindagæslu. Málin eru af ýmsum toga. Þau geta snúist um þjónustu sem fatlaðir eiga rétt á eða önnur persónuleg réttindi og einkamál. Ákvæði er um það í nýju lögunum að öllum sé skylt að tilkynna það til réttindagæslumanns ef þeir telja að brotið sé á rétti fatlaðs fólks. Auk þess getum við auðvitað tekið upp mál að eigin frumkvæði.“

Hvar getur fatlaður einstaklingur orðið sér úti um upplýsingar um réttindagæslumann á sínu svæði? „Allar upplýsingar um réttindagæslumenn hvers svæðis eru á heimasíðu velferðarráðuneytisins og einnig á heimasíðum hagsmunasamtaka eins og Öryrkjabandalags Íslands, Landssamtakanna Þroskahjálpar og Geðhjálpar. En við eigum auðvitað frumkvæði að því að fara út á staðina þar sem verið er að vinna með fötluðu fólki eða þar sem það býr og kynna okkur. Síðan hafa verið kynningarfundir og ýmislegt þess háttar og verið er að vinna prentað kynningarefni til dreifingar.“



Halldór Gunnarsson, réttindagæslumaður fatlaðs fólks í Reykjavík, telur mikilvægt að vera í virku sambandi við skjólstæðinga sína. MYND/VILHELM

Hvernig mál eru það helst sem hafa komið til þinna kasta? „Það er kannski leitað til mín vegna þess að menn telja verið að brjóta á rétti einstaklings inni á heimili sínu, til dæmis í búsetuþjónustu. Fólk hefur einnig leitað eftir stuðningi til þess að sækja um þjónustu eða fylgja eftir málum í kerfinu, til dæmis hjá félagsþjónustu eða Tryggingastofnun. Önnur mál snúa að ýmiss konar ráðgjöf og má segja að meginhlutverk réttindagæslumannsins sé að vera við hliðina á fatlaða einstaklingnum sem í mörgum tilfellum þekkir ekki rétt sinn en finnur að hlutirnir eru ekki eins og þeir eiga að vera. Innan um eru miklir sérfræðingar í því laga- og reglugerðarverki sem snýr að máli þeirra en þeir þurfa oft einhvern til að finna málinu réttan farveg og löggilt afl til að knýja rétta niðurstöðu í gegn.“

Halldór leggur mikla áherslu á að vera í virku sambandi við skjólstæðinga sína og heimsækja heimili þeirra og vinnustaði í stað þess að bíða eftir að þeir finni hann. „Ég sit ekkert við símann og bíð,“ segir hann hlæjandi. „En engu að síður vil ég eindregið hvetja alla til að kynna sér hver réttindagæslumaður á þeirra svæði er og hafa samband til að kynna sér málin og hvað við getum aðstoðað með.“


## Við þökkum stuðninginn

**Eskifjörður**
Fjarðaþrif ehf Kirkjustíg 2

**Neskaupstaður**
Rafgeisli Tómas R Zoëga ehf Hafnarbraut 10

**Fáskrúðsfjörður**
Loðnuvinnslan hf Skólavegi 59

**Djúpivogur**
Hótel Framtíð ehf framtid@simnet.is Vogalandi 4

**Höfn í Hornafirði**
Framhaldsskólinn í Austur - Skaftafellsýslu Nýheimum
Sambýlið Hólabrekka Hólabrekku
Skinney - Þinganes hf Krossey

**Selfoss**
Bílverk BÁ ehf Gagnheiði 3
Búnaðarfélag Grafningshrepps Villingavatni
Fjölbrautaskóli Suðurlands Tryggvagötu 25
Kjarna-bókhald ehf Austurvegi 6
Set ehf, röraverksmiðja Eyravegi 41
Veitingastaðurinn Menam Eyrarvegi 8
Þjónustumiðstöðin Þingvöllum

**Hveragerði**
Hveragerðisprestakall Bröttuhlíð 5

**Þorlákshöfn**
Fiskmark ehf Hafnarskeiði 21
Járnkarlinn ehf Unubakka 25

**Flúðir**
Kvenfélag Hrunamannahrepps

**Hvolsvöllur**
Krappi ehf, byggingaverktakar Ormsvöllum 5
Búaðföng, Hvolsvelli Bakkakoti 1

**Vík**
B.V.T. ehf Austurvegi 15

**Kirkjubæjarklaustur**
Hjúkrunar og dvalarheimilið Klausturhólar

**Vestmannaeyjar**
Frár ehf Hásteinsvegi 49
Ísfélag Vestmannaeyja hf Strandvegi 28
Karl Kristmanns, umboðs- og heildverslun Ofanleitisvegi 15-19
Nethamar ehf Flötum 31
Vélaverkstæðið Þór ehf Norðursundi 9

actavis hagur í heilsu
Lilly
init
Landsvirkjun

# Eðlilegt að vera ekki eðlilegur

**Björt Ólafsdóttir er nýr formaður Geðhjálpar. Hún hlakkar til að leggja sitt á vogarskálarnar og vera öflugur málsvari þeirra sem ekki eru í stakk búnir til að há lífsbaráttuna einir.**

Ég hef frá blautu barnsbeini verið viðriðin meðferð og stuðning við margvíslegt fólk, og er á vissan hátt aðstandandi margra fóstursystkina sem áttu við geðræn veikindi að stríða," upplýsir Björt, sem er fædd og uppalin á Torfastöðum í Biskupstungum, þar sem foreldrar hennar ráku meðferðarheimili fyrir unglinga.

Björt segist fljótt hafa áttað sig á að börnin sem bættust við heimilislífið á Torfastöðum ættu bágt. „Börn eru skynug og við bræður mínir þekktum ekki annað en að vera með geðræn vandamál í kringum okkur. Okkur þótti það hvorki skrýtið né tiltökumál en unglingarnir voru eins misjafnir og þeir voru margir og sumir með alvarleg geðræn veikindi og félagsleg vandamál."

Hún segir upprunann hafa mótað sig mjög og barátta geðfatlaðra fljótt orðið henni hugleikin. „Foreldrar mínir voru flinkir við að láta heimilislífið ganga upp þrátt fyrir að heimilisfólkið væri mismunandi. Því er lærdómurinn að heiman dýrmætastur, þar sem ég lærði mest um samskipti fólks og að fást við margbreytileika þess, ásamt því að vera leiðbeinandi og félagslegur leiðtogi jafnaldra minna."

Björt er með prófgráður í sálfræði og mannauðsstjórnun. Meðfram sálfræðináminu starfaði hún á geðdeild með mjög veikum einstaklingum. „Ég fann fljótt að þetta skipti mig miklu máli og það snýst um réttlætiskennd. Þegar maður er kominn með dýpt og skilning á ástandi fólks, vandamálum þess og erfiðleikum, vill maður einfaldlega hjálpa til," segir Björt og tekur fram að margt sé heillandi við starf með geðfötluðum.

„Fjölbreytileikinn sem kemur fram í geðsjúkdómum er upplífgandi og viðbót við mannlífsflóruna. Hún væri enda einsleit ef við værum öll eins. Mér finnst því eðlilegt að vera ekki eðlilegur, því ég þekki það svo vel í gegnum leik og störf. Á sama hátt er heillandi að geta hjálpað þegar fólk verður mikið veikt og þjakað af veikindum sínum, að styðja það og aðstoða við að lifa góðu lífi eins og það er."

Á stefnuskrá nýs formanns er aðgerðaráætlun fyrir vinnustaði, svo hægt sé að takast á við geðræn veikindi sem upp koma hjá starfsfólki. „Við fáum iðulega til okkar mál þar sem vinnuveitendur kunnu ekki að taka farsællega á geðröskun starfsfólks síns. Alla jafna þykir sjálfsagt að fólk taki veikindafrí vegna líkamlegra kvilla, en hvergi er til áætlun um hvernig æskilegt væri að koma til móts við fólk þegar upp koma geðræn veikindi," segir Björt, sem í starfi sínu sem mannauðsráðgjafi hjá Capacent sér þetta gerast æ ofan í æ á vinnustöðum.

„Í vetur munum við einnig einbeita okkur að landsbyggðinni, því Geðhjálp er jú landssamtök. Með yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga hefur skapast gott tækifæri til að kippa í fólk og skoða vel geðheilbrigðisþjónustu utan höfuðborgarsvæðisins, leggja til úrbætur og koma til aðstoðar. Við byrjum með greiningu á umfangi þjónustunnar og sjáum strax að það fer ljóslega eftir því hvar fólk býr hvernig þjónustu það hlýtur, en vitaskuld er hvergi boðlegt að þurfa að bíða mánuðum saman eftir viðtali við sálfræðing eða geðlækni."

Björt kallar eftir heildrænni stefnu stjórnvalda þegar kemur að þjónustu við geðfatlaða, en sá hópur stækkar ört og er nú langstærsti hluti öryrkja á Íslandi. „Viðkvæði stjórnvalda er oft og tíðum að lítið fjármagn sé til, en viljum kostnaðar- og nytjagreina hversu dýrt það er að veita ekki nauðsynlegan stuðning og hafa fólk veikt. Það hlýtur að vera miklu hagkvæmara fyrir samfélagið í heild að fólk sé frískt og geti stundað vinnu sína, greitt til samfélagsins, líði vel og geti stutt við sína fjölskyldu. Það leiðir einnig af sér betra líf og meiri hamingju hjá fólki með geðræn vandkvæði." - þlg



**Björt Ólafsdóttir við tignarlegt hús Geðhjálpar að Túngötu 7. Þar er veitt ráðgjöf og stuðningur við geðfatlaða og aðstandendur þeirra, en Björt segir aðsókn hafa aukist gífurlega á síðustu misserum.** MYND/VALLI



**„Að þessu sinni viljum við hvetja alla til að taka þátt í deginum, með okkur eða á sinn hátt, og sýna þannig fram á eigið fordómaleysi," segir Bergþór Grétar Böðvarsson, verkefnastjóri Alþjóða geðheilbrigðisdagsins.** MYND/HAG

## Dagur án fordóma

Eins og undanfarin ár verður dagurinn haldinn hátíðlegur og núna verður dagskráin haldin í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur," segir Bergþór G. Böðvarsson, verkefnastjóri Alþjóða geðheilbrigðisdagsins í ár. „Við stefnum á að ganga fylktu liði, með lúðrablæstri og söng, frá Hallgrímskirkju niður í Ráðhús þar sem í boði verður fjöldi skemmtiatriða frá kortér í fimm til sex."

Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn er haldinn víðs vegar um heim á sama degi ár hvert. Alþjóðasamtök um geðheilsu hrundu honum fyrst af stað 1992 til að vekja athygli á geðheilbrigðismálum, fræða almenning um geðrækt og geðsjúkdóma og sporna gegn fordómum í garð geðsjúkra. Árið 1995 ákvað þáverandi heilbrigðismálaráðherra, Ingibjörg Pálmadóttir, að dagurinn skyldi helgaður geðheilbrigðismálum á Íslandi.

„Þarna var mikilvægt skref tekið í réttindabaráttu notenda þjónustunnar. Baráttan stendur enn, því þótt mikið hafi áunnist vantar töluvert upp á að réttindin séu virt," bendir Bergþór á. Hann segir mikilvægt að fólk staldri við og velti aðeins eigin geðheilsu fyrir sér. „Þetta er jú auðvitað dagur allra því það getur enginn skorast undan því að vera eitthvað geð-, hvort sem það er geðheilbrigður, -raskaður, -fatlaður eða -veikur."

Að sögn Bergþórs hefur verið gripið til ýmissa bragða til að vekja athygli á málstaðnum í gegnum tíðina en dagskrá síðustu ára má sjá á vefsíðu félagsins www.10okt.com. „Að þessu sinni viljum við hvetja alla til að taka þátt, með okkur eða á sinn hátt og sýna þannig fram á eigið fordómaleysi. Við viljum að vinnuveitendur, fyrirtæki og stofnanir bjóði starfsfólki sínu að njóta dagskrárinnar, með okkur, eða geri eitthvað í tilefni dagsins eins og að vera með fræðslu tengt geðheilbrigði á sinum vinnustað, skóla eða annað."

Bergþór veitir nánari upplýsingar í síma 824 5315 eða bergbo@lsh.is.


## Við þökkum stuðninginn

**Varmahlíð**
Akrahreppur Skagafirði

**Akureyri**
Bautinn og Smiðjan, veitingasala — Hafnarstræti 92
Betra brauð veislubakstur — Freyjunesi 8
Bifreiðaverkstæði
Bjarnhéðins ehf — Fjölnisgötu 2a
Blikkrás ehf — Óseyri 16
Félagsbúið Hallgilsstöðum — Hallgilsstöðum
Friðrik Páll Jónsson,
háls, nef og eyrnalæknir — Tryggvabraut 22
Hársnyrtistofan Samson — Sunnuhlíð 12
Helgi Bergþórsson — Klettaborg 39
Hlíðarból,
- leikskóli Hvítasunnukirkjunnar — Skarðshlíð 20
Ísgát ehf — Laufásgötu 9
Kjarnafæði hf — Fjölnisgötu 1b
Myndlistaskólinn á Akureyri — Kaupvangsstræti 16
Pípulagnaþjónusta
Bjarna Fannberg Jónassonar ehf — Melateig 31
Rafröst ehf — Gránufélagsgötu 49b
Raftákn ehf — Glerárgötu 34
Samherji hf — Glerárgötu 30
Slippurinn Akureyri ehf — Hjalteyrargötu 20

**Grímsey**
Sigurbjörn ehf, útgerð — Öldutúni 4
Sæbjörg ehf — Öldutúni 3
Vélaverkstæði Sigurðar Bjarnasonar ehf, Grímsey — Hátúni

**Húsavík**
Fagranesbúið — Fagranesi
Höfðavélar ehf — Höfða 1
Sorpsamlag Þingeyinga ehf — Víðimóar 2

**Laugar**
Kvenfélag Reykdæla

**Mývatn**
Eldá ehf — Helluhrauni 15
Bakkafjörður
Hraungerði ehf — Hraunstíg 1

**Egilsstaðir**
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf — Einhleypingi 1
Verkfræðistofa Austurlands ehf — Kaupvangi 5

**Seyðisfjörður**
Seyðisfjarðarkaupstaður — Hafnargötu 44

**Reyðarfjörður**
Launafl ehf — Hrauni 3

# Annt um starfsemina

„Borgarstjórn hefur ekki mótað sér afstöðu gagnvart Vin enda ekki nema mánuður síðan við fréttum að Rauði krossinn hefði einhliða ákveðið að hætta starfsemi Vinjar," upplýsir Björk Vilhelmsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar, og segir að sú ákvörðun hafi komið á óvart enda hafi borgin í auknum mæli verið að koma að rekstrinum. Vin hafi haft ókeypis húsnæði og svo hafi borgin komið inn á síðasta ári með aukið rekstrarfé.


Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi og formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

„Ég þekki þessa starfsemi og bæði mér og öðrum í borgarstjórn er mjög annt um hana og enginn sem vill sjá að Vin verði lögð niður, annað hef ég ekki heyrt. En áður en við getum tekið ákvörðun um hvað við gerum í þessari stöðu þarf að kanna umfang þjónustunnar, hve margir nýta hana og hvaða þjónustu er verið að bjóða upp á. Nú þegar er starfshópur velferðarsviðs að skoða þessa hluti," segir hún.

„Við vitum að það má alls ekki minnka dagþjónustu við íbúa borgarinnar sem búa við alvarlegar geðraskanir og við vitum líka að dagþjónustan er of lítil," segir Björk en tekur fram að borgin geti ekki bætt á sig úrræðum upp á tugi milljóna króna að óathuguðu máli. „Við eigum eftir að klára fjárhagsáætlun borgarinnar og þetta mál verður skoðað út frá þeirri heildarmynd en líka út frá brýnni þörf á dagþjónustu."

# Spurning um kostnað

Vin hefur verið rekið af Rauða krossi Íslands í nærri 20 ár en ákveðið hefur verið að loka athvarfinu í marslok 2012. „Þetta er spurning um kostnað," segir Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða krossins, en talið er að rekstrarkostnaður Vinjar á næsta ári yrði um 25 milljónir króna. „Þetta er málaflokkur sem um síðustu áramót fór yfir til sveitarfélaganna og okkur finnst eðlilegt að sé allur undir einum samræmdum hatti."


Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands.

Kristján segir leitað hafa verið eftir samræðum við Reykjavíkurborg í september í fyrra vegna málsins. „Við sendum bréf þar sem við sögðumst ekki treysta okkur til að halda rekstri Vinjar áfram á óbreyttum forsendum," segir hann en í framhaldi hafi orðið viðræður um ákveðin verkefni enda vilji hjá borginni til að sinna málaflokki geðfatlaðra vel. „Okkur þótti þó ljóst að borgin ætlaði ekki að taka við rekstri Vinjar og því var þessi ákvörðun tekin," segir Kristján og bendir á að margt hafi breyst frá því Vin var stofnuð; fleira sé í boði fyrir geðfatlaða.

Rauði krossinn rekur þrjú önnur athvörf í Kópavogi, Hafnarfirði og Akureyri. „Það er misjafnt hversu mikið sveitarfélögin koma að rekstrinum en yfirleitt eru þau mjög stórir þátttakendur á þessum stöðum," segir Kristján.

En hvernig myndi hann vilja sjá þessu máli lykta? „Ég vil gjarnan sjá Vin starfa áfram en þá undir sama hatti og hluti af þjónustu við fatlaða í borginni. Eða að til komi önnur tilboð sem eru jafn góð fyrir þá sem nýtt hafa sér Vin."


Andrúmsloftið í Vin er heimilislegt enda er athvarfið í einbýlishúsi við Hverfisgötu. Þórdís Rúnarsdóttir, forstöðumaður Vinjar, er hér í einni stofunni. MYND/VALLI

# Fjölskyldu sundrað

**Vin er athvarf og félagsmiðstöð fyrir fólk sem stríðir við geðræn veikindi. Í 19 ár hefur Rauði kross Íslands rekið athvarfið. Nú hefur sú ákvörðun verið tekin að loka því í lok mars 2012 og munu margir sakna Vinjar ef af lokuninni verður.**

„Fyrir tuttugu árum gerði Rauði krossinn þarfagreiningu í samfélaginu og kom þá í ljós að mjög stór hópur geðfatlaðra átti við gríðarlega félagslega einangrun að stríða. Á þeim tíma voru engin úrræði fyrir þennan hóp utan Geðhjálpar. Því var ákveðið að stofna athvarf sem hefði það að markmiði að rjúfa félagslega einangrun," segir Þórdís Rúnarsdóttir, forstöðumaður Vinjar, og bætir við að ekki sé boðið upp á meðferð í Vin. Þangað geti fólk komið og aukið lífsgæði sín í félagslegu tilliti.

„Hingað hafa komið 25 til 30 gestir á dag frá upphafi og það þrátt fyrir að búsetuskilyrði hafi batnað mikið, komið hafi ný þjónustutilboð og flóran mun meiri í dag en áður," segir Þórdís og nefnir þar klúbbinn Geysi, Hugarafl og Hlutverkasetur. „Þau hafa öll sína sérstöðu og starfa eftir ákveðinni hugmyndafræði en okkar sérstaða er sú að við störfum eingöngu í félagslegu tilliti og gerum ekki kröfu um ákveðna virkni eða að við ætlum að skila fólki út á vinnumarkað eða í nám. Hingað kemur það til að ræða málin enda virkar Vin sem nokkurs konar fjölskylda," segir hún.

Um 350 einstaklingar fara í gegnum athvarfið á hverju ári og þar af mæta um 100 minnst tvisvar í viku eða oftar. „Þetta er mjög stór hópur en um 80 prósent eru karlmenn og stór hluti þeirra með greininguna geðklofi. Margt af þessu fólki hefur veikst mjög ungt og hefur verið veikt lengi, en meðalaldur í Vin er 50 ár," segir Þórdís og heldur áfram. „Þetta fólk er búið að fara í gegnum endurhæfingarmylluna og er komið á þann stað að það er að leita að þessu félagslega."

Í Vin er unnið mikið starf en eitt af verkefnunum er að kynna fyrir fólki þá þjónustu sem er í boði annars staðar og hvað er að gerast í menningarlífi borgarinnar. „Við reynum að hjálpa fólki til sjálfshjálpar og fá það til að tengjast vinaböndum svo það geti stutt hvert annað til að stunda félagslíf," lýsir Þórdís, sem segir flesta sem sæki Vin vera mikið félagslega fatlaða og þurfi því talsverðan stuðning. „Fólk treystir sér til dæmis illa til ferðalaga á eigin vegum. Ferðalögin sem við skipuleggjum hafa verið mjög vinsæl og margir fara aldrei neitt nema með okkur. Við höfum meira að segja farið í utanlandsferðir," segir hún glaðlega.

Þórdís telur að margir muni sakna Vinjar. „Vin er eins og heimili enda í gömlu einbýlishúsi þar sem eldhúsið er hjartað. Þar eru mörg lítil herbergi þar sem fólk getur farið inn í smærri hópum, lagt sig eða hvað sem er. Þeir sem hingað sækja tala um að Vin sé fjölskyldustaðgengill og því munu þeir við lokun Vinjar upplifa að verið sé að sundra fjölskyldu."

- sg

# Bréf frá gesti Vinjar

Húsið að Hverfisgötu 47 hefur þá kosti að vera mjög heimilislegt með sínum mörgu mátulega stóru herbergjum sem er lykilatriði fyrir marga sjúklinga til dæmis eins og mig sem er búin að vera gestur Vinjar til margra ára.

Ég er bæði með víðáttufælni og félagsfælni og gæti því alls ekki „funkerað" í stóru rými innan um fjölda manns. Enn fremur þjáist ég af þunglyndi og kvíða.

Gestir Vinjar eru margir einstæðingar. Vin er okkur griðastaður í lífinu, fasti punkturinn þar sem hægt er að hitta kæra vini og kollega í geðröskunum og einnig starfsfólk sem kemur fram við okkur sem jafningja.

Vin er staðsett miðsvæðis í borginni og því hittist þar fólk alls staðar að úr borginni. Geðfatlaðir þurfa að vera innan um sína líka til þess að getað liðið vel og verið öruggir með sig.

Ef fólk missir „heimili sitt, Vin," og „fjölskyldu sína", sem eru gestir Vinjar, má búast við að illa fari fyrir mörgum gestum athvarfsins. Því Vin hefur fyrirbyggjandi áhrif á innlagnir á geðdeildir sem kosta ríkið stórfé, jafnvel fyrirbyggjandi áhrif á sjálfsvíg einmana sjúks fólks. Búast má við því versta ef sjúklingar missa „sitt annað heimili". Kostnaður ríkisins vegna innlagnar fyrir einn sjúkling í tíu daga nemur 700 þúsund krónum. Fyrir 80 sjúklinga inni á geðdeild í 10 daga mun kostnaður ríkisins verða um 56 milljónir króna.

Vin gefur tilgang í lífi þeirra sem skugga ber á vegna alls konar illvígra geðsjúkdóma.

Vin má ekki loka.

Kveðja,
gestur Vinjar,
Reykjavík 8. september 2011.

● **ATHVÖRF FYRIR FÓLK MEÐ GEÐRASKANIR** Rauði krossinn rekur eða kemur að rekstri athvarfa fyrir fólk með geðraskanir víða um landið. Ýmislegt er gert í athvörfunum, til dæmis borðað saman, lesið, spilað, málað eða farið í gönguferðir.

Vin, Hverfisgötu 47, Reykjavík, sími 561-2612, netfang vin@redcross.is

Dvöl, Reynihvammi 43, Kópavogi, sími 554-1260, netfang dvol@redcross.is

Laut, Brekkugötu 34, Akureyri, sími 462-6632, netfang laut@simnet.is

Lækur, Hörðuvöllum 1, Hafnarfirði, sími 566 8600, netfang laekur@redcross.is

HVER, Kirkjubraut 1, Akranesi, sími 431 2040, netfang hver@akranes.is

Ásheimar, Miðvangi 22, Egilsstöðum, sími 470 0795, asheimar@egilsstadir.is

Setrið, Árgötu 12, Húsavík, sími 464 1740

Vesturafl, Mánagötu 6. Ísafirði sími 456 4406, netfang vesturafl@isafjordur.is



Vin var stofnað 8. febrúar 1993 í kjölfar framkvæmdaáætlunar hreyfingarinnar fyrir tímabilið 1990-2001. Þar kemur meðal annars fram vilji til að bæta hag þeirra sem minnst mega sín, þar á meðal geðfatlaðra.

Starfshópur um málefni geðfatlaðra tók til starfa 1992 og hafði það verkefni að kanna með hvaða hætti þörfum þeirra yrði best mætt úti í þjóðfélaginu. Niðurstaðan var athvarf sem opið væri á daginn og byði upp á margvíslega þjónustu. Eftir nokkurn undirbúning og meðal annars heimsókn til Svíþjóðar til að skoða sambærilega staði tók húsið til starfa.



1. Monika Danielewicz og Ingibjörg Gunnlaugsdóttir taka vel á móti fólki hjá Geðhjálp.



4. Veðurblíðan á Menningarnótt varð til þess að vöfflukaffið flæddi út á sólbaðaða stéttina í garði Túngötu 7.



5. Mynd eftir Guðmund B. Hersi.



7. Félagsmenn á félagsfundi í september.



2. Garðar Sölvi Helgason og Eva Hrönn Árelíusdóttir á starfsdegi.



3. Sólrún Lárusdóttir, ráðgjafi Geðhjálpar. Formaður félagsins, Björt Ólafsdóttir, í bakgrunni.



6. Sjálfboðaliðarnir frá SEEDS á tröppum Túngötu 7 í veðurblíðu, sælir með dvölina á Íslandi og kynnin af notendum og starfsfólki Geðhjálpar.

# Úr félagsstarfi Geðhjálpar

**Félagsstarf Geðhjálpar er fjölbreytt eins og sjá má af þessum myndum sem teknar hafa verið á þessu ári.**

Geðhjálp hefur tekið að sér sjálfboðaliða í vetur frá samtökunum Alþjóðleg ungmennaskipti. Monika Danielewicz frá Póllandi mun starfa með Geðhjálp fram í ágúst á næsta ári. Hún hefur unnið með Ingibjörgu í eldhúsinu og tekið á móti gestum, enda vill hún læra íslensku sem fyrst.

2. Stjórn félagsins hittist á starfsdegi í september til þess að ræða starfið og marka félaginu stefnu fyrir veturinn.

3. Starfsmenn félagsins leggja sitt af mörkum til stefnumótunar og sækja starfsdag með stjórn. Framlag þeirra er skilgreint þannig: „Ráðgjafar skulu safna saman upplýsingum, ópersónugreinanlegum, sem nýtast framkvæmdastjóra og stjórn við hagsmunabaráttu og stefnumótun félagsins. Samhliða því skulu ráðgjafar safna upplýsingum um þjónustu opinberra aðila og setja fram hugmyndir að úrbótum."

4. Geðhjálp hélt upp á Menningarnótt Reykjavíkurborgar 20. ágúst 2011 með Klúbbnum Geysi. Ákveðið var að hafa opið hús að Túngötu 7 undir yfirskriftinni Gakktu í bæinn". Vöfflur og kaffi biðu gesta.

5. Guðmundur B. Hersir opnaði myndlistarsýningu í húsi Geðhjálpar á Menningarnótt. Guðmundur, sem hefur verið virkur félagi í Geðhjálp um árabil, stundaði nám við Handíða- og myndlistaskólann 1978-1979 en varð frá að hverfa. Hann hefur síðustu ár ræktað hæfileika sína með því sem lagt var upp með.

6. Hópur frá sjálfboðaliðasamtökunum SEEDS hafði aðsetur á Túngötu 7 í sumar eins og í fyrrasumar og glöddu gesti með ýmsum ferðum og uppákomum. Samtökin taka við um 800 sjálfboðaliðum á ári í verkefni sem tengjast umhverfismálum, menningu eða félagsmálum. Hópurinn setti alþjóðlegan blæ á Túngötu meðan á dvöl hans stóð enda frá ýmsum löndum, þar á meðal frá Finnlandi, Spáni og Englandi.

7. Geðhjálp er eina lýðræðislega kjörna félagið á landinu sem sinnir geðheilbrigðismálum og berst fyrir réttindum geðsjúkra. Félagsfundur var haldinn 23. september undir yfirskriftinni Geðhjálp á vetur setjandi. Rætt var um stefnu núverandi stjórnar og starfið fram undan í húsi félagsins að Túngötu 7. Félagið hefur fengið tvö kauptilboð í húsið en meirihluti stjórnar hafnað báðum.



Hægt er að hefja afmælisdaginn á hressandi geðhlaupi. Boðið er upp á skemmtiskokk og tíu kílómetra hlaup. NORDICPHOTOS/GETTY

# Frumkvæðisverðlaunin veitt í þriðja sinn

Geðhjálp fagnar 32 ára afmæli sunnudaginn 9. október og verður mikið um að vera þá sem endranær á afmælisdaginn. Geðhlaupið hefst klukkan 13 í Nauthólsvík og verður boðið upp á skemmtiskokk og tíu kílómetra hlaup. Klukkan fjögur hefst svo kaffisamsæti í húsakynnum Geðhjálpar að Túngötu 7.

„Þar mun formaðurinn halda tölu, kynna stefnuna og segja frá því sem fram undan er hjá samtökunum. Þá verða veitt svokölluð frumkvæðisverðlaun en þau eru veitt þeim sem hafa á einhvern hátt skarað fram úr í þjónustu við geðfatlaða eða baráttu fyrir hagsmunum þeirra," segir Höskuldur Sæmundsson, framkvæmdastjóri Geðhjálpar. Í fyrra voru það aðstandandinn Anna Valgarðsdóttir og Páll Matthíasson, framkvæmdastjóri geðsviðs Landspítalans, sem hlutu verðlaunin. „Anna er aðstandandi og hefur barist fyrir málefnum geðsjúkra um áratugaskeið og Páll hefur verið með mjög jákvæðar hugmyndir hvað varðar þjónustu við geðfatlaða frá því hann tók við," segir Höskuldur.

Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn verður svo haldinn hátíðlegur 10. október en Höskuldur segir það einungis skemmtilega tilviljun að afmælisdagurinn og alþjóðadagurinn haldist svona þétt í hendur. „Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn kom til miklu seinna, árið 1992."



● **AUGLÝST EFTIR FÉLÖGUM** Geðhjálp eru félagasamtök sem eru algjörlega háð velvilja almennings, bæði fjárhagslega og félagslega. Rödd hvers einasta félagsmanns skiptir máli því sjónarmið okkar og reynsla geta verið mismunandi. Við hvetjum þá sem áhuga hafa á að styrkja og styðja félagið að gerast félagsmenn. Það kostar aðeins 2.000 krónur á ári og má til dæmis gera með því að hringja í síma 570 1700 eða á heimasíðu félagsins: www.gedhjalp.is .

# Markmiðið er aukin lífsgæði geðfatlaðra

**Þeim sem þjónusta geðfatlaða í búsetukjörnum borgarinnar virðist vera að að takast það ætlunarverk sitt að auka færni íbúanna til að takast á við daglegt líf og fóta sig í samfélaginu.**

Hjúkrunarfræðingarnir Herdís Hólmsteinsdóttir og Margrét Grímsdóttir og iðjuþjálfinn Auður Hafsteinsdóttir eru meðal þeirra sem aðstoða eftir þörfum íbúa og starfsfólk í þjónustukjörnum borgarinnar fyrir geðfatlaða. Þær eru í vettvangsgeðteymi Reykjavíkur sem var stofnað fyrir ári. Í því eru annars vegar starfsmenn geðsviðs Landspítalans og hins vegar starfsmenn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Í hópnum er fólk úr félagsráðgjöf, hjúkrun, geðlæknisfræði, iðjuþjálfun og sálfræði.

Teymið sinnir einstaklings, hóp- og fjölskylduvinnu, einnig stuðningi og ráðgjöf við starfsmenn í þjónustukjörnunum og aðstoðar við bráðainnlagnir á sjúkrahús.

Margir einstaklingar sem nú búa í fyrrgreindum þjónustukjörnum áttu heima á Kleppi, Arnarholti og fleiri stofnunum áður. Herdís segir stutt síðan að ekki var talið mögulegt að þeir byggju úti í samfélaginu en þýðingarmikið sé að auka sjálfstæði þeirra og hjálpa þeim að ná tökum á lífinu í eigin umhverfi.

Starfsfólk búsetukjarnanna eru lykilpersónur í að styðja íbúana. Vettvangsgeðteymið kemur svo að málum ef þörf er á enn frekari aðstoð. Herdís Margrét og Auður segja mjög misjafnt hversu mikinn stuðning íbúarnir þurfi. „Sumir þurfa félagslegan stuðning, aðrir þurfa aðstoð við húshald og persónulegar þarfir. Allir þurfa stuðning þegar þeir veikjast og þá kemur teymið í góðar þarfir," segir Herdís. Margrét tekur undir það og segir árangur þessa starfs meðal annars mælast í því að spítaladögum hafi fækkað og stefnt sé að því að innlögnum fækki líka. „Aðstoðin fer fram á heimilum fólks en hún fer líka fram í formi iðjuþjálfunar, stuðnings- og sálfræðiviðtala."

Þær taka fram að íbúarnir hafi að sjálfsögðu notið þjónustu áður, hún hafi bara verið á öðrum grunni. „Nú er búið að samþætta þjónustuna betur og hún er orðin markvissari fyrir íbúann, spítalann og borgina," segir Auður.



Iðjuþjálfinn Auður og hjúkrunarfræðingarnir Margrét og Herdís eru í vettvangsgeðteymi Landspítalans og Reykjavíkurborgar. MYND/ANTON

# Við þökkum stuðninginn

## Reykjavík

| | |
|---|---|
| Aðalmálun sf | Bræðraborgarstíg 13 |
| Aðalvík ehf | Ármúla 15 |
| ARGOS ehf | |
| - Arkitektastofa Grétars og Stefáns | Eyjarslóð 9 |
| Arkitektastofan OG ehf | Skúlatúni 2 |
| Arkþing ehf | Bolholti 8 |
| Athygli ehf | Suðurlandsbraut 30 |
| Árbæjarapótek ehf | Hraunbæ 115 |
| Bakkus ehf | Héðinsgötu 1 |
| Birtingur ehf | Sóleyjargötu 5 |
| Bílasmiðurinn hf | Bíldshöfða 16 |
| Björnsbakarí ehf v/Skúlagötu | Klapparstíg 3 |
| Blaðamannafélag Íslands | Síðumúla 23 |
| Bókhaldsþjónusta | |
| - Arnar Ingólfssonar ehf | Nethyl 2 A |
| BSRB | Grettisgötu 89 |
| Congress Reykjavík | |
| - Ráðstefnuþjónusta ehf | Engjateigi 5 |
| Drafnarfell ehf | Stórhöfða 35 |
| Dún- og fiður ehf | Laugavegi 87 |
| Efling stéttarfélag | Sætúni 1 |
| Eignamiðlun | Síðumúla 21 |
| Einar Jónsson Skipaþjónusta | Laufásvegi 2a |
| Eirberg ehf | Stórhöfða 25 |
| Fasteignasalan Garður ehf | Skipholti 5 |
| Fatabúðin ehf | Skólavörðustíg 21a |
| Faxaflóahafnir sf | Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17 |
| Ferðakompaníið ehf | Fiskislóð 20 |
| Félag bókagerðamanna | Hverfisgötu 21 |
| Félag eggjaframleiðenda | |
| - Hildur Traustadóttir | Bændahöllinni |
| Fiskbúðin | Freyjugötu 1 |
| Fiskmarkaðurinn veitingahús | Aðalstræti 12 |
| Fjallabak ehf | Skólavörðustíg 12 |
| Fótaaðgerðarstofa Reykjavíkur ehf | Háaleitisbraut 58 |
| GB Tjónaviðgerðir ehf | Draghálsi 6-8 |
| Gjögur hf., Grenivík | Kringlunni 7 |
| Grásteinn ehf | Grímshaga 3 |
| Guðmundur Jónasson ehf | Borgartúni 34 |
| Gull og silfur ehf | Laugavegi 52 |
| Gullsmiðurinn í Mjódd | Álfabakka 14b |
| Hafgæði sf | Fiskislóð 47 |
| Halldór Jónsson ehf | Skútuvogi 11 |
| Herrafataverslun Birgis ehf | Fákafeni 11 |
| Hótel Leifur Eiríksson ehf | Skólavörðustíg 45 |
| Hreysti ehf | Skeifunni 19 |
| Hylling ehf, Verslunin Brim | Laugavegi 71 |
| Höfðakaffi ehf | Vagnhöfða 11 |
| Iceland Congress s: 552 9500 | Eskihlíð 3 |
| Iceland Seafood ehf | Köllunarklettsvegi 2 |
| Innnes ehf | Fossaleyni 21 |
| Innréttingar og tæki | Ármúla 31 |
| Íslensk endurskoðun ehf | Bogahlíð 4 |
| Íslensk erfðagreining | Sturlugötu 8 |
| Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf | Bíldshöfða 12 |
| Íþróttafélagið Fylkir | Fylkisvegi 6 |
| Jóhann Þorsteinsson | Logafold 130 |
| Kemi ehf www.kemi.is | Tunguhálsi 10 |
| Kjaran ehf | Síðumúla 12-14 |
| Knattspyrnusamband Íslands | Laugardal |
| KOM almannatengsl | Höfðatorgi |
| Kristján F. Oddsson ehf | Síðumúla 25 |
| Kristján G. Gíslason ehf | Hverfisgötu 6a |
| Krit ehf | Ármúla 10 |
| Landsnet hf | Gylfaflöt 9 |
| Lifandi vísindi | Klapparstíg 25-27 |
| Lionsumdæmið á Íslandi | Sóltúni 20 |
| Loftstokkahreinsun.is | |
| s: 5670882 og 8933397 | Garðhúsum 6 |
| Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu | Hverfisgötu 115 |
| Löndun ehf | Kjalarvogi 21 |
| Mennta- og menningarmálaráðuneytið | Sölvhólsgötu 4 |
| Menntaskólinn við Hamrahlíð | Hamrahlíð 10 |
| Menntaskólinn við Sund | Gnoðarvogi 49 |
| Motus | Laugavegi 97 |
| Múlakaffi | Hallarmúla |
| Nýi ökuskólinn ehf | |
| www.meiraprof.is | Klettagörðum 11 |
| Opin kerfi ehf | Höfðabakka 9 |
| Ó. Johnson & Kaaber - Sælkeradreifing | Tunguhálsi 1 |
| Ósal ehf | Tangarhöfða 4 |
| Parlogis hf - Lyfjadreifing ehf | Krókhálsi 14 |
| Pizza King ehf sími: 551 7474 | Hafnarstræti 18 |
| Plastco ehf | Skútuvogi 10c |
| Promens hf | Suðurlandsbraut 24 |
| Rafsvið sf | Þorláksgeisla 100 |
| Ráðgjafar ehf | Garðastræti 36 |
| Rolf Johansen & Co ehf | Skútuvogi 10a |
| Seljakirkja | Hagaseli 40 |
| Sigurjónsson & Thor ehf | Lágmúla 7 |
| Sjálfstæðisflokkurinn | Háaleitisbraut 1 |
| Sjómannafélag Íslands | Skipholti 50d |
| Skotfélag Reykjavíkur | Engjavegi 6 |
| Skóarinn í Kringlunni ehf | Kringlunni 4-6 |
| Skólavefurinn.is | Laugavegur 163 |
| Stólpi ehf | Klettagörðum 5 |
| Suzuki bílar hf | Skeifunni 17 |
| Tannlæknastofa | |
| Björns Þ Þórhallssonar | Háteigsvegi 1 |
| Tannlæknastofa | |
| Friðgerðar Samúelsdóttur ehf | Laugavegi 163 |
| Tannlæknastofa | |
| Ólafs Páls Jónssonar | Faxafeni 5 |
| Tannlæknastofa | |
| Tómasar Einarssonar | Þangbakka 8 |
| Tannþing ehf, tannlæknastofa | Þingholtsstræti 11 |
| Tónmenntaskóli Reykjavíkur | Lindargötu 51 |
| Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar | Engjateigi 1 |
| Túnverk ehf | Jónsgeisla 45 |
| V.R. | Kringlunni 7 |
| Veiðiþjónustan Strengir | Smárarima 30 |
| Verkfræðistofan VIK ehf | Laugavegi 164 |
| Verslunarskóli Íslands | Ofanleiti 1 |
| Verslunartækni ehf | Draghálsi 4 |
| Verslunin Fríða frænka | Vesturgötu 3 |
| Vélsmiðjan Altak ehf | Ægisgörðum 7 |
| Vélsmiðjan Harka hf | Hamarshöfða 7 |
| Vilberg kranaleiga ehf s: 848-0800 | Fannafold 139 |
| www.ibudagisting.is | Síðumúla 14, 2. hæð |
| Ögurvík hf | Týsgötu 1 |

## Seltjarnarnes

| | |
|---|---|
| Seltjarnarneskirkja | Kirkjubraut 2 |

## Vogar

| | |
|---|---|
| V.P.vélaverkstæði ehf | Iðndal 6 |

## Kópavogur

| | |
|---|---|
| Ísfrost ehf | Smiðjuvegur 11e |
| Allianz á Íslandi hf | Digranesvegi 1 |
| Arnardalur sf | Þinghólsbraut 58 |
| Bílaþvottastöðin Löður ehf | Akralind 2 |
| Blindrabókasafn Íslands | Digranesvegi 5 |
| Debenhams á Íslandi ehf | Hagasmára 1 |
| dk hugbúnaður ehf., www.dk.is | Hlíðasmára 17 |
| Fagsmiði ehf | Kársnesbraut 98 |
| Glófi ehf, varma@varma.is | Auðbrekka 21 |
| Heilsuhúsið | |
| Hellur og garðar ehf | Kjarrhólma 34 |
| Íslandsspil sf | Smiðjuvegi 11a |
| Kríunes ehf | Kríunesi við Vatnsenda |
| Léttfeti ehf - Sendibílar | Engihjalla 1 |
| Marás ehf | Akralind 2 |
| Mecca Spa ehf | Nýbýlavegi 24 |
| Rafmiðlun hf | Ögurhvarfi 8 |
| Reynir bakari | Dalvegi 4 |
| Ship Equip ehf | Hlíðarsmára 10 |
| Strikamerki hf | Hlíðasmára 12 |
| Suðurverk hf | Hlíðarsmára 11 |
| Söluturninn Smári | Dalsvegi 16c |
| Viðskiptaþjónusta ÁGG ehf | Dalvegi 16d |

## Garðabær

| | |
|---|---|
| B.Markan-Pípulagnir ehf | Lyngási 10 |
| Engilbert ÓH Snorrason tannlæknastofa sf | Garðatorgi 3 |
| G.M. Byggir ehf | Krókamýri 58 |
| Garðabær | Garðatorgi 7 |
| Geislatækni ehf Laser-þjónustan | Suðurhrauni 12c |
| H.Filipsson sf | Miðhrauni 22 |
| Manus ehf | Smiðsbúð 7 |
| Nostra Ræstingar ehf | Miðhrauni 14 |
| Öryggisgirðingar ehf | Suðurhrauni 2 |

## Hafnarfjörður

| | |
|---|---|
| Bílaverk ehf | Kaplahrauni 10 |
| Endurskoðun | |
| Ómars Kristjánssonar slf | Bæjarhrauni 8 |
| Guðmundur R. Ólafsson, | |
| tannlæknir | Reykjavíkurvegi 62 |
| Héðinn Schindler lyftur hf | Gjótuhrauni 4 |
| Hvalur hf Hafnarfirði | |
| Höfn öldrunarmiðstöð | Sólvangsvegi 1 |
| Ísrör ehf | Hringhellu 12 |
| Krossborg ehf | Stekkjarhvammi 12 |
| Kæling ehf | Stapahrauni 6 |
| Litla partasalan ehf | Trönuhrauni 7 |
| Rafrún ehf | Gjótuhrauni 8 |
| Stálorka ehf | Hvaleyrarbraut 37 |
| Tannlæknastofa | |
| Harðar V Sigmarssonar sf | Reykjavíkurvegi 60 |
| Verkalýðsfélagið Hlíf | Reykjavíkurvegi 64 |
| Þór, félag stjórnenda | Pósthólf 290 |

## Reykjanesbær

| | |
|---|---|
| ÁÁ verktakar ehf., | |
| - viðhald fasteigna s: 898 2210 | Fitjabraut 4 |
| DMM Lausnir ehf | Iðavöllum 9b |
| Grímsnes ehf | Steinás 18 |
| Hársnyrtistofan Hár-inn | Hafnargötu 44 |
| ÍAV þjónusta ehf | Klettatröð bygging 2314 |
| Íslenska félagið ehf | Iðavellir 7a |
| Kaplavæðing ehf | Hólmgarði 2c |
| Reiknistofa fiskmarkaða hf | Iðavöllum 7 |
| Reykjanesbær | Tjarnargötu 12 |
| Tannlæknast Einars Magnúss ehf | Skólavegi 10 |
| Tannlæknast. | |
| Jóns Björns Sigtryggssonar | Tjarnargötu 2 |
| Verkfræðistofa Suðurnesja hf | Víkurbraut 13 |
| Verslunarmannafélag Suðurnesja | Vatnsnesvegi 14 |

## Grindavík

| | |
|---|---|
| www.stafholthestar.is | Stafholti |
| Vísir hf | Hafnargötu 16 |

## Sandgerði

| | |
|---|---|
| Grunnskólinn í Sandgerði | Skólastræti |

## Mosfellsbær

| | |
|---|---|
| Garðyrkjustöðin Gróandi | Grásteinum |
| Kvenfélag Mosfellsbæjar | |
| Skálatúnsheimilið | |
| Reykjalundur | |
| - endurhæfingarmiðstöð SÍBS | Reykjalundi |

## Akranes

| | |
|---|---|
| Apótek Vesturlands ehf | Smiðjuvöllum 32 |
| Bifreiðastöð Þórðar Þ Þórðarsonar | Dalbraut 6 |
| Ehf, Álmskógum 1 | Álmskógum 1 |
| Pípulagningaþjónustan ehf | Kalmansvöllum 4a |
| Straumnes rafverktakar | Krókatúni 22-24 |
| Viðskiptaþjónusta Akraness ehf | Kirkjubraut 28 |
| Vignir G. Jónsson hf | Smiðjuvöllum 4 |

## Borgarnes

| | |
|---|---|
| Kvenfélag Stafholtstungna | |
| Sæmundur Sigmundsson ehf | Brákarbraut 18-20 |
| Vélaverkstæði Kristjáns ehf | Brákarbraut 20 |
| Þjónustumiðstöðin Húsafelli ehf | Húsafelli 3 |

## Reykholt Borgarfirði

| | |
|---|---|
| Garðyrkjustöðin Varmalandi | Reykholtsdal |

## Stykkishólmur

| | |
|---|---|
| Bókhaldsstofan Stykkishólmi ehf | Aðalgötu 20 |
| Þ.B.Borg - Trésmiðja | Silfurgötu 36 |

## Grundarfjörður

| | |
|---|---|
| Berg - vélsmiðja ehf | Ártúni 4 |

## Ólafsvík

| | |
|---|---|
| Litlalón ehf | Skipholti 8 |
| Tannlæknastofa A.B | Heilsugæslust. Engihlíð 28 |
| TS Vélaleiga ehf | Stekkjarholti 11 |

## Hellissandur

| | |
|---|---|
| Hraðfrystihús Hellissands hf | Hafnarbakka 1 |
| Hjallasandur ehf | Helluhóli 3 |

## Ísafjörður

| | |
|---|---|
| Ferðaþjónustan í Heydal | |
| s: 456 4824 www.heydalur.is | Mjóafjörður |
| Jón og Gunna ehf | Austurvegi 2 |
| Kjölur ehf | Urðarvegi 37 |
| Tréver sf | Hafraholti 34 |

## Bolugarvík

| | |
|---|---|
| Fiskmarkaður Bolungarvíkur og Suðureyrar ehf | Árbæjarkanti 3 |
| Glaður ehf | Traðarstíg 1 |
| Ráðhús ehf | Miðstræti 1 |
| Verkalýðs- og sjómannafélag | |
| Bolungarvíkur | Hafnargötu 37 |
| Vélvirkinn sf | Hafnargötu 8 |

## Norðurfjörður

| | |
|---|---|
| Hótel Djúpavík ehf | Árneshreppi |

## Blönduós

| | |
|---|---|
| Samstaða, skrifstofa verkalýðsfélaga | Þverholti 1 |

## Skagaströnd

| | |
|---|---|
| Vélaverkstæði Skagastrandar | Strandgötu 30 |

## Sauðárkrókur

| | |
|---|---|
| Aldan - stéttarfélag | Sæmundargötu 7a |
| Bókhaldsþjónusta KOM ehf | Víðihlíð 10 |
| Kaupfélag Skagfirðinga | Ártorgi 1 |
| Útgerðarfélagið Sæfari ehf | Hrauni |
| Verslun Haraldar Júlíussonar | Aðalgötu 22 |


Alcoa Fjarðaál

ALCOA

SJÓVÁ

BRIM SEAFOOD

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

HS ORKA HF

Hringsjá Náms- og starfsendurhæfing

Alþýðusamband Íslands

SAMHENTIR UMBÚÐALAUSNIR

**SÍLFELL ehf**
Arnarhrauni 19
240 Grindavík
Sími: 892 7959

# Íslensk erfðagreining uppgötvar krabbameinsgen

**Vísindamenn hjá ÍE hafa fundið erfðabreytileika í genamengi mannsins sem tengist aukinni hættu á eggjastokkakrabbameini. Þeir hafa líka fundið breytileika sem tengist húð-, blöðruháls- og heilakrabbameini.**

Vísindamenn hjá ÍE hafa í samstarfi við aðra vísindamenn hérlendis og vísindamenn í Hollandi, Finnlandi og á Spáni fundið erfðabreytileika í BRIP1 geninu sem tengist aukinni hættu á krabbameini í eggjastokkum. Þeir hafa einnig fundið erfðabreytileika í öðru geni, TP53, sem tengist hættu á húðkrabbameini, krabbameini í blöðruhálskirtli og krabbameini í heila. Greinar þess efnis birtust á vef tímaritsins Nature Genetics í vikunni sem leið.

„Það má segja að breytileikar í erfðamengi mannsins geti haft tvenns konar áhrif á áhættu á sjúkdómum,“ segir Kári Stefánsson forstjóri ÍE. „Við eins og aðrir sem starfa við erfðafræðirannsóknir í heiminum í dag, höfum að mestu leyti verið að elta uppi þær breytur í erfðamengi mannsins sem eru tiltölulega algengar og hafa fremur væg áhrif. Þessar breytur hafa margar með eiginleika eins og hæð, þyngd, hjartsláttartíðni og fleira í þeim dúr að gera og fylgja normaldreifingu. Fólk á öðrum enda þeirra dreifingar er í aukinni hættu á ákveðnum sjúkdómi en á hinum endanum er það varið fyrir sama sjúkdómi. Upp á síðkastið höfum við hins vegar verið að raðgreina allt erfðamengi stórs hóps Íslendinga og leitað uppi fágætar breytur sem geta valdið mjög aukinni áhættu á tilteknum sjúkdómum. Þessar fágætu breytur rjúfa áhrif almennu breytanna og geta haft alvarleg áhrif.



Uppgötvanirnar leggja til þekkingu um hvernig maðurinn er saman settur en það er okkar trú að þannig sé auðveldara að takast á við vandamál, þróa greiningartæki og meðferð.

Breytingarnar í BRIP1-geninu sem sagt var frá í Nature Genetics síðastliðinn sunnudag auka að sögn Kára líkur á krabbameini í eggjastokkum til muna. Eggjastokkakrabbamein er erfitt viðureignar og það hefur gengið illa að bæta horfur þeirra kvenna sem greinast með það. „Ástæðan er sú að eggjastokkakrabbamein greinist yfirleitt mjög seint. Ein leið til að bæta horfurnar er að greina sjúkdóminn fyrr með því að finna þær konur sem eru í mikilli áhættu og skima þær reglulega. Þessi uppgötvun okkar eykur líkur á að það verði hægt,“ segir Kári. Hann segir eina stökkbreytingu hafa fundist í þessu geni á Íslandi og aðra í sama geni á Spáni. „Stökkbreytingin á Spáni veldur enn meiri áhættu á eggjastokkakrabbameininu en sú íslenska. Íslenska stökkbreytingin eykur eingöngu líkur á eggjastokkakrabbameini en sú spænska eykur auk þess líkur á brjóstakrabbameini.”

Niðurstöður er varða hættu á húðkrabbameini, krabbameini í blöðruhálskirtli og krabbameini í heila birtust í Nature Genetics fyrir rúmri viku. Í þeirri rannsókn var einnig notast við gögn sem byggja á raðgreiningu Íslendinga. Þar var einangraður erfðabreytileiki í TP53-geninu en það gen hefur áður verið tengt við þróun krabbameinsæxla. Þessi breytileiki finnst í einum af hverjum 25 Íslendingum.

Kári segir að vísindamenn um allan heim vinni við að raðgreina erfðamengi mannsins í þeirri von að finna breytileika sem varpar ljósi á sjúkdóma en slíkar rannsóknir er auðveldara að framkvæma hérlendis. „Ástæðan er sú að fágætar stökkbreytingar hafa minni fjölbreytileika á Íslandi og því auðveldara að finna þær en víðast hvar erlendis. Skýringin á því er sú að erfðamengi þeirra einstaklinga sem byggja landið í dag koma frá tiltölulega fáum forfeðrum.“

*vera@frettabladid.is*

Framhald af forsíðu

„Ég ákvað núna að slá metið í fyrstu tilraun og binda þannig um hnútana í þetta sinn að enginn gæti snert það næstu árin,“ upplýsir Hlynur, sem hefur verið við botnlausar æfingar síðustu mánuði. Samhliða því hefur hann verið önnum kafinn við að fá viðurkennda aðila, þar á meðal vitni, ljósmyndara, kvikmyndatökumann, tímaverði og smið sem gekk úr skugga um að undirlagið væri fullkomlega lárétt, til að vera viðstadda viðburðinn eins og Guinness gerir kröfu um.

Hlynur er þegar búinn að senda öll gögn út til höfuðstöðva Guinness World Records í Bandaríkjunum og á ekki von á öðru en að hlutirnir gangi hratt fyrir sig. „Síðast liðu um átta vikur þar til ég fékk viðurkenningarskjal sent,“ bendir hann á og kveðst hlakka til að bæta öðru skjali upp á vegg heima hjá sér.

Inntur út í þann „fjarlæga“ möguleika að einhverjum takist að slá metið segist Hlynur viðbúinn því. „Þá set ég bara allt á fullt aftur, enda fer maður ekkert að gefast upp. Ekki úr þessu,“ segir hann og þakkar fata- og brettaversluninni Brimi og vinum og vandamönnum veittan stuðning.

Á Youtube er hægt að fylgjast með Hlyni bregða á leik.

*roald@frettabladid.is*



„Ég ákvað núna að slá metið í fyrstu tilraun og binda þannig um hnútana í þetta sinn að enginn gæti snert það næstu árin,“ segir Hlynur, sem sýnir hvernig hann fór að. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





Staðurinn - Ræktin

Innritun hafin á ný námskeið í síma 581 3730

Síðustu innritunardagar! Stundatafla á jsb.is

TT námskeið – Rétta leiðin til að breyta um lífsstíl, komast í kjörþyngd og gott form.

BM Mótun – Æfingakerfi Báru Magnúsdóttur - aðaláherslan lögð á styrk, liðleika og góðan líkamsburð.

Rope Yoga Workout – Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi.

Stott Pilates – Krefjandi æfingakerfi sem miðar að betri líkamsstöðu.

S&S stutt og strangt – Markvissar æfingar í tækjasal.

Hot Yoga – Farið í gegnum röð af yogastöðum í heitum sal.

60 Plús – Líkamsrækt á rólegri nótunum fyrir konur 60 ára og eldri.

Opna kerfið – Opnir tímar með fjölbreytilegri líkamsrækt.

Þú getur strax byrjað að æfa!

Um leið og þú skráir þig á námskeið og greiðir fyrir það geturðu strax byrjað að sækja tíma í opna kerfinu okkar og tækjasal þar til námskeiðið hefst.

Öllum námskeiðum fylgir frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal!

Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# ;ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

Bílamarkaðurinn



LAND ROVER Range rover vogue 4,4. Árgerð 2003, ekinn 117 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.750.000. Rnr.250563.



HONDA Civic sedan vti v-tec. Árgerð 1998, ekinn 152 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Álfelgur,Toppluga,spoilerkitt,Gott eintak Verð 490.000.Rnr.221266.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**






LAND ROVER DISCOVERY 3 HSE. Árgerð 2007, ekinn 93 Þ.KM, DIESEL, HLAÐINN AUKABÚNAÐI sjálfskiptur. Verð 6.990.000. Áhvílandi 4.5m hjá SP Rnr.110310. Er á staðnum.

**Diesel.is**
**Kletthálsi 15, 110 Reykjavík**
**Sími: 578 5252**
**http://www.diesel.is**

SUZUKI



Sparneytnir, öruggir og áreiðanlegir fjórgengismótorar frá Suzuki. Eigum flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

NETBÍLAR
www.netbilar.is

**Frí auglýsing í Fréttablaðinu fylgir öllum skráningum. Skráðu bílinn fritt www.netbilar.is**




Vegna góðrar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá, Komdu á staðinn, sendu okkur skráningar á netbilar@netbilar.is eða í síma 588-5300.



SUZUKI Grand vitara xl-7. Árgerð 2003, ekinn 150 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.290.000. Rnr.101499.



NISSAN Double cab 35" 4wd. Árgerð 2003,nýtt hedd ekinn 142 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.090.000. Rnr.101970.



TOYOTA Land cruiser 120 gx. Árgerð 10/2008, ekinn 67 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.590.000. Rnr.102622.



MMC Pajero gls. Árgerð 2001, ekinn 182 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.190.000. Rnr.101531.

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**




Vorum að fá nýja sendingu af okkar vinsælu Ál-römpum, fyrir flestar tegundir bíla. Taka allt að 150kg. Verð 37,500 kr. Tilboð núna 14.900 kr. Örfá stk eftir!

**Qpsinport**
**Laugarvegur 168, 105 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Opið frá 14 til 17 mánudaga til föstudaga.**

STÓRA BÍLASALAN



Subaru Forester X Árgerð 2010, ekinn 22þ.km, bsk. Flottur bíll sem er á staðnum. Verð 3.590.000kr. Raðnúmer 131813. Sjá nánar á www.stora.is




VW Polo 1.4 Árgerð 5/2007, ekinn 39þ. km, bsk. Mjög gott eintak sem er á staðnum! Verð 1.390.000kr. Raðnúmer 152372. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndefirlit á plani**
**http://www.stora.is**

bilauppbod.is

### Þarftu að kaupa eða selja bíl?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**
**www.bilauppbod.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



TOYOTA AURIS. Árg 11/2007, ekinn 40 Þ.KM, bensín, bsk.5 gírar. álfelgur, spoiler, ipod-tengi Verð 2.190þRnr.154032. VANTAR BÍLA Á SKRÁ OG Á STAÐINN. MIKIL SALA!!

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777



VOLVO S60 turbo 20v. Árgerð 2005, ekinn 88 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.390.000. Rnr.147204.flott eintak

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**




VW Touareg 2 V6, árg. 2008, ek. 52þ.km, 281hö, bensín, leður, lúga, rafmagns hleri, 19" felgur og góð heilsársdekk, Sparneytinn bíll sem lítur mjög vel út, Ásett verð aðeins 5990þús. kr, er í salnum

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Til sölu Toyota Yaris 1.0 Sol árg. 08.1999 ekinn 204.000 km Bíll í góðu lagi, nýskoðaður 2012, 5 dyra, CD, verð 400.000- Sími 842 6606



Peogeot Expert Turbo D árg. '00. Skoðaður. Ek. 180 þ. km. 5 gíra. S. 616 2597.




50% ódýrara eldsneyti með metan breytingu. Engin útborgun. Greiðist með rekstrarsparnaði! Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is. Bjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - S. 5522000.



Lexus IS 250 ekinn 30þ. km. sjálfsk. áhvíl kr. 2.524.000 verð kr. 3.950.000. Í topp standi. S: 618 9856



Toyota Avensis '99. Ek. 140 km. 5 gíra. Sk 2012. S. 616 2597.



WV. Golf station 2.0 árg. '03, 4motion. Ek 105þ. Krókur, topplúga, ný dekk, skoðaður 2012. Verð 1.110þ. S: 8566518



Til sölu wv bora árg. 99 1,6 beinskiptur ek. 191 þús. ný tímareim ný skoðaður vetrardekk topp bíll verð 420 þús. ATH kortagreiðslur. gsm 868 2352.

### Til sölu

Dodge Dakota árg 2000. Verð 590þús. Tilbúin að skipta á öðrum bíl/sendibíl. Uppl. í s. 898 4202.

Hressandi bílasala á besta stað í Reykjavík óskar eftir efnilegum sölumanni/konu í fullt starf sem fyrst! Ef þú ert reyklaus, drífandi og heiðarleg/ur þá viljum við heyra frá þér. Ferilskrá og annar fróðleikur sendist á starf1234@gmail.com fyrir 9. okt nk. Fyllsta trúnaði er heitið. Ps. Konur/stelpur, við viljum líka heyra frá ykkur!!!

### Dekurbíll

Opel Corsa '98 ekinn aðeins 95 þús á vél. Nýtt púst og bremsur. Þarfnast viðgerðar fyrir skoðun. Tilboð 150 þús ! Sími 8216706.

## 0-250 þús.



### Legacy 4x4 250 þús!

SUBARU LEGACY WAGON 4X4 árg'95, beinskiptur hátt og lágt drif, góður bíll, verð 250 þús! s.841 8955



### 4x4 sjálfskiptur á 230 þús!

Daihatsu Terios 1,3 16v 4x4 árg.'97 ek.120 þús., sjálfskiptur, ásett verð 390 þús. TILBOÐ 230 þús. stgr! s. 841 8955.

Lítið ekin VW Vento til sölu. Verð 150þús. Einn eigandi, smurbók í lagi. Uppl. s. 823 8734

## 250-499 þús.



### Toppbíll

MMC Carisma árg '98, ekinn aðeins 140þús, ný skoðaður 2012, beinskiptur, nýleg dekk, frábær bíll í góðu standi, Tilboðsverð aðeins 380þús, uppl í s: 659-9696

## 500-999 þús.



### TILBOÐ 750 þús!

SUBARU LEGACY WAGON 4x4 árgerð 2003 ek.205 þús. sjálfskiptur, ný góð heilsársdekk, cd,skoðaður 2012, hálfleðraður,filmur, lítur vel út, mjög góður bíll ásett verð 950 þús TILBOÐ 750 ÞÚS! s.841 8955



### TILBOÐ FÆST Á 750 ÞÚS. SJÁLFSSKIPTUR DISEL.

HYUNDAI H-1 STAREX 4X4 TURBO DISEL,árgerð 2000, ek.175 þús,sjálfskiptur,7 manna með fjórum kapteinstólum,hátt og lágt drif,stigbretti! ofl.frábær ferðabíll sem kemst allt! verð 950 þús, TILBOÐ FÆST Á 750 ÞÚS. STGR s. 841 8955.

## Bílar óskast

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**

Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 691 9374

Óska eftir bíl á bilinu 30-300þ. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vörubílar




### Vörubíla og vinnuvéladekk

Eigum á lager 315/80R22,5 vörubíladekk á góðu verði Höfum einnig gott úrval af vinnuvéladekkjum O.K. Varahlutir ehf sími 696-1050-okspares@simnet.is

## Reiðhjól




## Vinnuvélar

Til sölu 28 tonna beltavél '97 ek. ca. 7400 tíma. Skoðuð 2012. S. 892 5309.

## Bátar

BÁTAR OG SKIPASALAN BÚNAÐUR

Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www.batarogbunadur.is

Sportcraft 16. 146 hestafla volvo bensínvél, 290 volvo hældrif, kerra o.fl.n 1300þús, skoða skipti á bíl. S:696-6699



Hraðgangandi Rib farþegabátur til sölu. Með vagni. Tilbúinn í vinnu. Ástand sem nýr. Upplýsingar í 867 4097.

## Bílaþjónusta



INNI VINNULYFTUR - PASSA INN UM 90CM HURÐARGÖT OG FARA Í 4,9m VINNUHÆÐ. EINNIG STÆRRI LYFTUR TIL LEIGU Á FRÁBÆRU VERÐI. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

## Hjólbarðar

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

## Varahlutir




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**Varahlutavaktin**
**Sími 555 6666**
Erum að byrja rífa H1 (starex), Peugeot '02, Golf '98-'05, WV Passat '98-'00, Pajero '92-00 Accent '98. Grand vitara XL7 '03. Benz '88-'05, Landrover Discovery '98. Fiat Stilo '04 Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á staðnum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Japanskar vélar**
**Bílapartasala**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Varahlutir í primera '98. Baleno Wagon '97. MMC Space Wagon '97, Kia Sephia '99, Yaris '00, Corolla '94 ,'98, Escord '98. Accent '95 & '97 & '98. Impreza '97 & '99. Legacy '96. Almera '98. Carina '97, Vento '97, Lanos '99, Elantra Wagon '97 og '99 Civic '99. Golf '95, Sunny '94. S. 896 8568.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Vectra '98, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 772 0614 & 661 5270

**Musso varahlutir.**
Erum að rífa Musso, Terrano, Nubiru, Lanos, Galloper, H1, Santa Fe, Trooper, Freelander, Impreza 97, Baleno, Caddy 98-02, Polo 97-99, Matiz, Mondeo 98. Kaupum bíla til niðurrifs . Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hafnarfirði. S. 864 0984.

**VW - Skoda - Varahlutir**
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315 eða 699 6069.

## Hreingerningar

**Vy-þrif ehf.**
öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

## Garðyrkja










## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Fjármál

**Evrur til sölu**
**3% yfir seðlagengi**
**uppl. í síma. 857 6711.**

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf., Sigurður 896-5758, siggi@litidmal.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald










Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is

**Topp Verktakar ehf**
Flísar - parket - mála - múrarar - steinslípun - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 774 4449 topp.verktakar.ehf@gmail.com

**Laga ryðbletti á þökum**
Hreinsa þakrennur og tek að mér ýmis smærri verkefni. Uppl. í s. 847 8704 eða manninn@hotmail.com

## Tölvur




Alhliða tölvuviðgerðir. Gerum föst verðtilboð. Pétur TVA106 A+ S. 615-4530

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.

## Nudd

Brasilian whole body massage. S. 698 8834, Mona.

THE BEST !! WHOLE BODY MASSAGE IN DOWN TOWN AND ANY TIME 24/7. S: 857 7708 .FOR THE BEST, MAN!!

**Nudd**
**12.05** Sveinn Magnússon læknir fjallar um reykingar og skaðsemi þeirra í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins í tengslum við nýopnaða sýningu safnsins, Þetta er allt sama tóbakið! Aðgangur er ókeypis.

**15.00** Daniel Miller, prófessor í mannfræði við University College London, flytur fyrirlesturinn Facebook and Digital Anthropology á vegum Mannfræðifélags Íslands í samstarfi við félags- og mannvísindadeild HÍ. Fyrirlesturinn fer fram í stofu 104 á Háskólatorgi Háskóla Íslands og er fluttur á ensku.

### → Útivist

Korpúlfarnir, samtök eldri borgara í Grafarvogi, standa fyrir sundleikfimi í Grafarvogssundlaug.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**


LYFJA
– Lífið heil
+20% afsláttur
af Flux flúormunnskoli fyrir börn og fullorðna



Flux: 0,2% Naf flúormunnskol
Flux Junior: 0,05% Naf flúormunnskol
Flux Klorhexidin: 0,12% klórhexidín og 0,2% Naf
Gildir til 16. október
www.lyfja.is
Lægra verð í Lyfju

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is
ÞRIÐJUDAGUR: JÓN OG SÉRA JÓN 18:00, 20:00, 22:00 ■ SVÍNASTÍAN 18:00, 20:00, 22:00 ■ THORS SAGA 18:00, 20:00, 22:00 ■ Á ANNAN VEG 22:00 ■ ANDLIT NORÐURSINS 18:00
ÍSLENSKUR TEXTI. ENGLISH SUBTITLES.
VERTU FASTAGESTUR!
Ódýrara í bíó með aðgangskortum!



# LAGERSALA 4. - 9. október

66° NORÐUR

KRAKKAR

Einnig í svörtu



**MAGNI dúnúlpa**

ÁÐUR: 21.000 kr. **NÚ: 8.000 kr.**

KRAKKAR

Einnig í appelsínugulu



**BALDUR jakki**

ÁÐUR: 9.800 kr. **NÚ: 3.800 kr.**

KRAKKAR

Fleiri litir



**BRAGI heilgalli**

ÁÐUR: 17.500 kr. **NÚ: 8.000 kr.**

KRAKKAR



**TÝR skíðabuxur**

ÁÐUR: 17.500 kr. **NÚ: 7.500 kr.**

## 50-70% afsláttur

**Húfur & vettlingar**

**500 - 2.500 kr.**

DÖMUR

Einnig í rauðu



**LAUGAVEGUR dúnkápa**

ÁÐUR: 33.000 kr. **NÚ: 15.000 kr.**

DÖMUR/HERRAR



**GLYMUR 3-laga jakki**

ÁÐUR: 64.900 kr. **NÚ: 17.500 kr.**

DÖMUR/HERRAR



**GLYMUR softshell jakki**

ÁÐUR: 38.500 kr. **NÚ: 12.000 kr.**

DÖMUR/HERRAR



**KALDI vettlingar**

ÁÐUR: 7.800 kr. **NÚ: 2.500 kr.**

**Faxafen 12, 108 Reykjavík:** Þri. - fös. 9 - 18 I Lau. 11 - 16 I Sun. 12 - 16
**Glerárgata 32, 600 Akureyri:** Þri. - fös. 9 - 18 I Lau. 11 - 16

# sport

sport@frettabladid.is



**HALLDÓR ORRI BJÖRNSSON** fer á sunnudag út til Danmerkur þar sem hann mun æfa með Silkeborg. Frá þessu var greint á fótbolti.net í gær. Halldór Orri átti frábært ár með Stjörnunni og hefur verið undir smásjá danska liðsins í nokkurn tíma.



**LARS LAGERBÄCK** Vill ekki ræða stöðu viðræðna við KSÍ sem stendur. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Leitin að eftirmanni Ólafs:

## KSÍ ræðir við Lagerbäck

**FÓTBOLTI** Það virðist vera komin nokkur hreyfing á landsliðsþjálfaramálin hjá KSÍ en Ólafur Jóhannesson stýrir sínum síðasta landsleik á föstudag.

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, staðfesti við íþróttadeild í gær að hann væri í viðræðum við Svíann Lars Lagerbäck um að taka að sér starfið.

Svíinn er einnig sagður vera í viðræðum við forráðamenn austurríska knattspyrnusambandsins. Talið var að hann væri úr myndinni þar en austurrískir miðlar greindu frá því í gær að Lagerbäck væri enn í myndinni hjá Austurríki.

Lagerbäck lýsti yfir áhuga á að taka við íslenska landsliðinu í samtali við Fréttablaðið á dögunum. Þá sagðist hann vera til í að ræða við KSÍ og Fréttablaðið spurði hann í gær hver staða mála væri?

„Á meðan ekkert er frágengið í mínum málum hef ég ákveðið að sleppa því að tjá mig. Það verðið því að bíða og sjá hvað verður,“ segir Lagerbäck.

„Þegar í ljós kemur hvort ég verði landsliðsþjálfari Íslands eður ei er þér velkomið að ræða eins mikið við mig og þú vilt. Ég tel það ekki vera rétt af mér að ræða mín mál í fjölmiðlum á meðan þau eru í óvissu. Ég held að það eigi við um alla.“

Hinn 63 ára gamli Lagerbäck var lengi vel landsliðsþjálfari Svía og kom liðinu á fimm stórmót í röð á sínum tíma. Hann hefur undanfarið verið að vinna fyrir sænska knattspyrnusambandið og Knattspyrnusamband Evrópu.

- hbg

# FUNDU ÁSTRÍÐUNA AFTUR Í FRAM

**Bretarnir fjórir í Fram áttu stóran þátt í því að liðið náði að bjarga sér frá falli úr Pepsi-deildinni á ævintýralegan máta. Fréttablaðið ræddi við þrjá þeirra um sumarið og af hverju þeir enduðu í Pepsi-deildinni.**

**FÓTBOLTI** Tímabilinu 2011 í Pepsi-deild karla verður lengi minnst fyrir afrek Fram, sem tókst með ævintýralegum hætti að bjarga sæti sínu í deildinni. Liðið fékk aðeins þrjú stig úr fyrstu tíu umferðunum og vann ekki sinn fyrsta leik fyrr en í 11. umferð – gegn Víkingi. Næsti sigurleikur á eftir kom í 16. umferð, þann 22. ágúst, og voru þá langflestir íslenskra sparkspekinga löngu búnir að dæma þá niður um deild.

En þá tók við ótrúlegur sprettur hjá þeim bláklæddu, sem töpuðu aðeins einum leik af síðustu sjö í deildinni (2-1 fyrir KR) og unnu fjóra af síðustu fimm leikjum sínum. Fram endaði í níunda sæti, þremur stigum frá fallsæti.

Margir tengja gott gengi Fram við komu þeirra Stevens Lennon og Sams Hewson um mitt mót. Skyldi engan undra. Lennon tryggði Fram fyrsta sigur tímabilsins í fyrsta leik sínum er hann nýtti sér skelfileg mistök Magnúsar Þormars, markvarðar Víkings.

„Markvörðurinn var óheppinn,“ segir Lennon um atvikið. „En þetta var mikilvægt augnablik og átti ef til vill stóran þátt í því að við náðum að snúa genginu við. Lið í fallbaráttu eru yfirleitt ekki svona heppin en við þurftum á þessu að halda.“

### Íslensku strákarnir líka góðir

Stuttu síðar bættist Hewson í hópinn og náði hann að binda saman miðju Framara og bæta þannig sóknarleik liðsins til muna. Lennon tekur þó fram að það voru ekki bara Bretarnir sem léku vel undir lok tímabilsins.

„Ömmi (Ögmundur Kristinsson markvörður) var ekkert besti maður í sumar og fleiri voru að spila vel.“

Sam Tillen var að klára sitt fjórða tímabil hjá Fram og þekkir því orðið ansi vel til í Safamýrinni. „Allir þrír (Bretarnir) voru frábærir í sumar. Þeir eru ekki síst góðir knattspyrnumenn heldur einnig góðir drengir með frábært viðhorf. Það skiptir máli,“ segir Tillen.

„Ég man þegar ég kom fyrst til Fram. Þá voru hérna Danir sem voru hér á kolröngum forsendum. Það var ótrúlegt að sjá hversu slakt viðhorf þeir voru með,“ bætir hann við. „En með tilkomu strákanna í sumar fundum við ákveðið jafnvægi í liðinu og það er ljóst að hefðu þeir komið fyrr hefði okkur gengið betur í sumar.“




**ÞRÍR ÖFLUGIR** Sam Tillen, Steven Lennon og Alan Lowing áttu stóran þátt í velgengni Fram á seinni hluta tímabilsins, rétt eins og Sam Hewson sem var farinn af landi brott þegar myndin var tekin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þeir Tillen, Lowing og Hewson voru allir samningsbundnir Fram til lengri tíma en í gær bættist svo Steven Lennon í hópinn eftir að hafa samið við liðið til 2013.

„Ég nýt þess að spila fótbolta í Fram og skiptir það mestu,“ segir Lennon. „Ég vona að ég fái tvö góð ár með Fram og að ég standi mig það vel að ég komist svo í stærri deild.“

### Margir týnast og hætta 22 ára

Allir fjórir leikmennirnir ólust upp hjá stórum breskum félögum. Þeir Lowing og Lennon hjá Glasgow Rangers, Tillen hjá Chelsea og Hewson var í áratug hjá Manchester United, um tíma sem fyrirliði U-18 liðs félagsins. Allir eiga þeir að baki leiki með yngri landsliðum Englands og Skotlands.

Tillen segir að fjölmargir knattspyrnumenn sem alast upp hjá stórfélögum eigi það til að týnast. „Þeir leikmenn sem ekki komast að í aðalliðinu enda langflestir í neðri deildunum. Þar er fótboltinn allt annar en þeir hafa vanist og var það líka tilfellið hjá mér. Ég fór til Brentford og síðustu átján mánuðirnir þar voru ömurlegir. Ég hataði æfingarnar og hlakkaði aldrei til að spila leikina. Margir í mínum sporum týnast einfaldlega og hætta svo 22 ára gamlir, þó svo að þeir hafi sem unglingar verið taldir í hópi efnilegustu leikmanna landsins.“




SAMUEL HEWSON

### Frelsi til að njóta sín

Allir þeir þrír sem Fréttablaðið ræddi við minntust á þjálfarann Þorvald Örlygsson og þökkuðu honum fyrir traustið sem þeir fengu undir hans stjórn.

Lowing fer orðið: „Þorvaldur sá til þess að sjálfstraustið var alltaf mikið. Hann gaf okkur frelsi til að spila og við vissum að þetta væri bara tímaspursmál. Svo þegar að Sam og Steven komu þá fengum við þetta litla sem vantaði upp á.“

> „Ég fór til Brentford og síðustu átján mánuðirnir þar voru ömurlegir. Ég hataði æfingarnar og hlakkaði aldrei til að spila leikina.
>
> SAM TILLEN
> LEIKMAÐUR FRAM

Tillen tekur undir þetta. „Ég fékk aftur ástríðu fyrir fótboltanum hjá Fram. Mér líður eins og ég sé 10-11 ára gamall á nýjan leik og get ekki beðið eftir næstu æfingu eða leik. Um það á fótboltinn að snúast.“

Tillen býr hér á landi en þeir Hewson, Lowing og Lennon snúa nú aftur til síns heima en koma aftur í nóvember þegar undirbúningstímabilið hefst.

„Það verður ný reynsla og mjög ólíkt því sem ég þekki,“ sagði Lowing um tilhugsunina við sex mánaða undirbúningstímabil um hávetur á Íslandi. „En ég óttast ekkert þá tilhugsun og hlakka til að upplifa eitthvað nýtt.“

eirikur@frettabladid.is





Allt í myrkri?

Snemma morguns dreifa um 450 blaðberar pósti og Fréttablaðinu heim til lesenda.

Til að tryggja öryggi blaðbera og dreifingu þarf lýsing að vera til staðar og aðkoma að póstlúgu í lagi.

Höfum útiljósin kveikt.

Með fyrirfram þökk,

Póst dreifing

Sími: 585 8300 www.postdreifing.is


Óskar Pétursson hélt Grindavík uppi og er leikmaður lokaumferðarinnar:

# Ég var tíu kílóum léttari í fyrra

**FÓTBOLTI** „Ég skil ekki alveg þessa umræðu um að ég sé búinn að grenna mig svona mikið. Ég var tíu kílóum léttari í fyrra. Þá var ég orkulaus tannstöngull. Ég er búinn að massa mig nokkuð upp síðan þá og er í allt öðru og betra formi,“ segir Óskar Pétursson, markvörður Grindavíkur, en hann er leikmaður lokaumferðar Pepsi-deildarinnar hjá Fréttablaðinu.

**Lið umferðarinnar**

| | |
|---|---|
| Óskar Pétursson | Grindavík |
| Halldór Kristinn Halldórsson | Valur |
| Ólafur Örn Bjarnason | Grindavík |
| Skúli Jón Friðgeirsson | KR |
| Halldór Hermann Jónsson | Fram |
| Hilmar Geir Eiðsson | Keflavík |
| Ólafur Páll Snorrason | FH |
| Kristinn Steindórsson | Breiðablik |
| Arnar Már Björgvinsson | Breiðablik |
| Atli Viðar Björnsson | FH |
| Albert Brynjar Ingason | Fylkir |

Óskar fór á kostum í marki Grindavíkur í Eyjum og varði meðal annars víti frá Tryggva Guðmundssyni. Óskar hefur hagað sínum undirbúningi öðruvísi í sumar en oft áður. Lagt meira á sig og það hefur skilað sér.

„Ég tók sjálfan mig í gegn og fylltist meiri metnaði en áður. Loksins áttaði ég mig á því að þetta kemur ekki af sjálfu sér. Ég hef alltaf unnið mikið með fótboltanum en ég tók mér frí frá vinnu í sumar. Fór að þjálfa í stað þess að vera í verkamannavinnu. Þá gat ég æft meira og ég var að æfa í svona tvo og hálfan tíma á dag.“

Frammistaða Óskars í sumar hefur ekki farið fram hjá forráðamönnum annarra liða og einhver lið munu eflaust bera víurnar í þennan 22 ára gamla markvörð.

„Ég hef heyrt ýmislegt út undan mér en ekki fengið nein símtöl sjálfur,“ segir Óskar en hann útilokar ekki að hann reyni fyrir sér á nýjum vígstöðvum þó svo hann sé enn samningsbundinn Grindavík. „Mér líður vel í Grindavík en ég þarf að sjá til. Nú verður sest niður og hugsað um framtíðina og hvað sé best að gera.“

- hbg



**HETJA GRINDAVÍKUR** Óskar fagnar hérna áframhaldandi úrvalsdeildarsæti í Vestmannaeyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR PÉTUR



BJARNI JÓHANNSSON Er á stöðugri uppleið með Stjörnuna og verður áfram þjálfari hjá félaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Stjörnumenn ætla sér stærri hluti næsta sumar á nýju og betra gervigrasi:

# Bjarni mun stýra Stjörnunni áfram

**FÓTBOLTI** „Bjarni er samningsbundinn Stjörnunni og það er gagnkvæmur vilji af beggja hálfu að hann verði áfram. Það er því nokkuð ljóst að hann verður áfram þjálfari liðsins," segir Almar Guðmundsson, formaður knattspyrnudeildar Stjörnunnar. Stjarnan kom af öllum liðum mest á óvart í sumar og náði sínum besta árangri í efstu deild.

„Það er svolítið önnur staða hjá okkur núna. Við erum búnir að festa okkur í sessi í efstu deild og farnir að klóra í toppliðin. Auðvitað viljum við blanda okkur í slaginn næsta sumar. Við erum að fara yfir samningamál leikmanna núna og svo munum við huga að styrkingu," segir Almar en Daníel Laxdal hefur þegar framlengt við félagið og Stjarnan vonast til þess að festa aðra lykilmenn til lengri tíma.

Danirnir Jesper Jensen og Nikolaj Pedersen verða líklega báðir áfram hjá félaginu að sögn Almars.

„Til þess að geta tekið næsta skref þá þurfum við að styrkja okkur. Það er alveg ljóst. Við verðum engu að síður að vera skynsamir í okkar aðgerðum. Ég geri ráð fyrir að við munum reyna fyrir okkur fyrst á markaðnum hér heima áður en við skoðum erlenda leikmenn," segir Almar, en það verður líklega auðveldara fyrir Stjörnuna að laða til sín erlenda leikmenn núna.

Bæði er liðið búið að sanna sig sem eitt besta lið landsins og svo verður komið nýtt og betra gervigras á völlinn. Grasið sem lagt var á völlinn árið 2004 er úr sér gengið fyrir nokkru en grasið sem spilað verður á næsta sumar er allt annað og betra. - hbg



GUNNAR GUÐMUNDSSON Er undir smásjá Fylkismanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fylki vantar þjálfara:

# Hafa áhuga á Gunnari

**FÓTBOLTI** Gunnar Guðmundsson, þjálfari U-17 landsliðs karla og fyrrum þjálfari HK, er samkvæmt heimildum Fréttablaðsins einn þeirra þjálfara sem forráðamenn Fylkis hafa augastað á.

Þórður Gíslason, formaður meistaraflokksráðs félagsins, vildi ekki staðfesta þetta í samtali við Fréttablaðið og sagði að margir þjálfarar kæmu til greina í starfið. Páll Einarsson hefur einnig verið orðaður við starfið.

Ólafur Þórðarson hefur þjálfað Fylki undanfarin þrjú ár en ákveðið var að semja ekki við hann á ný. Hann er nú tekinn við sem þjálfari Víkings, sem féll í 1. deildina.

Gunnar stýrði liði HK frá 2004 til 2008 en þjálfaði þar áður lið Leifturs/Dalvíkur og Leiknis á Fáskrúðsfirði. Hann hefur undanfarin ár stýrt U-17 liði karla. - esá



ÓLAFUR KRISTJÁNSSON Er samningsbundinn Blikum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þjálfaramál Breiðabliks:

# Blikar vilja halda Ólafi

**FÓTBOLTI** Stjórn knattspyrnudeildar Breiðabliks mun setjast niður með Ólafi Kristjánssyni í dag og ræða framtíðina.

Ólafur skrifaði undir nýjan samning við Blika fyrir tímabilið og einhugur er innan stjórnar um að halda Ólafi sem þjálfara liðsins.

„Ólafur hættir ekki að vera besti þjálfari á Íslandi þó svo að illa hafi gengið í sumar," sagði Einar Kristján Jónsson, formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks.

„Þetta sumar var lærdómsríkt fyrir okkur og við verðum að læra af því." - hbg




> **Stöð 2 kl. 20.40**
**Mike & Molly**

Stórskemmtilegir rómantískir gamanþættir sem slegið hafa í gegn í Bandaríkjunum. Mike og Molly eru að hefja samband en Molly skilur ekki hvers vegna Mike hafnar boði hennar um að koma með henni inn eftir þriðja stefnumótið þeirra.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS ÞORLÁKUR LÚÐVÍKSSON RIFJAR UPP

# Kviksyndi netheima

Sjónvarpsþættirnir Vesturálman eru í hópi uppáhaldssjónvarpsþátta þess sem hér skrifar. Nýverið tók ég upprifjun á nokkrum gömlum góðum þáttum og fann þar ansi skemmtilega ádeilu á netumræðu sem ég var búinn að gleyma.

Í þætti úr þriðju þáttaröð kemst Josh Lyman, aðstoðarstarfsmannastjóri Hvíta hússins, að því að til er aðdáendasíða tileinkuð honum á netinu. Á síðunni, lemon-lyman.com, er að finna spjallborð þar sem rætt er um líf og störf Josh, yfirleitt af aðdáun en stundum með gagnrýnum augum. Þar rekur Josh augun í ýmsar rangfærslur um störf sín og ákveður að svara þeim þrátt fyrir mótmæli frá aðstoðarkonu sinni. Hann heilsar aðdáendum sínum, hrósar þeim fyrir áhuga á stjórnmálum og leiðréttir svo rangfærslurnar. Fólkið á internetinu tekur athugasemdum Josh hins vegar ekkert voðalega vel og ræðst ítrekað að honum fyrir ummæli sín. Hann ákveður að skýra upphaflegar athugasemdir sínar en fyrr en varir er hann komin ofan í holu þar sem hver athugasemd virðist einungis æsa upp geðveiki aðdáendanna sama hvað staðreyndum líður. Þátturinn endar á því að upplýsingafulltrúi Hvíta hússins kemst að umræðum Josh á netinu og hótar því að troða móðurborði þangað sem fólk vill ekki fá það ef hann skrifar aftur á síðuna.



Stundum finnst mér stjórnmálaumræðan á netinu á Íslandi vera svona.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Þjóðlagahátíðin á Siglufirði 2011 **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hraunfólkið **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.00 Íslenski boltinn** (e)
**16.40 Leiðarljós**
**17.25 Tóti og Patti** (26:52)
**17.35 Þakbúarnir** (25:52)
**17.47 Skúli skelfir** (8:52)
**17.58 Jimmy Tvískór** (18:26)
**18.20 Táknmálsfréttir**
**18.30 Laus og liðugur** (7:20)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 360 gráður** Íþrótta- og mannlífsþáttur þar sem skyggnst er inn í íþróttalíf landsmanna og rifjuð upp gömul atvik.
**20.40 Svona á ekki að lifa** (2:6) (How Not to Live Your Life) Bresk gamanþáttaröð um ungan og taugaveiklaðan einhleypan mann með fjörugt ímyndunarafl sem á erfitt með að fóta sig í lífinu.
**21.15 Djöflaeyjan** Fjallað verður um leiklist, kvikmyndir og myndlist með upplýsandi og gagnrýnum hætti.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Njósnadeildin** (5:8) (Spooks IX) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.15 Anna Pihl** (4:10) (Anna Pihl) (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Beverly Hills Cop**
**10.00 Naked Gun 2½: The Smell of Fear**
**12.00 Red Riding Hood**
**14.00 Beverly Hills Cop**
**16.00 Naked Gun 2½: The Smell of Fear**
**18.00 Red Riding Hood**
**20.00 Little Nicky**
**22.00 Death Proof**
**00.00 Prom Night**
**02.00 Friday the 13th**
**04.00 Death Proof**
**06.00 Tropic Thunder**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (46:175)
**10.15 Extreme Makeover: Home Edition** (18:25)
**11.00 Hot In Cleveland** (1:10)
**11.25 Wonder Years** (14:23)
**11.50 Monk** (13:16)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 American Idol** (28:39)
**14.00 American Idol** (29:39)
**14.45 Sjáðu**
**15.15 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (2:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Næturvaktin**
**19.50 Ástríður** (6:12)
**20.20 Two and a Half Men** (8:16)
**20.40 Mike & Molly** (4:24) Gamanþættir sem fjalla um tvo einstaklinga sem kynnast á fundi fyrir fólk sem glímir við matarfíkn.
**21.05 Terra Nova** Glæný og spennandi ævintýraþáttaröð úr smiðju Steven Spielberg um venjulega fjölskyldu sem fær að að taka þátt í mikilvægu tilraunaverkefni sem gæti bjargað mannkyninu.
**21.50 Injustice** (2:2)
**23.30 Daily Show: Global Edition**
**23.55 Borgarilmur** (6:8)
**00.30 Cougar Town** (11:22)
**00.55 Hawthorne** (4:10)
**01.40 True Blood** (10:12)
**02.35 Satisfaction** (3:10)
**03.25 NCIS: Los Angeles** (23:24)
**04.10 Nip/Tuck** (15:19)
**04.55 The Simpsons** (2:22)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.40 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**18.10 Þýski handboltinn: Bergischer - Hamburg** BEINT
**19.50 Spænsku mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
**20.45 Keflavík - Þór**
**22.35 Pepsi mörkin** Farið yfir öll helstu atvikin í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
**00.30 Þýski handboltinn: Bergischer - Hamburg**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**14.25 Everton - Liverpool**
**16.15 Wigan - Aston Villa**
**18.05 Premier League Review 2011/12** Þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir.
**19.00 Bolton - Chelsea**
**20.50 Tottenham - Arsenal**
**22.40 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans.
**23.10 Man. Utd - Norwich**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** (126:175)
**20.15 Grey's Anatomy** (23:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Love Bites** (8:8)
**22.35 Injustice** (1:2) Fyrri hluti framhaldsmyndar um vináttu, samsæri, svik og morð.
**00.15 Næturvaktin**
**00.45 Ástríður** (6:12)
**01.10 Týnda kynslóðin** (7:40)
**01.40 Grey's Anatomy** (23:24)
**02.25 The Doctors** (126:175)
**03.05 Sjáðu**
**03.30 Fréttir Stöðvar 2**
**04.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.30 Parenthood** (7:22) (e)
**17.20 Rachael Ray**
**18.05 Got to Dance** (6:21) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (14:50) (e)
**19.20 Rules of Engagement - OPIÐ** (13:13) (e)
**19.45 Will & Grace - OPIÐ** (17:24)
**20.10 Outsourced** (4:22)
**20.35 The Marriage Ref** (6:10)
**21.25 Nýtt útlit** (4:12) Þau Jóhanna, Hafdís og Ási aðstoða ólíkt fólk að ná fram sínu besta í stíl og útliti.
**21.55 Nurse Jackie - NÝTT** (1:12) Hjúkrunarfræðingurinn og pilluætan Jackie snýr loks aftur eftir sumarfrí. Eftir að Kevin og O'Hara skárust í leikinn og hófu inngrip í hegðun Jackie, hefur samband þeirra þriggja versnað til muna.
**22.25 United States of Tara - NÝTT** (1:12) Bandarísk þáttaröð um venjulega húsmóður með alvarlega persónuleikaröskun. Í þessum fyrsta þætti hefur Max miklar áhyggjur af því að Tara ætlar að snúa aftur í háskólanám til að ljúka við háskólagráðu.
**22.55 Jimmy Kimmel**
**23.40 Tobba** (2:12) (e)
**00.10 CSI: New York** (16:22) (e)
**01.00 Leverage** (14:16) (e)
**01.45 Smash Cuts** (35:52) (e)
**02.05 Will & Grace** (17:24) (e)
**02.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Justin Timberlake Open (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** Justin Timberlake Open (1:4) **14.30** Alfred Dunhill Links Championship (1:4) **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights (35:45) **19.45** Alfred Dunhill Links Championship (2:4) **22.00** Golfing World **22.50** The Open Championship Official Film 2011 (1:1) **23.50** ESPN America

## N4

**18.15** Að norðan **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## BBC entertainment

**12.00** ,Allo ,Allo! **12.30** ,Allo ,Allo! **12.55** The Inspector Lynley Mysteries **13.45** The Inspector Lynley Mysteries **14.30** Keeping Up Appearances **15.00** Keeping Up Appearances **15.30** ,Allo ,Allo! **16.00** ,Allo ,Allo! **16.25** Fawlty Towers **17.00** Fawlty Towers **17.35** The Inspector Lynley Mysteries **18.25** The Inspector Lynley Mysteries **19.10** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** QI **21.15** Gavin & Stacey **21.50** Skavlan **22.45** The Graham Norton Show **23.30** Top Gear **00.25** The Graham Norton Show

## DR 1

**09.30** Folketingets åbning **11.05** Vores Liv. Bidt af naturen **11.35** Aftenshowet **12.30** Snapshot. Rasmus Seebach **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Kommissær Wycliffe **14.00** Benjamin Bjørn **14.15** Stor & Lille **14.30** Lille Nørd **15.00** Hercule Poirot **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv: Skattejægerne **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Hammerslag **18.30** Bonderøven **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Wallander. Cellisten **21.30** Borgen

## NRK 1

**11.35** Urix **12.00** Nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Migrapolis **13.00** Nyheter **13.10** Dallas **14.00** Nyheter **14.10** Matador **15.00** Nyheter **15.10** Tingenes tilstand **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Ut i naturen: Magasin **18.15** Folk **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Brennpunkt **20.30** Folk i farta **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket **21.45** Elskerinner **22.45** Lindell: Drømmefangeren

## svt1

**10.15** Moraeus med mera **11.15** Skavlan **12.15** Moln över Hellesta **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** Barn till varje pris? **15.25** Flugor **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Vem tror du att du är? **19.00** Landet Brunsås **19.30** Hübinette **20.00** Dox **21.40** Modellagenturen **22.30** Rapport **22.35** National Security **00.00** Rapport **00.05** Stulen identitet **00.55** En andra chans

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# MIÐSTÆRÐ Á 1.000 KR.

# MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM. EF ÞÚ SÆKIR

dominos.is




stefánsson & stefánsson

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er Happ fyrir hádegisverðinn og Pisa fyrir kvöldverðinn.“*

Ísold Uggadóttir kvikmyndagerðarkona.

# Ási í Smekkleysu í klóm Nígeríusvindlara

„Þetta er fyrst og fremst óþægilegt. Ég veit ekki hvort það verða einhverj eftirmál af þessu,“ segir Ásmundur Jónsson, útgáfustjóri Smekkleysu.

Óprúttnir aðilar brutust inn í pósthólfið hans á dögunum og sendu út falskan póst undir hans nafni þar sem óskað var eftir fjárframlögum. Ástæðan var sú að Ásmundur átti að hafa verið í ferðalagi í Madríd á Spáni og hafði tapað öllum farangrinum sínum, þar á meðal peningunum. „Þeir hjá Google tengja þetta við IP-lausa tölvu í Nígeríu,“ segir Ásmundur, sem hafði einnig samband við lögregluna vegna málsins.

Þetta er í fyrsta sinn sem hann fær heimsókn sem þessa inn í pósthólfið sitt og óskar engum að lenda í slíku. „Maður hefur fengið vírusa. Ég hef verið með „makka“ sem hafa verið lausir við þetta en þá fékk ég þessa þvílíku heimsókn. Ég sendi Google póst og þar kom þessi „melding“ til baka um að líklega hafi verið ráðist inn í hólfið.“ Aðspurður segist Ásmundur sem betur fer ekki vita til þess að nokkur hafi látið glepjast af póstinum sem var sendur í hans nafni. „Þetta er raunveruleiki heimsins. Það er fullt af lögbrotum í gangi, eins og við þekkjum vel úr tónlistarbransanum. Það er lykilatriði í mínum huga að löggjafinn virðist því miður hafa átt erfitt með að eiga við brot í netheimum. Það er mjög knýjandi verkefni í framtíðinni að leysa þau mál.“

- fb



**ÓÞÆGILEGT** Ásmundur Jónsson segir það hafa verið óþægilegt þegar brotist var inn í pósthólfið hans.




GRÉTAR SIGFINNUR: SIGURGLEÐI KR-INGA FER Í FRAMLENGINGU

# Leikmenn KR í hlutverki barþjóna á sigurhátíðinni

„Ég hef nú sagt það við menn á förnum vegi að nú hafi ég aðeins opið tvo daga á ári; þegar KR verður bikarmeistari og svo Íslandsmeistari,“ segir Hafsteinn Egilsson, vert á Rauða ljóninu.

Gleðin draup af hverju strái í Vesturbænum á laugardagskvöldið þegar KR-ingar fögnuðu glæsilegu gengi í sumar. Liðið varð bæði Íslands- og bikarmeistari og því ljóst að stuðningsmennirnir, sem eru meðal þeirra kröfuhörðustu í íslenska boltanum, fengu nánast allar sínar óskir uppfylltar.

Hátt í tvö þúsund manns máluðu Eiðistorgið í svörtum og hvítum litum á laugardagskvöldinu, tekið var á móti liðinu með 25 blysum og allur skarinn söng í einum kór: „Fimm stjörnu klúbbur“, en KR-ingar urðu Íslandsmeistarar í 25. sinn og hafa því uppskorið fimm stjörnur á búning sinn. „Það voru allir rosalega kátir og ekkert vesen, engin slagsmál eða nein leiðindi,“ segir Hafsteinn, sem hefur notið góðs af því að vera hæstráðandi á aðalkrá KR-inga í sumar eftir nokkra eyðimerkurgöngu. Slík var gleðin að allt „bland“ kláraðist á barnum og þurfti vertinn því að fara nokkrar ferðir í Hagkaup til að kaupa meira af slíkum drykkjum. „Ég reiknaði ekki með öllum þessum orkudrykkjum, unga liðið drakk hann út í vodka,“ segir Hafsteinn, en eldra liðið hélt sig á kunnuglegum slóðum og sötraði gin og tónik.

Slíkur var atgangurinn við barinn að nokkrir leikmenn tóku sér stöðu hinum megin víglínunnar en fremstir þar í flokki voru varnartröllið Grétar Sigfinnur Sigurðsson og miðjumaðurinn Viktor Bjarki Arnarsson. „Þetta var bara eitthvað sem vatt upp á sig,“ segir Grétar, en hann afgreiddi drykki af mikilli list í klukkutíma. „Það var svo mikið að gera og mig vantaði afgreiðslu þannig að ég hjálpaði mér bara sjálfur, sem endaði með klukkutíma vinnu.“ Varnartröllið gerir þó lítið úr hæfileikum sínum sem barþjónn og telur að liðsfélagi sinn Viktor Bjarki myndi sóma sér betur í því hlutverki.

Grétar segir það af og frá að fögnuðinum sé lokið. Í gær, þegar Fréttablaðið ræddi við hann, sagði hann að nú væri aðeins „þriðji í meistara“ og menn ætluðu sér að njóta sigurvímunnar. „Við ætlum að fara á októberhátíðina á KEX í kvöld og annað kvöld til að sýna Pétri Marteins bikarinn og horfa svo á Ásgeir Sigurvinsson drekka fyrsta bjórinn. Menn fagna síðan eitthvað út þessa viku.“

freyrgigja@frettabladid.is







**2.000 MANNS**

Mikil gleði ríkti á Eiðistorgi á laugardagskvöldið þegar **KR-ingar** fögnuðu bæði bikar- og Íslandsmeistaratitli og hátt í tvö þúsund manns sungu sigursöngva. Slíkur var fögnuðurinn að **Hafsteinn Egilsson**, vertinn á Rauða ljóninu, fékk óvænta aðstoð á barnum þegar **Grétar Sigfinnur Sigurðsson** og Viktor Bjarki Arnarsson hlupu undir bagga og aðstoðuðu við afgreiðslu.

# Á háum hælum við Kleifarvatn

„Þetta gekk ágætlega, svona miðað við veður,“ segir Sara Nassim, framleiðandi hjá Pegasus. Fyrirtækið var bresku stúlknasveitinni The Saturdays innan handar um helgina þegar þær tóku upp myndband við nýjasta smell sinn, My Heart Takes Over, hér á landi.

Breskir fjölmiðlar fylgja hverju fótmáli stelpnanna og vefútgáfa Daily Mail birti myndir af þeim í Heathrow-flugstöðinni þar sem þær voru nýkomnar heim eftir heimsóknina til Íslands. Þar má meðal annars sjá eina af aðalstjörnum sveitarinnar, Frankie Sandford, með Epal-poka en við hlið hennar var kærastinn, Wayne Bridge, knattspyrnumaður hjá Manchester City.

Að sögn Söru fóru tökur mestmegnis fram við Kleifarvatn og næsta umhverfi. „Þetta voru mjög erfiðar aðstæður, þær voru stíliseraðar fram á fingurgómana, klæddar í pils og háhælaða skó en stóðu sig eins og hetjur. Þær voru algjör hörkutól,“ segir Sara en The Saturdays gafst ekki mikill tími til að skoða sig um enda var unnið frá morgni til kvölds. „Þær höfðu engan tíma til að kíkja eitthvað út.“

The Saturdays er spáð miklum frama og í gær greindu breskir fjölmiðlar frá því að sveitin hefði samið við bandarísku sjónvarpsstöðina E! um gerð raunveruleikaþáttar og er talið að sá samningur eigi eftir að greiða götu sveitarinnar að Bandaríkjamarkaði sem hefur reynst mörgum torsóttur.

- fgg



**HÖRKUTÓL** Stúlkurnar í The Saturdays sýndu af sér mikla hörku þegar þær klæddust litlum pilsum og háhæluðum skóm við Kleifarvatn um helgina þegar haustlægðir börðu á höfuðborgarsvæðinu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Voltaren Dolo

## - nú helmingi sterkara en áður!




### Hvað er það?

- Verkjastillandi
- Bólgueyðandi
- Hitalækkandi

### Hvernig virkar það?

- Dregur úr verkjum innan hálftíma
- Verkjastillandi áhrif í allt að 6 klst.
- Voltaren Dolo 25 mg er lítil tafla, sem auðvelt er að gleypa.

### Við hverju?

- Vöðva- og liðverkjum
- Kvefi og inflúensueinkennum, eins og hita og höfuðverk
- Höfuðverk
- Tíðaverkjum
- Tannpínu

Voltaren

NJÓTUM ÞESS AÐ HREYFA OKKUR

***Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli.***

Voltaren Dolo® inniheldur 25mg kalíumdíklófenak. Notað við vægum verkjum eins og höfuðverk, tannverk, tíðaverk, gigt- og bakverk. Upphafsskammtur er 1 tafla, en síðan 1 tafla á 4-6 klukkustunda fresti, þó mest 3 töflur (75 mg) á sólarhring. Að hámarki 3 sólarhringar. Gæta skal varúðar hjá þeim sem eru með magasár. Einstaklingar sem eru með ofnæmi fyrir acetýlsalicýlsýru eða öðrum innihalds efnum eiga ekki að nota lyfið. Lyfið má ekki nota samhliða blóðþynnandi lyfjum, þvagræsilyfjum og lyfjum sem innihalda litíum, nema samkvæmt fyrirmælum læknis. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Ef þú ert með barn á brjósti máttu eingöngu nota Voltaren Dolo í samráði við lækni. Börn yngri en 14 ára mega ekki nota Voltaren Dolo. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healtcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Engin stjörnumeðferð

Danski leikarinn **Ulrich Thomsen** fagnaði að loknum dómnefndarstörfum sínum á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík með því að skella sér út á lífið um helgina. Thomsen mætti á Kaffibarinn og vatt sér beint í hina margfrægu VIP-röð sem ætluð er stjörnum bæjarins og öðrum sem telja sig eiga erindi inn á undan öðrum. Dyravörður staðarins var ekki á því að hleypa Thomsen inn í gegnum VIP-röðina og lét hann húka skömmustulegan meðal pöpulsins í hinni röðinni. Sá sem stóð í hurðinni þetta kvöld var Baltasar Breki Baltasarsson, sonur kvikmyndagerðarmannsins geðþekka.



### Blautt dansgólf í Höllinni

Laugardalshöllin stútfylltist af vongóðum dönsurum á laugardaginn þegar prufur fóru fram fyrir þáttinn Dans Dans Dans. Einn af þeim sem freistuðu gæfunnar var tónlistarmaðurinn **Júlí Heiðar Halldórsson**. Júlí Heiðar komst áfram, ásamt dansdömu sinni, Telmu Rut Sigurðardóttur, og eiga þau því eftir að dansa fyrir sjónvarpsáhorfendur í byrjun nóvember. Júlí Heiðar gerði garðinn frægan fyrir nokkrum misserum með laginu Blautt dansgólf og því má ekki ólíklegt telja að dansarinn hafi skilið eftir blautt dansgólf í Laugardalshöll um helgina. Þeir dansarar sem komust áfram í keppninni hafa þegar verið settir í fjölmiðlabann og mega því ekki tjá sig um keppnina fyrr en henni lýkur í desember.

**- hdm, áp**



## Mest lesið vísir

1 Tekin tvisvar dópuð undir stýri með barnið í bílnum
2 Fundu líkamsklukkugenið
3 70 hættu að styrkja í september
4 Minnihluti undrast starfslokin
5 Dolfallnir yfir ræðu forsetans
6 Neyddu sjósundkappa á spítala

Okkar hlutverk er að dreifa
fjölpósti, blöðum, tímaritum, bréfum og vörum.
Póstdreifing
Sími 585 8300 - www.postdreifing.is

# Eitt það besta í svefnherbergið



## Gerið GÆÐA- og verðsamanburð

12 mánaða vaxtalausar greiðslur



### IQ-CARE*

**Ein besta heilsudýna í heimi,** hábróuð þrýstijöfnunarheilsudýna, með 7 svæðaskiptum svefnfleti, mjúk og þægileg við axlasvæði, veitir góðan stuðning við lágbakssvæði, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa við

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 90x200 | 144.900 kr. |
| 100x200 | 149.900 kr. |
| 120x200 | 164.900 kr. |
| 140x200 | 179.900 kr. |
| 153x203 | 179.900 kr. |
| 160x200 | 199.900 kr. |
| 180x200 | 229.900 kr. |
| 180x210 | 249.900 kr. |
| 193x203 | 259.900 kr. |




**Verðdæmi**

**PROFLEX**
2x90x200 399.900 kr.
**BOARD Wallhugger**
2x90x200 549.900 kr.
**SCAPE Wallhugger**
2x90x200 699.900 kr.
**PRODIGY**
2x90x200 799.900kr.

### STILLANLEG RÚM

Mikið úrval af stillanlegum rúmum



### ÞÓR*

**Hágæða heilsudýna**
7 svæðaskipt tvöfalt pokagormakerfi með góðum lágbaksstuðningi og mýkra og betra axlasvæði. Vönduð yfirdýna með 4cm þrýstijöfnunarefni og eggjabakka. Vandaðar steyptar kantstyrkingar sem fullkomna nýtingu á svefnfleti, þarf aldrei að snúa við

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 100x200 | 104.900 kr. |
| 120x200 | 124.900 kr. |
| 140x200 | 139.900 kr. |
| 153x203 | 149.900 kr. |
| 160x200 | 154.900 kr. |
| 180x200 | 174.900 kr. |
| 180x210 | 189.900 kr. |
| 193x203 | 199.900 kr. |



### FREYJA / SAGA*

**Hágæða heilsudýna**
7 svæðaskipt pokagormakerfi með góðum lágbaksstuðningi og mýkra og betra axlasvæði. Vönduð yfirdýna með 4cm þrýstijöfnunarefni og eggjabakka. Vandaðar steyptar kantstyrkingar sem fullkomna nýtingu á svefnfleti, þarf aldrei að snúa við

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 90x200 | 89.900 kr. |
| 100x200 | 94.900 kr. |
| 120x200 | 109.900 kr. |
| 140x200 | 119.900 kr. |
| 153x203 | 129.900 kr. |
| 160x200 | 134.900 kr. |
| 180x200 | 149.900 kr. |
| 180x210 | 159.900 kr. |
| 193x203 | 169.900 kr. |

*Öll verð með íslenskum botni og fótum




Svefn & heilsa
www.svefn.is




Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00